



skoðun 14

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt





Sumarið er yndislegt!



ÍSAFOLDAR
PRENTSMIÐJA
www.isafold.is - Sími 595 0300

FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

ÞRIÐJUDAGUR

22. júní 2010 — 144. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000



## Suð á vellinum

*Vuvuzela-lúðrarnir eru komnir á íslensku vellina.*

**fólk** 30

## Fjölbreytt viðfangsefni

*A-klúbburinn heldur sína fyrstu ljósmyndasýningu.*

**tímamót** 18

Verjum Ferðafrelsið
Fylgir Fréttablaðinu
Skoðaðu fallegar ferðaleiðir sem á að loka

**veðrið í dag**





**VÍÐAST SKÝJAÐ** í dag verður yfirleitt austan 3-8 m/s og skýjað en fer að rigna S- og SV-lands síðdegis. Hiti 10-18 stig, mildast SV-lands.

**veður** 4

létt&laggott
er komið í nýjan búning







**ALÞJÓÐLEGI HJÓLABRETTADAGURINN** Haldið var upp á alþjóðlega hjólabrettadaginn víðs vegar um heiminn í gær. Íslenskt hjólabrettafólk lét ekki sitt eftir liggja og sameinaðist í hjólabrettaferð niður Skólavörðustíginn í tilefni dagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ekkert samráð verið haft um skattamál

**Ekki hefur enn verið skipuð samráðsnefnd með starfshópi um skattanefnd. Menn hafa ekki tilnefnt í hópinn segir fulltrúi forsætisráðherra. Hljómar eins og búið sé að ákveða tillögurnar segir formaður SA. Fyrstu skil verða 15. júlí.**

**EFNAHAGSMÁL** Starfshópur fjármálaráðherra um breytingar á skattkerfinu hefur ekki enn hitt samráðshóp hagsmunaaðila um málið, þrátt fyrir að hafa verið starfandi í tvo mánuði. Hópurinn á að skila áfangaskýrslu eftir rúmar þrjár vikur, 15. júlí.

Hópurinn var skipaður 19. apríl og skal hann móta og setja fram heildstæðar tillögur um breytingar og umbætur á skattkerfinu. Allir fulltrúar voru ráðherraskipaðir og Maríanna Jónasdóttir, starfsmaður fjármálaráðuneytisins, veitir honum formennsku. Þá starfar Indriði H. Þorláksson með hópnum.

Samhliða starfshópnum skyldi skipuð samráðsnefnd með fulltrúum vinnumarkaðarins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Samtaka fjármálafyrirtækja og þingflokkum allra flokka sem yrði vettvangur upplýsingamiðlunar og skoðanaskipta fyrir starfshópinn.

Samtök atvinnulífsins (SA) skipuðu fulltrúa í hópinn fyrir nokkru. Vilhjálmur Egilsson, formaður samtakanna, segir enga fundi hafa verið boðaða. „Þetta hljómar eins og menn séu búnir að ákveða hvað lagt verður til,“ segir hann og óttast að lítið samráð verði haft. Önnur samtök hafa einnig tilnefnt sína fulltrúa. ASÍ dró sinn mann úr nefndinni fyrir allnokkru.

Einn heimildarmanna blaðsins sagði hagsmunaaðila hafa sóst árangurslaust eftir fundi frá miðjum maí.

„Við höfum ekki enn hitt samráðshópinn enda ýmsir ekki enn búnir að skipa sína fulltrúa í hann,“ segir Hrannar B. Arnarsson, fulltrúi forsætisráðherra í hópnum. Hann segist eiga von á því að allt verði klárt í næstu viku og þetta komi ekki niður á starfinu. Ekki náðist í formann starfshópsins við vinnslu fréttarinnar.

„Ég man ekki eftir að hafa fengið erindi um að tilnefna í hópinn,“ segir Gunnar Bragi Sveinsson, formaður þingflokks Framsóknarflokksins. Hann segist hafa ádrátt um að erindið hafi verið sent Siv Friðleifsdóttur, en það ekki borist henni. Siv hætti sem þingflokksformaður fyrir rúmu ári. Gunnar Bragi segir að þingflokkurinn muni tilnefna sinn fulltrúa þegar þing kemur saman á fimmtudag.

**- kóp, jab**

Aukin aðstoð við fatlaða:

## Stórt skref í baráttunni

**HEILSA „Markmið miðstöðvarinnar er að gera fötluðu fólki kleift að lifa við sömu aðstæður og ófatlað fólk,“ segir Freyja Haraldsdóttir, stjórnarmaður í NPA-miðstöðinni, en stórt skref í réttindabaráttu fatlaðs fólks á Íslandi var stigið í síðustu viku þegar miðstöð um notendastýrða persónulega aðstoð var stofnuð.**

**- mmf / sjá Allt**

MEST SELDI
PRÓTEINDRYKKUR
Á ÍSLANDI



HLEÐSLA
ÍÞRÓTTADRYKKUR
100% HÁGÆÐA MYSUPRÓTEIN

Pizza toppur
ÞEKKING • REYNSLA • GÆÐI
Osta HÚSIÐ
STOFNAÐ 1992
www.ostahusid.is
Rífandi góður á:
Pastaréttinn
Pizzuna
Ofnréttinn
Tvær pakkningar í einni: 2x90g



## SPURNING DAGSINS



*Kristín, þurfið þið þá ekki lengur að læðast með veggjum?*

„Nei, vonandi hættir fólk að mála skrattann á vegginn.“

Kristín Þorláksdóttir er í hópi ungra veggjalistamanna sem fengu á dögunum styrk frá samtökunum Evrópa unga fólksins til að ferðast um landið og kynna veggjalist. Hún vill með kynningarstarfinu afmá fordóma í garð veggjalistar.

Mikill ágreiningur aðildarþjóða Alþjóðahvalveiðiráðsins á fundi í Marokkó:

# Opnum fundum frestað og reynt að semja

**SJÁVARÚTVEGUR** Anthony Liverpool, varaformaður Alþjóðahvalveiðiráðsins, frestaði opnum fundum á ársfundi ráðsins í tvo daga, nokkrum mínútum eftir að fundurinn var settur í Marokkó í gær. Þess í stað funduðu aðildarríkin í lokuðum rýmum til að reyna að ná samkomulagi.

Þetta fyrirkomulag hefur verið harðlega gagnrýnt og vísuðu sumir fundargesta til viðræðna um kjarnorkuáætlun Norður-Kóreu; þær hefðu verið haldnar fyrir opnum tjöldum og varla væru hvalveiðar viðkvæmara mál. Liverpool, sem stýrir fundinum í fjarveru formannsins, stóð fastur við sinn keip.

Deilan snýst um hvort gefa eigi út hvalveiðikvóta fyrir ríki á borð við Ísland, Noreg og Japan, gegn því að sett verði tíu ára bann á viðskipti með hvalafurðir á milli ríkja. Til að flækja málin enn frekar hefur Suður-Kórea sóst eftir að fá einnig að veiða hvali.

Tómas H. Heiðar, fulltrúi Íslands í ráðinu, sagði í samtali við BBC að hann hefði verið bjartsýnn þegar hann kom til ráðstefnunnar. Nú væri hins vegar ljóst að sum ríki vildu ekkert gefa eftir. Ísland myndi aldrei skrifa undir samning sem ekki hefði í för með sér tilslakanir gagnvart hvalveiðum.

Samkvæmt áætlun á fundinum í Marokkó að ljúka á föstudag. **- kóp**



**ÓSAMMÁLA** Fulltrúar Nýja-Sjálands, þeir Murray McCully utanríkisráðherra og Geoffrey Palmer ræða við Yasue Funayama, sjávarútvegsráðherra Japan, áður en opnum viðræðum var frestað í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**MÓTMÆLA BP** Ellefu manns létu lífið þegar eldur kom upp í olíuborpalli BP með þeim afleiðingum að hann sökk í síðasta mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Kirkjan selur ekki BP-hlutinn:

## Styður aðeins ábyrg fyrirtæki

**VIÐSKIPTI Enska biskupakirkjan ætlar að eiga áfram hlutabréf í olíufyrirtækinu BP þrátt fyrir olíuleka í Mexíkóflóa sem er talinn til mestu umhverfisslysa sögunnar. Breska dagblaðið Daily Mail sagði í gær kirkjuna ætla að selja hlutinn.**

**Kirkjan stýrir lífeyrissjóði þjóðkirkjupresta og á hlutabréf í BP fyrir jafnvirði sautján milljarða króna.**

**Kirkjan hefur lýst því yfir að hún viðhafi siðferðileg hlutabréfaviðskipti. Hún seldi hlut sinn í indverska námafyrirtækinu Vedanta í febrúar þegar upp komst að fyrirtækið braut á réttindum starfsfólks. - jab**

Eldsneytisverðið breytilegt:

## Hækkaði og lækkaði í gær

**VERSLUN** Olíufélögin Olís og Skeljungur hækkuðu bæði verð á bensíni um tíma í gær. Olís dró svo hækkun sína til baka um miðjan dag.

Olís hækkaði eldsneytisverðið um 20 krónur í gærmorgun, og bar því við að verðið væri komið langt undir það sem þyrfti til að standa undir eðlilegri verðmyndun. Í kjölfarið hækkaði Skeljungur eldsneytisverð sitt um tólf krónur. Olís dró svo hækkunina til baka og sagði það aðeins gert vegna samkeppninnar. **- þeb**

# Fékk kaffihús að gjöf á afmælisdaginn

**María Sigurðardóttir á Hvammstanga fékk kaffihús í afmælisgjöf frá manninum sínum, Erni Gíslasyni, þegar hún varð fimmtíu og tveggja ára. Kaffihúsið var búið að vera draumur Maríu lengi og var hún alsæl með þessa óvæntu gjöf.**

**FÓLK** „Þetta hefur verið draumur hjá mér í mörg ár,“ segir María Sigurðardóttir, afmælisbarn og kaffihúsaeigandi á Hvammstanga. Eiginmaður Maríu, Örn Gíslason, gaf henni kaffihúsið í afmælisgjöf þegar hún varð fimmtíu og tveggja ára og fékk það nafnið Hlaðan. Eins og nafnið gefur til kynna er kaffihúsið hýst í gamalli hlöðu en húsið var byggt árið 1928.

„Ég átti hugmyndina að kaffihúsinu,“ segir María. „En það hvarflaði aldrei að mér að ég myndi verða ein í þessu.“

Eiginmaður Maríu gaf henni afmælisgjöfina þegar stóð til að undirrita leyfið fyrir kaffihúsið. „Hann sagði mér bara að skrifa undir þetta ein og tilkynnti hann mér að það væri ég sem ætti þetta. Ég bjóst engan veginn við því,“ segir María sem er himinlifandi með þessa sérstöku afmælisgjöf.

Hlaðan er mikið fjölskyldufyrirtæki, en María afgreiðir þar, eldar og sér um rekstur. Tvö barnabörn hennar aðstoða hana við ýmis störf og móðir hennar, Torfhildur Sveinsdóttir, áttatíu og tveggja ára, saumaði svunturnar og málaði öll myndverk á veggjunum. Kom hún einnig með hugmynd að svokölluðum blómapottalömpum sem eru heimagerð ljós og notuð inni á kaffihúsinu. Sonur Maríu sá um að leggja og tengja allt rafmagn á staðnum og maðurinn hennar sá að miklu leyti um smíðavinnuna.

María segist ekki vera búin að ákveða fastan opnunartíma, en hún ætli að vera frjálsleg í þeim efnum og leyfa því að fara eftir því hvað verði mikið að gera. Þó segir hún að reksturinn hafi gengið vonum framar síðan hún opnaði 16. júní. „Það er búið að vera alveg brjálað,“ segir María. „Það er nánast búið að vera fullt út úr dyrum síðan ég hélt opnunarhátíðina.“ María bauð öllum í sýslunni til veislu þegar Hlaðan var opnuð í fyrsta sinn og bauð upp á kaffi, kökur, heimabakað brauð og ýmislegt annað góðgæti. Hún bakar allt brauð sjálf sem hún ber fram á kaffihúsinu og leggur mikla áherslu á heimagerðan mat. Í hádeginu er til að mynda súpa dagsins og nýbakað brauð á boðstólum og er það mjög vinsælt meðal matargesta.

Margrét segir að þótt gjöfin hafi komið sér á óvart, sé hún þó vön stórum og stæðilegum afmælisgjöfum frá manninum sínum. „Hann hefur þrisvar gefið mér bíl,“ segir hún. „Það hlýtur bara að verða flugvél næst.“

sunna@frettabladid.is




**BORÐAÐ ÚTI** Gestir snæða úti í sólinni á verönd hlöðunnar.



**ÞJÓNA TIL BORÐS** Jóhanna Þórðardóttir, María Sigurðardóttir og Fanney Sandra Albertsdóttir, með svuntur sem móðir Maríu saumaði.

Efnahagsbrotadeild lögreglu:

## Grunar MP um misnotkun

**LÖGREGLUMÁL** Efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra rannsakar nú meinta misnotkun MP banka á undanþágu á gjaldeyrishöftum, samkvæmt heimildum Stöðvar 2.

Viðskiptin sem verið er að skoða áttu sér stað á fyrri hluta síðasta árs og námu rúmum áttatíu milljónum króna. Bankinn hafi ranglega skráð skuldabréf á breskt dótturfélag til þess að geta nýtt heimild til að skipta vöxtunum á aflandsmarkaði.

Erlendir aðilar hafa heimild til að skipta vöxtum á skuldabréfum í erlendum gjaldeyri.

Gunnar Karl Guðmundsson, forstjóri bankans, sagðist ekki kannast við að málið væri í sérstakri rannsókn í gær. **- þeb**

Hæstiréttur staðfestir úrskurð:

## Kyrrsetning felld úr gildi

**DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest úrskurð héraðsdóms, um að fella úr gildi ákvörðun sýslumanns um kyrrsetningu eigna Skarphéðins Bergs Steinarssonar, þar sem lagalegar heimildir skorti.**



**SKARPHÉDINN BERG STEINARSSON**

**Skattrannsóknarstjóri fór fram á það í síðasta mánuði að eignir hans og þriggja annarra fyrrverandi forsvarsmanna FL Group yrðu kyrrsettar. Mennirnir eru grunaðir um refsiverða háttsemi í tengslum við brot félagsins á lögum um virðisaukaskatt.**

**Héraðsdómur Reykjavíkur komst að þeirri niðurstöðu að lagaskilyrði hafi skort fyrir kyrrsetningunni. - þeb**






Lögregluyfirvöld og tollgæslan pöruðu tvo fíkniefnaleitarhunda:

# Sjö hvolpar til fíkniefnaleitar

**LÖGREGLUMÁL** Lögregluyfirvöld og tollgæsla hafa nú stigið fyrsta skrefið í ræktun eigin fíkniefnaleitarhunda hér á landi. Til þessa hafa hundar úr viðurkenndum ræktunum verið fluttir frá útlöndum með verulegum tilkostnaði. Þeir hafa verið þjálfaðir hér á landi.

Það er embætti ríkislögreglustjóra, í samvinnu við lögreglustjórann á Suðurnesjum og Tollgæsluna, sem stendur að þessari ræktun. Hún felst í því að fíkniefnaleitarhundarnir Ella og Nelson voru paraðir saman í apríl. Hundarnir eru báðir af labradorkyni og hafa verið í þjónustu lögreglu og tollgæslu í mörg ár.

Árangurinn af pöruninni er sjö hvolpar sem nú eru orðnir liðlega átta vikna gamlir. Á næstu dögum verður hvolpunum komið fyrir á heimilum þar sem þeir fá hefðbundið uppeldi. Yfirþjálfarar lögreglu og tollgæslu fylgjast með hvolpunum með reglubundnum hætti en þegar þeir hafa náð tilskyldum aldri og þroska tekur við krefjandi þjálfun þar sem gert er ráð fyrir að þeir hæfustu verði komnir í þjónustu embættanna innan tveggja ára.



**FJÓRIR AF SJÖ** Þeirra bíður nú hefðbundið uppeldi en fylgst verður gaumgæfilega með þeim til að athuga hvað í þeim býr.

Lögregla og tollgæsla nota hunda sér til aðstoðar við löggæslustörf, þar sem þeir koma að góðum notum. **- jss**

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

# Taktu flugið

**Nettilboð 23.–29. júní**

## Til og frá Reykjavík:

- » Akureyri **6.150 kr.**
- » Egilsstaðir **7.150 kr.**
- » Ísafjörður **6.150 kr.**
- » Vestmannaeyjar **5.150 kr**

Verð aðra leið með sköttum. Takmarkað sætaframboð.

**Einungis bókanlegt á flugfelag.is**

→ flugfelag.is

ÍSLENSKA/SIA.IS/FLU 50677 06/2010

## GENGIÐ 21.06.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,41 | 127,01 |
| Sterlingspund | 187,69 | 188,61 |
| Evra | 156,54 | 157,42 |
| Dönsk króna | 21,037 | 21,161 |
| Norsk króna | 19,925 | 20,043 |
| Sænsk króna | 16,454 | 16,55 |
| Japanskt jen | 1,3836 | 1,3916 |
| SDR | 186,41 | 187,53 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
201,7626

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Framlög frá Hjálparstarfi kirkjunnar og utanríkisráðuneytið :

# 32 milljónir sendar til Haítí

**HAMFARIR** Hjálparstarf kirkjunnar hefur safnað 19,5 milljónum króna til hjálpar- og uppbyggingarstarfs á Haítí. Að auki hefur utanríkisráðuneytið lagt fram þrettán milljónir króna.

Fjármununum verður veitt til Haítí í gegnum ACT Alliance, sem er alþjóðahjálparstarf kirkna og Hjálparstarf kirkjunnar er aðili að.

Alþjóðahjálparstarf kirkna hefur lengi starfað við hjálparstarf á Haítí og þekkir aðstæður þar vel. Meðal helstu verkefna sambandsins um þessar mundir er uppbyggingarstarf eftir jarðskjálfta á Haítí en einnig í Kína og Chile.

Tæpar tvær milljónir manna misstu heimili sín í jarðskjálftanum í janúar. Fólkið býr nú flest í búðum heimilislausra við erfiðar aðstæður. Um 1.400 búðir eru í höfuðborginni Port-au-Prince og víðar. - þeb



**BÚÐIR HEIMILISLAUSRA** 1,9 milljónir manna misstu heimili sín á Haítí í jarðskjálftanum í janúar.

Í átján mánaða fangelsi:

## Stal dyrabjöllu og frosnu kjöti

**DÓMSMÁL** Síbrotamaður hefur verið dæmdur í 18 mánaða fangelsi fyrir mörg þjófnaðarbrot. Hann stal meðal annars á annað hundrað kílóum af frosnu kjöti úr gámi á Höfn á síðasta ári.

Maðurinn, sem afplánar nú annan dóm, lét greipar sópa í geymsluhúsnæði og bílum þar sem hann tók meðal annars dyrabjöllu, tækjabúnað og áfengi ófrjálsri hendi.

Maðurinn á að baki brotaferil og hefur hlotið fjórtán dóma og oft gengist undir viðurlög. - jss



**LAUNAVÍSITALAN HÆKKAÐI** Heldur hefur hægt á minnkun kaupmáttar.

Nýjar tölur frá Hagstofunni:

## Enn minnkar kaupmáttur

**EFNAHAGSMÁL Launavísitalan hækkaði um 0,2 prósent frá fyrri mánuði í maí. Verðbólga var þó hærri á sama tímabili þannig að kaupmáttur launa dróst saman um 0,2 prósent á milli mánaða.**

**Síðastliðna tólf mánuði hefur launavísitalan hækkað um 4,0 prósent en þrátt fyrir það hefur kaupmáttur minnkað um 3,3 prósent á sama tímabili.** - mþl

Gullverð í hæstu hæðum:

## Sló nýtt met

**VIÐSKIPTI** Heimsmarkaðsverð á gulli rauk í hæstu hæðir í gær eftir að kínverski seðlabankinn sleppti höndum af gjaldmiðli landsins um helgina.



Verðið stóð hæst í 1.265 dölum á únsu í gærmorgun og hafði það þá aldrei verið hærra. Verðmiðinn á málminum gyllta hefur stigið hátt upp á síðkastið en fjárfestar hafa frá aldaöðli keypt hann þegar kreppt hefur að mörkuðum, og titrings gætt á þeim líkt og hefur verið í Evrópu um nokkurra vikna skeið og fáir fjárfestingarkostir í boði. Verðið lækkaði þegar líða tók á daginn í gær og fór þá undir 1.260 dalina. - jab

# Stjórnvöld verða að höggva á hnútinn

**Forsvarsmenn fjármögnunarfyrirtækja segja uppgjör á gengistryggðum lánum í óvissu. Mikilvægt er að stjórnvöld komi með tillögur að leiðum til að koma í veg fyrir ringulreið, segir formaður Samtaka fjármálafyrirtækja.**

**NEYTENDUR** Stjórnvöld verða að vinna með hagsmunaaðilum til að koma í veg fyrir mögulega ringulreið tengdri gengistryggðu bílalánunum. Skynsamlegast væri ef þau leggja fram tilmæli um það hvernig fjármögnunarfyrirtækin eiga að meðhöndla og vinna með lánin.

Þetta segir Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja. Hann segir fleiri sambærileg dómsmál á leiðinni úr réttarsölum á næstu vikum sem geti markað línurnar. Fram að því væri skynsamlegt ef stjórnvöld stigju fram og eyddu óvissunni. „Það þarf að leysa flækjuna, skera á hnútinn,“ segir hann.

Forsvarsmenn fjármálafyrirtækjanna hafa fundað stíft frá því að Hæstiréttur úrskurðaði fyrir tæpri viku að gengistrygging bílalána í krónum væri óheimil. Það hefur litlum árangri skilað. Þeir vildu ekki ræða opinberlega um gang viðræðna undir nafni en segja málið á viðkvæmu stigi.

Einn forsvarsmaður fyrirtækjanna segir lausn málsins stranda á nokkrum þáttum; ekki sé vitað hvernig eigi að reikna lánin, gera þau upp og við hvað eigi að miða. Þá flæki málið að lánasamningarnir séu tugir þúsunda talsins og ekki sé vitað hvort gera þurfi nýja samninga við hvern viðskiptavin. Hann segir hins vegar óráð að hætta að greiða af lánum líkt og Samtök lánþega mæltu fyrir í gær. Slíkt geti komið í bak lánþega.

Nokkurt álag er á starfsfólki fyrirtækjanna og leitar fólk helst upplýsinga um hugsanlegar endurgreiðslur vegna bílasamninga og hvort afborganir af lánum lækki.

Á meðan óvissa um samningana ríkir hafa fjármögnunarfyrirtækin sett innheimtuaðgerðir í salt og senda þau ekki út greiðsluseðla fyrir lánasamninga í erlendri mynt um næstu mánaðamót líkt og venja er. Hvorki náðist í Gylfa Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, né Helga Hjörvar, formann efnahags- og skattanefndar Alþingis, vegna málsins í gær. Ríkisstjórnin fundar í dag og er gert ráð fyrir að málið verði til umræðu hjá henni.

jonab@frettabladid.is



**BÍLAR** Forsvarsmenn fjármögnunarfyrirtækjanna segja uppgjör á gengistryggðum bílalánum flókið mál. Þau séu tugir þúsunda talsins. Ekki er vitað hvort gera þarf nýja samninga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**GUÐJÓN RÚNARSSON**

> Það þarf að leysa flækjuna, skera á hnútinn.“
>
> **GUÐJÓN RÚNARSSON**
> FORSVARSMAÐUR FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA



**DAVID CAMERON** Breski forsætisráðherrann segir að Íslendingar verði að standa við skuldbindingar sínar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ekkert að gerast í Icesave:

## Icesave hamlar aðild að ESB

**UTANRÍKISMÁL David Cameron, forsætisráðherra Breta, segist munu nota aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu í samningaviðræðum vegna Icesave. Hann segir að Bretland ætti að vera góðvinur Íslands og styðja umsókn þess að sambandinu, en Íslendingar skuldi Bretum 2,3 milljarða punda.**

**„Við munum nota umsóknarferlið til að tryggja að Ísland standi við skuldbindingar sínar, því við viljum fá þetta fé endurgreitt,“ sagði Cameron.**

**Engar formlegar viðræður hafa átt sér stað milli þjóðanna um málið síðan fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna 6. mars. Samkvæmt heimildum úr fjármálaráðuneytinu eru engir fundir á dagskrá.** - kóp

### ÞJÓÐKIRKJAN

**Tvær konur í embætti presta**

Arna Ýrr Sigurðardóttir hefur verið sett í embætti prests í Glerárkirkju og Hildur Eir Bolladóttir í Akureyrarprestakalli. Þær eru báðar fæddar og uppaldar í Eyjafirði og munu hefja störf fyrir mánaðamót. Arna Ýrr vígðist sem prestur árið 2000 en Hildur Eir árið 2006.




## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**HELDUR KÖFLÓTT**
Það fer að rigna sunnan- og suðvestanlands síðdegis en annars verður yfirleitt þurrt og skýjað en helst að austast verði bjart með köflum. Á morgun léttir víða til en þá eru horfur á rigningu suðaustan og austan til sem ágerist er líður á daginn.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 25° |
| Basel | 20° |
| Berlín | 22° |
| Billund | 19° |
| Frankfurt | 22° |
| Friedrichshafen | 20° |
| Gautaborg | 19° |
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 23° |
| Mallorca | 24° |
| New York | 30° |
| Orlando | 34° |
| Ósló | 20° |
| París | 22° |
| San Francisco | 20° |
| Stokkhólmur | 17° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is

Frumherji

# Öryggisbelti

**Beltin bjarga.** Þetta er gullvægt slagorð eins og dæmin sanna. Við spennum beltið án umhugsunar í upphafi ökuferðar enda er farþegum best borgið spenntir í sæti sínu við óhapp. Þá verða öryggisbelti að virka rétt. Til viðbótar við öryggisbelti skoðar Frumherji 166 önnur öryggisatriði í almennri skoðun.
Frumherji – örugg bifreiðaskoðun.



Frumherji hf - sími 570 9000 - **Þjónustuver og tímapantanir 570 9090** - www.frumherji.is

**KJÖRKASSINN**



*Hefurðu fylgst með sjónvarpsútsendingum frá heimsmeistaramótinu í fótbolta?*

| | |
|---|---|
| Já | 49,7% |
| Nei | 50,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Óttast þú að læknaskortur verði á landinu?*

Segðu þína skoðun á vísir.is VÍSIR

Mildi að ekki fór verr þegar barn á hjóli varð fyrir bíl á Selfossi:

# Gróður byrgði ökumanni sýn

**SELFOSS** Gróður byrgði ökumanni sýn á Selfossi með þeim afleiðingum að hann ók á barn á hjóli. Barnið slasaðist ekki við áreksturinn en það sá að líkindum ekki bílinn koma aðvífandi.

Heiður Eysteinsdóttir, móðir barnsins, segir aðstæður sem þessar vera allt of algengar.

„Gróður byrgir sýn á mörgum stöðum í bænum," segir hún. „Þetta er búið að vera áhyggjuefni hjá mér lengi."

Heiður segir að fólk verði að vera meðvitað um aðstæður sem þessar og klippa tré og runna reglulega til að forðast fleiri slys. „Það er ekki mikið um að fólk sé að fara eftir svona skipulagsreglugerðum," segir Heiður.

Einar Magnús Magnússon hjá Umferðarstofu segir að hættur sem þessar séu víða til staðar og fólk verði að vera vakandi fyrir gróðri í görðum sínum. „Maður sér mjög víða aðstæður þar sem þessi hætta er til staðar, sérstaklega í íbúðahverfum." segir Einar. „Fólk verður að huga að þessu, það er nefnilega aldrei að vita nema uppáhaldsrunninn sé að byrgja mönnum sýn í umferðinni." **- sv**



**SELFOSS** Gróður við umferðargötur byrgir ökumönnum sýn.

Skaftárhlaupið er lítið:

## Hlaupið hefur náð hámarki

**NÁTTÚRA** Hlaupið í Skaftá náði líklega hámarki í gærkvöldi.

Hlaupið kemur úr vestari sigkatli Skaftárjökuls. Þrátt fyrir að hlaupið nú sé lítið má gera ráð fyrir því að stærra hlaup verði þegar hleypur úr austari sigkatlinum, sem er stærri. Búast má við slíku hlaupi seinna í sumar eða í haust.

Rennsli í ánni við Sveinstind, nálægt upptökunum, var mest um 400 rúmmetrar á sekúndu í gær. Til samanburðar var rennslið mest 1.250 rúmmetrar á sekúndu í Skaftárhlaupi árið 2008. **- þeb**






# Ákærendur óttast óvissu og tímaskort

**Ákærendafélagið og ríkissaksóknari hafa samþykkt áskorun til Rögnu Árnadóttur dómsmálaráðherra þess efnis að hafinn verði þegar undirbúningur að stofnun embættis héraðssaksóknara. Uppbygging ákæruvaldsins sé í óvissu.**

**DÓMSMÁL** „Vilji menn setja tugi milljóna króna í nýtt embætti héraðssaksóknara þá þarf að fara að undirbúa það af krafti. En ég er þeirrar skoðunar að þetta verði aldrei."

Þetta segir Valtýr Sigurðsson ríkissaksóknari. Fyrr í mánuðinum efndu Ákærendafélagið og ríkissaksóknari til fundar þar sem þetta nýja embætti var til umræðu. Í ályktun sem fundurinn samþykkti samhljóða segir að í lögum frá 2008 um meðferð sakamála sé gert ráð fyrir að ákæruvaldið skiptist í þrjú stjórnsýslustig í stað tveggja áður. Um verður að ræða ákæruvald lögreglu, héraðssaksóknara og ríkissaksóknara. Ákvörðun um stofnun embættis héraðssaksóknara var frestað tímabundið, fyrst til janúar 2010 og síðan til janúar 2012.

„Fundur ákærenda og ríkissaksóknara skorar á dóms- og mannréttindaráðherra að hefja þegar undirbúning að stofnun embættisins ef til stendur að koma því á laggirnar," segir í ályktuninni. „Að öðrum kosti verði fallið frá þessu fyrirkomulagi og lögum breytt til samræmis við það."

Fundurinn bendir á að erfitt sé að byggja upp ákæruvaldið í landinu meðan óvissa ríki um þetta mál, en fjölmörg atriði tengist breytingunni.

„Eigi embætti héraðssaksóknara að taka til starfa 1. janúar 2012 þarf að hefjast handa án tafar með undirbúning þess, svo sem með því að skilgreina starfsmannafjölda, útvega húsnæði og tryggja nægilegt fjármagn. Fundurinn bendir á að frekari frestun á stofnun embættisins sé ekki forsvaranleg."

Ríkissaksóknari segir marga hluti hanga á spýtunni varðandi uppbygginguna ákæruvaldsins.

„Það gengur ekki að fresta þessu reglulega," segir hann. „Skatta- og efnahagsbrotadeild á samkvæmt lögunum að vera deild í embætti héraðssaksóknara. Þá er verið að breyta lögreglulögum í þá veru að frá 1. janúar 2012 verði umdæmin sex í stað fimmtán. Ég hef bent á að það þurfi ekki sérstakt héraðssaksóknaraembætti til að hafa umsjón með sex lögreglustjóraembættum, heldur ætti að efla ákæruvald lögreglunnar."

Ríkissaksóknari segir það sitt mat að það skjóti skökku við ef eigi að byggja upp opinbert embætti þar sem verið sé að fækka stofnunum og sameina þær um allar trissur á sama tíma.

jss@frettabladid.is

### Bíður tillagna frá ríkissaksóknara



**RAGNA ÁRNADÓTTIR**

„Ákveðið var með lögum að fresta stofnun embættis héraðssaksóknara til 2012, þar sem ekki voru til fjármunir," útskýrir Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra spurð um stöðuna á stofnun embættis héraðssaksóknara.

„Við gerum ráð fyrir að að embætti sérstaks saksóknara starfi til 2014. Við erum einnig með áform um að fækka lögregluumdæmunum. Frumvarp þess efnis tekur vonandi gildi á septemberþinginu."

Þá segir Ragna það á hreinu að huga þurfi sérstaklega að framtíð efnahagsbrotadeildar.

„Ég hef óskað eftir því við ríkissaksóknara að hann komi með heildstæðar tillögur um hvernig best sé að skipa ákæruvaldinu í landinu með tilliti til ofangreindra þátta. Við höfum ákveðið að vera í samvinnu um það og ég bíð eftir að fá þær tillögur. Þótt löggjafinn sé búinn að ákveða að setja á fót embætti héraðssaksóknara er þetta orðið dálítið snúið þegar æðsti handhafi ákæruvaldsins lýsir sig svo andsnúinn því sem raun ber vitni."

Ragna bendir á að þegar sé búið að stórauka fjárveitingar til að byggja upp ákæruvaldið, þar sem sé embætti sérstaks saksóknara. Því sé ekki hægt að segja að stjórnvöld hafi ekki eflt ákæruvaldið eftir föngum. **- jss**






Fylgst með dauðastríði hvals sem var dreginn á land á Jótlandi:

# Hvalur skorinn í danskri höfn

**DANMÖRK** Í bænum Vejle á Jótlandi hafa íbúar fylgst grannt með dauðastríði hvals nokkurs, sem strandaði í firðinum fyrir utan. Í fimm daga var reynt með öllum ráðum að koma hvalnum aftur út á haf, en þegar það mistókst var hann dreginn á land og skorinn.

Deilur upphófust milli danska náttúrugripasafnsins í Kaupmannahöfn og bæjaryfirvalda í Vejle, um það hvar hvalurinn yrði geymdur og hver væri réttmætur eigandi hans.

Það voru þó starfsmenn safnsins sem sáu um skurðinn, og byrjuðu á að skera þvert niður eftir hryggnum. Síðan var skorið þvert á dýrið og stór kjötstykki hífð upp með krana. Skera átti allt kjöt þar til beinagrindin stæði að mestu holdlaus eftir. Hún verður síðan send til frekari hreinsunar, en óútkljáð er hvar hún verður geymd.

Talið er að hvalurinn hafi verið þriggja til fjögurra ára kvendýr. Kannað verður hver dánarorsökin var. **- gb**



**HVALURINN DREGINN Á LAND** Óvenjulegur viðburður í Danmörku.

NORDICPHOTOS/AFP



Ótrúlegt verð!
SJÓÐHEITUR
SÓLAR
sprettur
í sólarhring!
Valdar dagsetningar í sumar
PLÚSFERÐIR
ENN MEIRI PLÚS!
www.plusferdir.is
plús
FERÐIR
www.plusferdir.is
Verðdæmi á mann:
Tenerife
7 nætur
Hálft fæði!
Verð frá:
49.900 kr
Athugið!
Sólarspretturinn hefst
í dag kl. 12:00
og þú hefur aðeins
24 klst til að bóka
þetta ótrúlega tilboð!
Takmarkað sætaframboð
Flug og gisting í 7 nætur með hálfu fæði.
Brottför: 27. júní
m.v. 2 fullorðna og 2 börn*
Verð á mann m.v. 2 fullorðna 60.100 kr.*
Sjá einnig
önnur frábær
verðdæmi á
plusferdir.is!
* Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með hálfu fæði og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu.
PLÚSFERÐIR - Sími 535 2100 - info@plusferdir.is
Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu

## VEISTU SVARIÐ?



1 Hvað heitir eiginmaður Viktoríu Svíaprinsessu?

2 Hversu þungan lax veiddi Jón Gnarr í Elliðaánum?

3 Hver er rektor Háskólans í Reykjavík?

SVÖR Á SÍÐU 30

Barðastrandarræningjar dæmdir fyrir hrottalega árás á aldraðan úrsmið:

# Hæstiréttur þyngir dóma um ár

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur þyngt dóma yfir Barðastrandarræningjunum svokölluðu um eitt ár. Þá dæmdi hann þá til að greiða fórnarlambinu 800 þúsund krónur í miskabætur.

Mennirnir, Axel Karl Gíslason og Viktor Már Axelsson, voru dæmdir fyrir að ráðast á aldraðan úrsmið á Barðaströnd á Seltjarnarnesi, binda hann og krefja upplýsinga um hvar tiltekin verðmæti væri að finna. Þeir tóku þar úr, skartgripi og fleira. Manninn skildu þeir eftir á gólfinu í fjötrum.



**RÆNINGJAR AF BARÐASTRÖND** Hæstiréttur þyngdi dóminn.

Viktor hlaut tveggja ára fangelsisdóm í Héraðsdómi Reykjavíkur en Hæstiréttur þyngdi dóminn um ár. Þá fékk Axel Karl 20 mánaða fangelsisdóm í Héraðsdómi en hans dómur var einnig þyngdur um ár.

Mennirnir, sem eru um tvítugt, sitja nú í gæsluvarðhaldi vegna líkamsárásar þar sem þeir réðust á annan aldraðan mann fyrir utan heimili hans í Reykjanesbæ. Með manninum var dóttir hans og kornabarn.

Mennirnir handleggsbrutu manninn auk þess sem þeir veittu honum margvíslega áverka. Talið er að þeir hafi ætlað að finna barnabarn mannsins. - jss

Átökin í Kirgisistan:

# Úsbekar óttast að snúa aftur

**KIRGISTAN, AP** Þúsundir Úsbeka, sem dvelja við landamæri Úsbekistan og Kirgisistan, neituðu að snúa til heimkynna sinna í Kirgistan í gær. Þeir treysta ekki kirgískum hermönnum, sem hafa reynt að sannfæra þá um að þeim sé óhætt að snúa aftur.

Allt að tvö þúsund Úsbekar hafa látist og um fjögur hundruð þúsund hrakist frá heimilum sínum, frá því átök brutust út í Kirgistan um miðjan júní. Um 100 þúsund þeirra fóru til Úsbekistan en um fimm þúsund hafa snúið aftur.- hhs




# Pétri Blöndal er skapi næst að hætta á þingi

**Pétur Blöndal þingmaður segir að sér sé skapi næst að hætta á Alþingi þegar hann er spurður um styrkjamál sín. Sakar blaðið um einelti. Þingkonurnar Jónína Rós Guðmundsdóttir og Unnur Brá Konráðsdóttir greina frá kostnaði.**

**STJÓRNMÁL** Pétur Blöndal þingmaður segir að sér sé skapi næst að hætta á Alþingi. Starfið sé mannskemmandi og illa borgað. Svo sé honum stillt upp „eins og glæpamanni“ vegna styrkjamála.

Einhver styrkti Pétur fyrir nær fjórðung af prófkjörskostnaði hans fyrir kosningarnar 2007, um 700.000 krónur, en heildarkostnaður prófkjörsins mun hafa verið um þrjár milljónir.

Pétur er ekki á lista Ríkisendurskoðunar yfir þá sem hafa skilað upplýsingum um kostnað við prófkjörsbaráttu á þessum árum, en það var ekki lagaleg skylda að skila þeim.

Pétur segir að peningarnir hafi komið frá hjónum sem hafi prentað fyrir sig framboðsbækling. Hann hafði í síðustu viku sagst ætla að fá leyfi til að nafngreina manninn.

„Nei, ég er ekki búinn að tala við þennan mann. Ég var til klukkan þrjú í nótt að vinna að þessu frumvarpi um heimilin,“ segir Pétur. Hann geti gefið þetta upp síðar í mánuðinum.

„Í hvert einasta skipti sem ég býð mig fram hugsa ég hvort ég eigi að halda þessari vitleysu áfram því þetta er mannskemmandi að vera í þessu. Sérstaklega af því að maður er stimplaður glæpamaður fyrirfram. Mér er skapi næst að hætta bara. Þá skulu menn reyna að fá almennilegt fólk inn á þing þar sem ekki er borgað fyrir menntun eða reynslu. Ég fæ ekkert borgað fyrir menntunina mína, átta ára háskólanám, og er búinn að borga átta milljónir [í fimm prófkjörum] fyrir að fá þessa vinnu. Þetta er galið,“ segir hann. Svo bætist „einelti“ fjölmiðla ofan á allt annað.

Jónínu Rós Guðmundsdóttur, þingmanni Samfylkingar, kemur á óvart að hún sé ekki á fyrrgreindum lista. Hún taldi sig hafa skilað öllu. Jónína man hins vegar vel eftir baráttunni í Norðausturkjördæmi.

„Úti á landi kosta framboðin nú ekki eins mikið og í bænum. Ég keypti eina auglýsingu upp á 47.000 krónur, þetta var borði á vef Vikudags og hjá Austurglugganum. Fyrir einstæðar mæður er þetta dálítill peningur og ég man þetta alveg nákvæmlega,“ segir hún. Heildarkostnaður prófkjörsins hafi verið vel undir 300.000 krónum.

Unnur Brá Konráðsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokks, er heldur ekki á listanum, en hún fór í fimmta sæti í Suðurkjördæmi.

„Á þeim tíma voru þessar reglur ekki í gildi,“ segir Unnur Brá. „Ég greiddi allan kostnað sjálf, ég man ekki hvort hann var 500.000 eða eitthvað nálægt því,“ segir hún.

Ekki hefur náðst í Kristján Þór Júlíusson, sem hefur ekki gefið upp hver styrkti hann um hálfa milljón fyrir sömu kosningar.

klemens@frettabladid.is






PÉTUR HARALDSSON BLÖNDAL   UNNUR BRÁ KONRÁÐSDÓTTIR   KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON   JÓNÍNA RÓS GUÐMUNDSDÓTTIR



# 30% AFSLÁTTUR

# NÝTT BAÐ

## Eitt flottasta úrval landsins



Hvítt háglans 162 x 48 sm



HVÍTTUÐ EIK 92 x 48 sm



HLYNUR 120 x 48 sm

til afgreiðslu af lager



122 FULNINGUR Hvítt 122 x 48 sm



DUCAL Eik/Háglans 80 x 48 sm



104 Epli 120 x 48 sm



104 Hvítt 122 x 48 sm

INNRÉTTINGAR OG TÆKI STYÐJA VERKEFNIÐ:

LIONSKLÚBBURINN FJÖLNIR

KRÝSUVÍK - hjálp til heilbrigðis

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

Bleiku steinarnir afhentir fjórum karlmönnum í gær:

# Hvatt til góðra verka

**JAFNRÉTTISMÁL** Páll Magnússon útvarpsstjóri, Egill Helgason þáttastjórnandi, Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, og Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, fengu í gær Bleika steininn, hvatningarverðlaun Femínistafélags Íslands.

Steinarnir eru veittir fólki sem er í lykilaðstöðu til að hafa áhrif á gang jafnréttismála í samfélaginu. Þau voru veitt í sjöunda skipti í gær. Ráðskona félagsins sagði við tilefnið mikið verk enn óunnið í jafnréttisbaráttunni. - þeb



**STEINN AFHENTUR** Vilhjálmur Egilsson tók við steini frá fulltrúum Femínistafélagsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Dómari skilaði sératkvæði:

# Sýknaður af árás með glasi

**DÓMSMÁL** Maður sem dæmdur var í níu mánaða fangelsi í héraðsdómi og til greiðslu hálfrar milljónar í skaðabætur fyrir að slá annan mann með glasi var í gær sýknaður í Hæstarétti.

Tveimur dómurum af þremur fannst ekki sannað að hann hefði framið það afbrotið. Þriðji dómarinn skilaði sératkvæði þar sem hann segir að þó ýmsa annmarka megi finna á rannsókn lögreglu leiði það ekki til ómerkingar héraðsdóms og vildi hann því staðfesta dóm héraðsdóms.




Sparaðu með Miele

Nýja S2120 ryksugan frá Miele er lágvær, létt, kraftmikil og með stórum poka. Parketbursti að andvirði kr. 9.320 fylgir frítt með.

Fullt verð kr. 32.812

Staðgreiðsluverð kr. 26.250*

Opið í dag laugardag frá kl. 11:00-15:00

*Gildir á meðan birgðir endast.

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is


Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

## MOSFELLSBÆR

### Undirgöng lokuð

Undirgöngin við Brúarland í Mosfellsbæ verða lokuð frá og með morgundeginum fram til 18. ágúst vegna framkvæmda við tvöföldun Vesturlandsvegar. Vegfarendum er bent á að nota göngubrú yfir veginn eða undirgöng við Ásland í staðinn.

## AUSTURLAND

### Aðstoðuðu vélarvana bát

Björgunarsveitin Geisli á Fáskrúðsfirði aðstoðaði vélarvana bát rúmlega 20 sjómílur út af Skrúð í gær. Nýr björgunarbátur sveitarinnar, Hafdís, var sendur á svæðið og tók þrjá tíma að draga bátinn að landi.

## AKUREYRI

### Sextíu vilja bæjarstjórastól

Um sextíu manns hafa sótt um starf bæjarstjóra á Akureyri. Umsóknarfrestur rann út í fyrradag en stefnt er á að bæjarstjóri hefji störf um mánaðamótin.



**STYTTINGAR Á HRINGVEGINUM** Þær hefðu í för með sér að Varmahlíð og Blönduós væru ekki lengur í þjóðleið.






# Deilur tefja fyrir styttingu hringvegarins

**Vegagerðin deilir við tvö sveitarfélög á Norðvesturlandi vegna hugmynda um styttingu hringvegarins. Sveitarfélögin segja hugmyndirnar ekki eiga heima á aðalskipulagi því ekkert hafi verið ákveðið.**

**SAMGÖNGUMÁL** Tillögur Vegagerðarinnar um styttingu hringvegarins á tveimur stöðum á Norðurlandi hafa strandað á viðkomandi sveitarstjórnum. Um er að ræða annars vegar styttingu um sex kílómetra í Skagafirði og hins vegar fjórtán kílómetra styttingu nálægt Blönduósi, hina svokölluðu Húnavallaleið.

Eitt af markmiðum þeirrar samgönguáætlunar sem nú er í gildi er að stytta leiðir á aðalvegum. Á hringveginum milli Reykjavíkur og Akureyrar hefur helst verið bent á þessa tvo kosti í þeim efnum en viðkomandi sveitarfélög vilja halda þeim utan aðalskipulags.

„Sveitarfélögin hafa verið að vinna aðalskipulag á þessum svæðum og vegir eru byggðir samkvæmt skipulagi. Við lítum svo á að það sé hlutverk okkar að koma því á framfæri að þetta sé markmið Vegagerðarinnar til lengri tíma litið. Sveitarfélögin hafa hins vegar hafnað þessu á grundvelli hagsmuna sveitarfélagsins,“ segir Magnús Valur Jóhannsson, svæðisstjóri hjá Vegagerðinni.

Vegagerðin lítur svo á að samkvæmt vegalögum beri sveitarfélögunum að hafa tillögurnar í aðalskipulagi. Ef tillaga frá Vegagerðinni er talin auka umferðaröryggi er sveitarfélögum óheimilt að fara ekki að þeim ráðleggingum. Þær framkvæmdir sem nú er deilt um eru báðar taldar auka öryggi þó að sveitarstjórnirnar setji spurningarmerki við þær fullyrðingar.

„Þessi vinna byggir á gildandi svæðisskipulagi fyrir svæðið. Þar er ekki gert ráð fyrir þessum vegaframkvæmdum og stjórnvöld hafa hvergi markað þá stefnu að fara skuli í þessa framkvæmd. Við getum því ekki sett eitthvað inn í skipulag sem hvergi hefur verið ákvarðað að gera,“ segir Ágúst Þór Bragason, forseti bæjarstjórnar hjá Blönduósbæ, og leggur áherslu á að skipulagið sé samráðsverkefni ýmissa aðila en ekki einnar stofnunar.

Íbúar í Varmahlíð og á Blönduósi óttast að mögulegar vegaframkvæmdir hefðu neikvæð áhrif á bæjarfélögin þar sem umferð um hringveginn færi ekki lengur í gegnum þau. Að auki telja yfirvöld á svæðunum að skipulagsvaldið sé aðallega í þeirra höndum og þeim beri ekki að setja slíkar tillögur í aðalskipulagið.

Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkti aðalskipulag í desember þar sem umferð um þann kafla sem deilt er um er frestað. Skipulagið var sent til Skipulagsstofnunar sem afgreiddi það til umhverfisráðuneytisins í janúar en ráðuneytið hefur enn ekki klárað afgreiðslu málsins.

Aðalskipulag Blönduósbæjar er komið skemmra á veg en þar er verið að auglýsa skipulagið. Heimilt er að gera athugasemdir við það til 12. júlí. magnusl@frettabladid.is

Hlaut varanlegt heyrnartap:

# Barinn í höfuð með glerflösku

**DÓMSMÁL** Maður á þrítugsaldri hefur verið ákærður af ríkissaksóknara fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás.

Manninum er gefið að sök að hafa slegið annan mann í höfuðið með glerflösku. Flaskan brotnaði með þeim afleiðingum að fórnarlambið hlaut mörg opin sár á höfði og áverka á hægra innra eyra sem leiddu til varanlegs heyrnartaps.

Maðurinn sem sleginn var gerir kröfu um greiðslu miska- og skaðabóta að upphæð ríflega 1,7 milljónir króna. - jss

Breyting á umferðarljósum á gatnamótum Bústaðavegar og Reykjanesbrautar:

# Vinstri beygja bönnuð á álagstímum

**UMFERÐ** Ný stilling umferðarljósa á gatnamótum Bústaðavegar og Reykjanesbrautar verður virk á morgun. Breytingin felur í sér að á mestu álagstímum verður vinstri beygja frá Bústaðavegi inn á Reykjanesbraut bönnuð. Er bannið til þess að draga úr myndun biðraða við gatnamótin, sem hefur til þessa verið mikið vandamál á svæðinu. Á mestu annatímum fara um sjö þúsund bílar á klukkutíma um gatnamótin. Biðraðir hafa teygt sig langt eftir Sæbrautinni og inn á Miklubraut sem auka tafir og slysahættu til muna.

Bannið er tímabundið yfir daginn og er frá klukkan 7.45 til 9.30 og 15.30 til 18.00 á mánudögum til fimmtudaga. Á föstudögum verður breytingin frá klukkan 7.45 til 9.30 og 14.30 til 18.00. Gildir þetta ekki um helgar og frídaga.

Jón Halldór Jónasson, hjá framkvæmdasviði Reykjavíkurborgar, segir að þetta sé í fyrsta skipti sem vinstribeygjubann taki gildi í Reykjavík og stórt skilti á gatnamótunum eigi að forða ökumönnum frá öllum misskilningi. „Þetta gerir það að verkum að fólk beygir síður inn í íbúðahverfi og minnkar slysahættu til muna," segir Jón. - sv



**UMFERÐARLJÓS** Nýju aðvörunarljósin sem segja til um hvort vinstribeygjubann sé í gildi.



**AKUREYRI** Akureyrarbær hefur tekið tveggja milljarða króna lán sem greiðist upp á 34 árum. FRÉTTABLAÐIÐ/ VILHELM

Fá tveggja milljarða króna lán:

# Endurfjármagna eldri skuldir

**AKUREYRI Saga Capital Fjárfestingarbanki og Íslensk verðbréf hafa lokið við að selja skuldabréf fyrir Akureyrarbæ upp á tvo milljarða króna. Lífeyrissjóðir keyptu bréfin, sem voru seld í lokuðu útboði.**

**Skuldabréfin eru til 34 ára, eru jafngreiðslubréf og bera 4,35 prósenta vexti.**

**Í tilkynningu kemur fram að lántakan sé í samræmi við fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar og muni skuldabréfin nýtast til endurfjármögnunar á eldri lánum.** - jab



**TÖLVAN KYNNT** Líkt og sjá má er nýja spjaldtölvan frá Toshiba líkust hefðbundinni bók. FRÉTTABLAÐIÐ/

Toshiba kynnir spjaldtölvu:

# Ætlað að keppa við iPad-tölvur

**TÆKNI** Japanska tæknifyrirtækið Toshiba kynnti spjaldtölvu í gær, sem talið er að gæti hæglega keppt við iPad-tölvuna frá Apple.

Tölvan, sem nefnist Libretto W100, kemur á markað í tilefni af 25 ára afmæli fyrirtækisins. Hún er með tveimur sjö tommu snertiskjáum og má nota annan þeirra sem lyklaborð.

Í tæknibloggi fréttavefs BBC í gær er rifjað upp að Toshiba hafi lengi verið framarlega á tæknisviðinu og sett fyrstu spjaldtölvuna á markað árið 1993. Það sýni þó að litlu skipti hver býr til fyrstu tækninýjungina; þeir sem kunni að nýta hana og pakka inn í notendavænar umbúðir muni taka markaðinn. - jab


Bústaðavegur - Reykjanesbraut



Styttri biðraðir með umferðarstýringu

Breytt stýring umferðarljósa á álagstímum

Ný stilling umferðarljósa á gatnamótum Bústaðavegar og Reykjanesbrautar verður virk **miðvikudaginn 23. júní**. Vinstri beygja frá Bústaðavegi inn á Reykjanesbraut verður bönnuð á álagstímum og er það gert til að draga úr myndun biðraða við gatnamótin. Verst hefur ástandið verið síðdegis og teygja biðraðir sig þá langt eftir Sæbrautinni og einnig inn á Miklubraut með tilheyrandi töfum og slysahættu. Stilling umferðarljósanna byggir á umferðarmælingum á álagstímum. Mælingar sýna hlutfalllega fáa bíla taka umrædda beygju á þessum álagstímum eða aðeins 3% umferðar sem um gatnamótin fara.

Þeir ökumenn sem ætluðu að taka vinstri beygju við Reykjanesbraut fá svigrúm til að velja aðrar leiðir því að á Bústaðavegi hefur verið komið fyrir upplýsingaskiltum sem eru samstillt við umferðarljósin og munu þau loga þegar bannið við vinstri-beygju gildir. Skiltin eru við Grensásveg, Réttarholtsveg, Sogaveg og á gatnamótum Bústaðavegar og Reykjanesvegar. Þeir ökumenn sem koma að gatnamótunum meðan bannið gildir geta tekið hægri beygjuna suður Reykjanesbraut og snúið við á mislægum gatnamótum við Stekkjarbakka.

Umferðartafir á Reykjanesbraut minnka við lokun vinstri beygjunnar. Draga mun úr myndun biðraða sem á álagstímum síðdegis teygja sig alla leið inn á Miklubraut og Sæbraut. Ökumenn eru beðnir um að sýna aðgát og tillitssemi.




Vinstri-beygjubannið mun gilda mánudaga til fimmtudaga frá kl. 7:45-9:30 og 15:30-18:00. Á föstudögum frá 7:45-9:30 og 14:30-18:00. Á ofangreindum tímum mun þetta skilti loga. Bannið gildir ekki um helgar eða á frídögum.

Nánari upplýsingar finnur þú á vef okkar **www.reykjavik.is/fer**

VEGAGERÐIN

Framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkurborgar | Borgartúni 12-14 | Þjónustusími 411 1111 | www.reykjavik.is/fer




Kínverjar leyfa júaninu að styrkjast eftir langvarandi fastgengi:

# Ætla samt ekki að bjarga öllu

**KÍNA, AP** Kínverjar stóðu í gær við loforð sitt frá því um helgina um að leyfa meiri sveigjanleika í gengisskráningu júansins, gjaldmiðils þessa fjórða stærsta hagkerfis heims.

Seint á mánudegi stóð júanið í 6,8012 Bandaríkjadölum, og hafði þá styrkst nokkuð frá föstudegi þegar það stóð í 6,8272 dölum.

Fréttum af þessum nýja sveigjanleika var tekið af miklum fögnuði á heimsmörkuðum og stjórnvöldum margra ríkja, sem vonast til þess að með þessu létti Kínverjar þeim að skríða upp úr dýpstu lægðum heimskreppunnar.

Xinhua, opinber fréttastofa kínverska ríkisins, segir þó að leiðtogar heims geti ekki treyst á Kínverja til að bjarga sér úr vandanum, heldur verði þeir að koma sér saman um brýnar endurbætur alþjóðlegra viðskipta.

Fyrir tveimur árum festu Kínverjar júanið við dollar til að tryggja sig gegn áföllum af heimskreppunni, og hefur júanið í þessi tvö ár haldist nokkuð stöðugt í kringum 6,83 dali.

- gb



**DALIR OG JÚAN** Sveigjanleikinn léttir undir með ríkjum í kreppu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**UNNIÐ HÖRÐUM HÖNDUM** Á tveimur borpöllum er unnið að því að bora hliðarholur niður að gömlu borholunni, en í skipinu er tekið á móti olíu og hún brennd jafnóðum. NORDICPHOTOS/AFP

# Reynt að bora niður í gömlu borholuna

**Unnið er hörðum höndum að varanlegri lausn á olíulekanum í Mexíkóflóa. Bráðabirgðalausnir hafa gengið brösuglega, en um miðjan ágúst er vonast til að stöðva megi lekann, sem hefur nú þegar kostað BP tvo milljarða dala.**

**FRÉTTASKÝRING**

Verður hægt að stöðva olíulekann í Mexíkóflóa?

Kostnaður breska olíufélagsins BP vegna olíulekans í Mexíkóflóa er kominn upp í tvo milljarða Bandaríkjadala. Sú fjárhæð samsvarar nærri 260 milljörðum króna. Ljóst þykir að fjárútlátin eigi eftir að aukast, því engan veginn er séð fyrir endann á þessu máli.

Fyrirtækið hefur greitt 105 dali í skaðabætur til 32 þúsund einstaklinga og fyrirtækja fyrir það tjón, sem olíulekinn hefur valdið. Í síðustu viku féllst BP á að stofna 20 milljarða dala sjóð til að standa straum af skaðabótum vegna tjónsins.

Brösuglega hefur gengið að stöðva lekann úr olíubrunninum, sem hefur dælt olíu út í hafið í stórum stíl síðan olíuborpallurinn Deepwater Horizon eyðilagðist og sökk í apríl síðastliðnum.

Fyrir tæplega þremur vikum tókst loks að setja eins konar tappa ofan á brunninn, sem hægt er að dæla olíu í gegnum upp í skip á yfirborði sjávar, þar sem hún er síðan brennd. Þetta stöðvaði ekki lekann, þótt eitthvað hafi hann minnkað. Tekist hefur að dæla töluverðu magni upp í skipið á hverjum degi.

Varanleg lausn fæst þó ekki fyrr en eftir lengri tíma. Á vegum BP er verið að bora tvær borholur til hliðar við upphaflegu borholuna, með það að marki að hitta á hana svo hægt verði að dæla þykkri eðju niður í gömlu borholuna og stífla hana. Að því búnu á að setja steinsteypu niður til að loka borholunni endanlega.

Vonast er til að önnur hliðarborholan nái í mark um miðjan ágúst, en það er hægara sagt en gert. Olíuborholan sjálf er ekki nema 15 sentimetrar í þvermál, svo það verður mikil nákvæmnisvinna að hitta á hana með bor á þriggja kílómetra dýpi undir sjávarbotninum.

Starfsmenn BP segjast þó harla bjartsýnir á að þeim takist að stöðva þennan olíuleka, sem er orðinn sá versti í gjörvallri sögu Bandaríkjanna.

„Þetta er í alvöru ekkert svo erfitt,“ segir Mickey Fruge, verkstjóri um borð í borpallinum Development Drill II sem sér um að bora aðra hliðarholuna niður í hafsbotninn.

Um borð í báðum borpöllunum starfa menn allan sólarhringinn, Mistakist þeim ætlunarverk sitt, þýðir það enn þá lengri töf þangað til hægt verður að stífla gömlu borholuna. gudsteinn@frettabladid.is

## Borað til að stöðva lekann



# SUMAR ÚTSALA

6 mánaða vaxtalausar greiðslur

## Gerið gæða- og verðsamanburð

## 20-50%
### AFSLÁTTUR

Lök, hlífðardýnur, sængurverasett, heilsukoddar, viðhaldskoddar, íslenskir PU leðurgaflar, náttborð, útlitsgallaðar dýnur og fleira.

### SVEFNSÓFAR



Hágæða svefnsófi. Íslensk framleiðsla.
Heilsudýna úr þrýstijöfnunarefni.
Svefnflötur 140x200.
Nú aðeins kr. **264.900**



NÝTT

### BOAS
**Leður hægindastóll**
**79.900**
Nokkrir litir

**Lyftu hægindastóll**
**129.900**

Ný sending

### SAGA OG ÞÓR
Hágæða heilsudýnur



SAGA Queen rúm, nú aðeins **129.900**
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins **149.900**

### IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi



**Queen rúm nú aðeins kr. 179.900**

### VALHÖLL/FREYJA
Ný sending

Góð rúm á frábæru verði



Queen rúm, nú aðeins kr. **99.900**



NÝTT

### BOAS
**Leður hægindasófi 3 sæta 149.900**
**Svefnsófi 149.900**

### ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA



**PROFLEX**

2x90x200 og 2x90x210
Nú aðeins **349.900** með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum

### GERUM TILBOÐ FYRIR HÓTEL OG GISTIHEIMILI

Íslenskir PU leðurbotnar og gaflar. Íslensk framleiðsla.

**Gerið gæða- og verðsamanburð**




## Svefn & heilsa
★★★★★




www.svefn.is

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00**

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Tvö dauðaslys á erlendum ferðamönnum með stuttu millibili vekja upp spurningar.

## Aukið öryggi ferðamanna

Tvö dauðaslys á erlendum ferðamönnum hafa orðið hér á landi með stuttu millibili. Slysin vekja fyrst og fremst sorg og óhug en óneitanlega vakna einnig upp spurningar um það hvort og þá hvernig hægt sé að draga úr slíkum slysum og helst koma í veg fyrir þau.

Ferðamálastjóri bendir á í frétt hér í blaðinu í gær að verið sé að vinna að þróun gæða- og umhverfisvottunarkerfis fyrir íslenska ferðaþjónustu og að þar verði öryggismál ferðamanna tekin sérstaklega til skoðunar. Því ber að fagna.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Jónína Ólafsdóttir landfræðingur skrifaði lokaritgerð sína um öryggismál í sportköfun. að hennar mati er þeim mjög ábótavant hér á landi. Hún benti á í viðtali á Vísi.is að hvorki sé að finna upplýsingaskilti né varasúrefni við Silfru sem þó er afar vinsæll staður til sportköfunar. Sömuleiðis benti hún á að eftirliti með fyrirtækjum sem bjóða upp á sportköfun hér á landi sé ábótavant og reglugerðir sem þær starfi eftir séu úreltar.

Slys gera ekki boð á undan sér og enginn mannlegur máttur getur útrýmt slysum. Það breytir ekki því að til fjölmargra ráðstafana er hægt að grípa til þess að draga úr þeim og vitað er að forvarnir geta dregið verulega úr fjölda slysa.

Það er ákaflega mikilvægt að fræða erlenda ferðamenn sem hingað koma um þær hættur sem finnast í íslenskri náttúru. Varúðarskiltum á helstu tungumálum verður að koma upp miklu víðar en nú er og eftirlit verður að auka á þeim stöðum þar sem mesta hættan er fyrir hendi. Loks verður að setja þeim ferðaþjónustufyrirtækjum sem bjóða upp á ævintýralega upplifun sem í eðli sínu er hættuleg, eins og gildir um köfun, sleðaferðir á jöklum og ýmislegt fleira, skýran starfsramma sem fylgt er eftir með eftirliti. Þau fyrirtæki sem byggja tekjur sínar á slíkum ferðum verða að geta sýnt fram á að undirbúningur ferðalanga sé fullnægjandi og að fyllstu ábyrgðar sé gætt í slíkum ferðum.

Hér á landi verða allt of mörg slys á ferðamönnum, bæði íslenskum og erlendum. Slysin eru af ólíkum toga sem bendir til að þörf sé á víðtæku og samstilltu átaki til þess að spyrna þarna við fæti. Ferðamálayfirvöld, sveitarfélög, fyrirtæki í ferðaþjónustu og aðrir þeir aðilar sem að móttöku ferðamanna koma verða að taka höndum saman hratt og örugglega.

Það er mikið í húfi. Við Íslendingar viljum leggja metnað í að taka vel á móti erlendum ferðamönnum. Við erum stolt af landinu okkar og viljum þess vegna að sem flestir sæki það heim og helst að þeir komi aftur og aftur.

Tekjur af ferðamönnum eru afar mikilvægar og til þess hefur verið horft að þær muni aukast á næstu árum. Til að svo megi verða verður að vanda til verka, von um skyndiágóða má aldrei ráða för í ferðaþjónustu heldur yfirvegaður metnaður til þess að gera sem best. Allir sem að ferðaþjónustunni koma verða að vera vakandi fyrir öryggismálum, alltaf og alls staðar. Aðeins þannig verður hér byggð upp vönduð ferðaþjónusta til framtíðar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Vissi það allan tímann

Valgerður Sverrisdóttir var viðskiptaráðherra þegar lög um vexti og verðtryggingu voru samþykkt 2001. Í samtali við Morgunblaðið á laugardag sagði Valgerður að það hefði verið hennar skilningur að sú gengistrygging sem nú hefur verið dæmd ólögleg hafi verið óheimil. „Það er von að spurt sé hvernig þetta gat liðist án athugasemda allan þennan tíma og aldrei kom fram fyrirspurn á þinginu um þetta svo ég muni. Ég get ekki séð betur en Fjármálaeftirlitið hafi átt að hafa eftirlit með þessu.“



### En gerði ekkert

Valgerður segist sumsé hafa grunað allan tímann að gengistrygging lána væri ólögleg. Féll það þá ekki undir eftirlitsskyldu hennar að hnippa í Fjármálaeftirlitið og fá það til að ganga í málið? Af hverju gerði hún það ekki?

### Rofin tengsl

Hannes Hólmsteinn Gissurarson hefur áhyggjur af rofnandi tengslum Íslendinga við sögu sína og menningararfleifð. Lái honum hver sem vill. Í bloggi sínu á Pressunni bendir Hannes á tvö dæmi þar sem fróðir menn, þeir Tryggvi Gíslason og Þráinn Bertelsson, þekktu ekki tilvitnanir úr bókum Jóns Thoroddsen og eignuðu þær öðrum. „Ef tveir kunnir menningarvitar þekkja íslenskar bókmenntir (og það frá nítjándu öld) ekki betur en þetta, hvað þá um okkur minni spámennina?“ spyr Hannes. Þetta er vel athugað. En Hannes hefði svo sem geta fundið veigameira dæmi, til dæmis ævisöguritarann sem var svo illa að sér í texta Nóbelsskáldsins að hann hélt að hann væri eftir sig.



bergsteinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Merk tímamót

Evrópumál



Einar Benediktsson
fyrrverandi sendiherra

Samþykkt leiðtogafundar Evrópusambandsins 17. júní um að hefja aðildarviðræður við Ísland markar tímamót. Við eigum að baki langa vegferð í þátttöku í því samstarfi Evrópuþjóða sem hófst með gerð Rómarsamningsins árið 1957. Nú skal lagt í síðasta áfangann, aðild að ESB.

Norðurlöndin leggja þungt lóð á vogarskálar við öll gildi evrópsks nútímasamfélags. Öll eigum við hlutdeild, ekki hvað síst Íslendingar, í menningarlegri sameign þeirra þjóða sem eru í Evrópusambandinu og þau vilja efla og varðveita saman. En háleitum markmiðum og sögulegri arfleifð má minnast á hátíðastundum efnahagslegs alþjóðasamstarfs þegar góðum árangri hefur verið skilað um hagsæld, efnahagslegan stöðugleika og næga atvinnu.

Hvort þetta eigi við um Evrópusambandið yfirleitt eða með Ísland þar innanborðs, er sitthvað sagt þegar aðildarmálin ber á góma. Í þeim efnum er rétt að hafa hugfast að á hálfri öld vaxandi efnahagslegs samruna hafa framfarir viðkomandi landa verið meiri og stöðugri en áður. Þetta á ekki hvað síst við um minni ríki sem hafa langa reynslu af aðild, eins og er um Lúxemburg. Það sama var sagt um Grikkland, Spán og aðra þar til óstjórn þeirra í fjármálum sló í bakseglin.

En evran reyndist mikill bakhjarl. Ekki varð bankahrun eða kreppa í Finnlandi sem gerðist aðili að Myntbandalaginu og tók upp evruna þegar Íslendingar hefðu betur gert slíkt hið sama. Þá kemur að öðru atriði varðandi aðildina: með gerð EES-samningsins urðum við að verulegu leyti aðili að ESB. Eftir standa einkum sjávarútvegs- og landbúnaðarmál og það meginatriði að hírast ekki lengur utangarðs í ákvörðunartökum.

Sjávarútvegsmál munu ráða úrslitum í samningum okkar. Eigum við Íslendingar þá ekki að spyrja að leikslokum og taka síðan ákvörðun um aðild? Ekki er vert að hlusta á þann hræðsluáróður að við séum ekki færir um að semja um hagsmunamál okkar. Varla hefur það gleymst að við náðum þeim einstaka árangri að tryggja okkur full yfirráð yfir íslenska landgrunninu. Utanríkisráðherra og starfslið hans skiluðu góðum árangri í átaki um að fá Ísland samþykkt sem ESB umsækjanda. Þá hefur stjórnsýslan, ekki hvað síst utanríkisráðuneytið, unnið mikið verk við að undirbúa samninga í vinnuhópum aðalsamninganefndarinnar. Og Sjálfstæðir Evrópumenn hafa rök að mæla, að nú reynir á Sjálfstæðisflokkinn að taka á ný fullan þátt í hefðbundinni stefnu flokksins í utanríkismálum og styðja samninganefnd Íslands til að ná sem allra bestum árangri.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Hver eru skilaboð stjórnvalda?

Skuldaleiðréttingar

Haukur Claessen
stjórnmálafræðingur



Grein Helga Hjörvars alþingismanns, sem birtist í Fréttablaðinu 15. júní sl. snýst um skuldaleiðréttingu húsnæðislána almennings. Frá því snemma árið 2008 hefur hagur hins almenna íbúðareiganda versnað til muna eins og alþjóð veit. Uppsöfnuð verðbólga frá ársbyrjun 2008 nemur tæpum 30 prósentum með tilheyrandi hækkun íbúðarlána svo ekki sé minnst á rýrnun kaupmáttar venjulegs fólks.

Helgi færir rök fyrir því að um 100 milljarða króna svigrúm hafi skapast hjá stjórnvöldum til að leiðrétta húsnæðisskuldir. Bendir hann á aukið svigrúm bankanna til afskrifta og ávinning ríkissjóðs og lífeyrissjóðanna af sk. Avens-samningi sem nýlega var gerður milli Seðlabanka Íslands og Seðlabanka Lúxemborgar. Kjarninn í greininni er sá að án almennra afskrifta er aðallega komið til móts við þá sem voru hvað duglegastir að skuldsetja sig á undanförnum árum.

Viðbrögð forsætisráðherra við greininni valda vonbrigðum. Hún telur þörf á að koma [„...til móts við þá verst stöddu og gætu sumir fengið allt að 90 prósent niðurfellingu skulda."]

Vissulega þarf að koma til móts við stórskuldara en hvað með þann mikla fjölda fólks sem hefur sýnt ráðdeild og tók lán af varfærni? Skilaboð stjórnvalda til almennings eru þau að aðeins verði komið til móts við allra skuldsettustu einstaklingana. Hinir geta átt sig.

Hversu lengi ber manni að borga greiðsluseðlana án þess að sjáist högg á vatni? Þótt höfuðstóllinn á verðtryggðum lánum lækki hægt og rólega hefur „skuld samtals með verðbótum" gert fátt annað en að hækka undanfarin ár þökk sé verðbólgunni og verðtryggingunni. Það virðist stoða lítt að greiða aukalega inn á höfuðstólinn því lánin eru eins og botnlaus hít í því árferði sem nú er.

Að mínu mati snýst málið um að stjórnvöld sýni viðleitni til að leiðrétta stökkbreytt íbúðarlán. Almennar afskriftir upp á 20 prósent hafa verið viðraðar má telja óraunhæfar en hvað með 10 prósent með 5 milljón króna afsláttarþaki? Ekki yrði um neinar töfralausnir að ræða en eins og áður sagði snýst þetta um viðleitni stjórnvalda til almennra afskrifta. Svigrúmið telur Helgi Hjörvar vera til staðar. Hvort nýgenginn dómur Hæstaréttar um ólögmæti gengistryggðra lána hefur áhrif á stöðu þeirra sem eru með verðtryggð húsnæðislán á bakinu skal ósagt látið.

# Fyrir framtíðina

Í DAG

Jónína Michaelsdóttir
blaðamaður



Ég heyrði einu sinni bandarískan mann segja frá því, að í virtum háskóla í Bandaríkjunum hefði á sínum tíma komið upp umræða um óvissuþáttinn í viðskiptum. Jafnvel yfirgripsmikil þekking á lögmálum viðskiptalífsins bæri ekki í sér vísdóm um það sem framundan væri á hverjum tíma. Og spurningin var: Á hverju byggja forstjórar öflugra fyrirtækja ákvarðanir sínar þegar þeir taka áhættu í viðskiptum?

Þegar fréttist af sérstöku þingi helstu jöfra viðskiptalífsins í næsta fylki, vaknaði sú hugmynd að fá að rannsaka þetta með vísindalegum hætti. Skólinn hafði samband við stjórnendur þingsins sem tóku þessu vel. Þetta var á bernskudögum tölvunnar, þegar hún var stór klumpur en ekki nett fartölva á hvers manns borði eða símtæki í vasa. Talsvert mál var að flytja hana og þegar komið var á áfangastað virkaði hún ekki fyrst í stað. Haft var samband við tölvusérfræðing en óvissa hvort hann kæmist í tíma. Málið leystist. Rætt var við þingfulltrúa sem komu víða að úr mörgum starfsgreinum.

### Niðurstaðan kom á óvart

Í ljós kom, að traust og stöndug fyrirtæki studdust við reynslu og þekkingu á eigin markaðssvæði, en forstjórar stærstu og öflugustu fyrirtækjanna studdust undantekningarlítið við eigið innsæi.

Höfðu á tilfinningunni hvað var í farvatninu og þorðu að treysta því. Nokkur dæmi voru nefnd um slíkar ákvarðanir sem virtust um tíma hafa verið feigðarflan, en síðan gerðist eitthvað sem kallaði á þörf fyrir þessa vöru, og stjórnandinn sat með pálmann í höndunum.

### Ekki spurt um flokksskírteini

Árið 1981 var landsfundur Sjálfstæðisflokksins haldinn undir yfirskriftinni: Fyrir framtíðina.

Auk hefðbundinna nefndarstarfa og funda var sérstakur dagskrárliður undir þessu heiti. Fjórir einstaklingar,sem tengdust atvinnulífi og vísindum, höfðu verið fengnir til að flytja erindi, þar sem litið var til framtíðar varðandi tækifæri í atvinnulífi, velferð og menningarmálum.

Ekki var litið til flokksskírteinis þegar þetta fólk var valið, heldur reynslu þess, og hverrar gerðar það var. Þetta voru ólíkir einstaklingar og afar áhugavert og upplýsandi að hlusta á þá.

Ég hef oft vel fyrir mér síðan, hver vegna svona dagskrá eða sambærileg er ekki á hverjum landsfundi, til að rífa okkur upp úr hefðinni og koma með nýjan vinkil í pólitíska umræðu.

Ekki bara í Sjálfstæðisflokknum, heldur öllum stjórnmálaflokkum. Ég hef líka verið að hugsa um hvaða fjóra einstaklinga ég myndi sjálf velja í dag í slíkan dagskrárlið, og komist að þeirri niðurstöðu að það væri um býsna marga að ræða, en enginn af þeim sem koma í hugann hafa starfað í stjórnmálum.

### Ísland 2010

Árið 1987 kom úr prentun víðtæk könnun á framtíðarhorfum Íslendinga næsta aldarfjórðunginn, til þess að vekja umræður um langtímasjónarmið í stjórnmálum og auðvelda fólki, fyrirtækjum og stjórnvöldum að móta stefnu til langs tíma. Heftið er grænt og heitir, Gróandi þjóðlíf. Yfirfyrirsögn á forsíðu er: ÍSLAND 2010.

Í formála segir meðal annars: „Hér á landi eru fyrirsjáanlegar miklar breytingar á aldursskiptingu mannfjöldans, sem hafa víðtæk áhrif á félagsmál og efnahagsmál, útgjöld hins opinbera og þjóðfélagið allt," en fram kemur jafnframt að það verði fyrst fundið fyrir því árið 2010.

Margt er áhugavert í þessu hefti og kunnuglegt. Til dæmis að lífsstíll og umhverfisáhrif verði veigamestu áhrifavaldar um heilsufar í framtíðinni, einstaklingar hafi aldrei ráðið jafnmiklu um eigið heilsufar, og að heilsufar jarðarbúa verði innbyrðis tengdara en áður. Þetta eru allt sjálfsagðir hlutir í dag, en hafa ekki alltaf verið það.

> Á öllum tímum velta menn fyrir sér framtíðinni, og auðvitað ræðst hún mest að því sem gert er í dag. En það verður að segjast eins og er, að ráðandi öfl í landinu eru nær því að vera blaktandi tíra en bjart leiðarljós fyrir fólkið í landinu.

Á öllum tímum velta menn fyrir sér framtíðinni, og auðvitað ræðst hún mest af því sem gert er í dag. En það verður að segjast eins og er, að ráðandi öfl í landinu eru nær því að vera blaktandi tíra en bjart leiðarljós fyrir fólkið í landinu.

Í öllum stjórnmálaflokkum er viðvarandi ágreiningur. Og hver hefur áhuga á fóstri hjá foreldrum sem rífast og slást á almannafæri og rægja hvort annað, meðan leirinn er óþveginn í vaskinum og þvotturinn liggur óhreinn út um allt.

IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Auglýsing um umsóknir um úthlutun losunarheimilda skv. lögum um losun gróðurhúsalofttegunda nr. 65/2007.

Úthlutunarnefnd losunarheimilda, sem skipuð er af umhverfisráðherra og starfar skv. lögum nr. 65/2007 um losun gróðurhúsalofttegunda auglýsir hér með eftir umsóknum um losunarheimildir frá atvinnurekstri sem uppfyllir ákvæði laganna og hyggjast hefja eða auka starfsemi sína fyri árslok 2012.

Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um losun gróðurhúsalofttegunda skal atvinnurekstur sem fellur undir 7. gr. laganna sækja um úthlutun á losunarheimildum til Umhverfisstofnunar eigi síðar en 9 mánuðum áður en fyrirhuguð starfsemi hefst.

Umsókn skal uppfylla kröfur 8. gr. laga um losun gróðurhúsalofttegunda og skal m.a. staða undirbúnings viðkomandi atvinnurekstrar koma fram með skýrum hætti. Í þessu felst að gera skal grein fyrir hvort aflað hafa verið leyfa fyrir atvinnurekstrinum og þá hvaða leyfa hafi verið aflað og sem afla þarf lögum samkvæmt, eða þeim áföngum sem náðst hafa í öflun þeirra, öflun orku fyrir reksturinn og öðrum þáttum sem skýrt geta stöðu undirbúningsins.

Samkvæmt ákvörðun 14/CP.7 við Kyoto bókunina þarf að koma fram hvernig starfsemin uppfyllir skilyrði hennar, einkum um notkun endurnýjanlegrar orku og bestu fáanlegrar tækni vegna atvinnurekstursins.

Umsóknum og viðbótarupplýsingum skal skilað til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, eigi síðar en 16. júlí 2010 og er umsóknargjald kr. 250.000.

Úthlutunarnefnd losunarheimilda
21. júní 2010



Sigríður Einarsdóttir
útibússtjóri Ármúla

Viltu gerast viðskiptavinur
**elsta starfandi** banka á Íslandi?
Við sjáum um það fyrir þig.

Varfærni, einfalt þjónustuframboð og örugg vinnubrögð skipta öllu máli fyrir fólk og fyrirtæki.

**Þannig á banki að vera.**

- Debetkort
- Launareikningur
- Kreditkort
- Netbanki
- Netgreiðsluþjónusta
- Gjaldeyrisreikningar
- Sparnaðarreikningar
- Yfirdráttur

MP BANKI

Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | www.mp.is





# Og hvað svo? – fyrri hluti

**Ólögmæt gengistrygging**

**Einar Hugi Bjarnason**
lögmaður hjá ERGO lögmönnum

**Björgvin Halldór Björnsson**
lögmaður hjá ERGO lögmönnum

Hæstiréttur felldi nýlega tvo sambærilega dóma er varða lögmæti gengistryggingar í bílasamningum. Niðurstaða réttarins í báðum málunum var sú, að umræddir samningar væru lánssamningar en ekki leigusamningar, þeir væru um skuldbindingu í íslenskum krónum og þ.a.l. væri óheimilt að binda skuldbindinguna skv. samningnum við gengi erlendra gjaldmiðla.

Þótt framangreindir dómar séu skýrir varðandi það að gengistrygging bílasamninga sé óheimil er nú talsverð óvissa um það hvað tekur við. Vitað er að fjöldi aðila, bæði einstaklingar og fyrirtæki, hefur tekið slík lán og er staða lántakenda misjöfn. Sumir hafa staðið í skilum með afborganir þrátt fyrir hækkun lána, sumir hafa gert upp lánin að fullu, aðrir hafa þurft að þola vörslusviptingu og enn aðrir hafa með skilmálabreytingum breytt lánum sínum í hefðbundin verðtryggð íslensk lán. Í þessari grein verður leitast við að túlka niðurstöðu framangreindra dóma og svara spurningum varðandi réttarstöðu skuldara.

### Hvernig á að standa að endurútreikningi lána?

Hæstiréttur svarar því ekki í dómum sínum hvernig endurreikna skuli gengistryggða lánssamninga. Undirritaðir eru hins vegar eindregið þeirrar skoðunar að túlka eigi dómana með þeim hætti að gengistryggingarákvæði bílasamninganna sem um var að tefla sé ógilt en að samningarnir haldi að öðru leyti gildi sínu. Um þetta atriði virðast flestir vera sammála en hins vegar hafa margir orðið til að benda á að eitthvað þurfi að koma í staðinn. Þeim rökum hefur verið teflt fram í því sambandi að ósanngjarnt sé, gagnvart þeim sem kusu að taka verðtryggð lán í íslenskum krónum, að hinir sem tóku hin svonefndu myntkörfulán njóti eftir dóma Hæstaréttar þeirra bestu lánakjara sem boðist hafa á Íslandi fram að þessu.

Undirritaðir telja hins vegar að slík rök geti ekki réttlætt það að vikið sé frá skýrum samningsákvæðum. Staðan er einfaldlega sú eftir dóma Hæstaréttar að gengistryggingunni er kippt úr sambandi, ef svo má að orði komast, en eftir standa umsamdir vextir. Að mati undirritaðra er óhugsandi að túlka dóma Hæstaréttar með þeim hætti að í stað gengistryggingar eigi sjálfkrafa að reikna annars konar verðtryggingu. Hvorki sanngirnisrök né rök um brostnar forsendur geta réttlætt slíka niðurstöðu. Sérstaklega skal tekið fram að undirritaðir telja að ekki sé heimilt að miða við vaxtatöflu Seðlabanka Íslands um lægstu óverðtryggðu vexti, sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu í stað gengistryggingar, enda á sú lagagrein eingöngu við þegar engin vaxtaviðmiðun er í viðkomandi samningi. Slíkt á hins vegar almennt ekki við um hina svonefndu bílalánssamninga þar sem skýrt er kveðið á um hvaða vexti skuldbindingin ber.

Í þessu sambandi benda undirritaðir á úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur 30. apríl 2010 sem kveðinn var upp í tilefni af kröfu NBI hf. þess efnis að bú einkahlutafélagsins Þráins yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Niðurstaða héraðsdóms var sú að hafna gjaldþrotaskiptakröfu NBI hf. þar sem gengistrygging lánssamninga þeirra sem um var deilt í málinu væri í andstöðu við VI. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og því ógild. Þá segir orðrétt í forsendum dómsins: „Telur hann m.ö.o. að ekki sé heimilt að reikna fjárhæð skuldar varnaraðila með þeirri hækkun sem sóknaraðili reiknar vegna breytinga á gengi jens og svissnesks franka gagnvart íslenskri krónu. Telur hann að miða verði við upphaflegan höfuðstól auk áfallinna vaxta, en að ekki sé heimilt að reikna annars konar verðtryggingu í stað gengisviðmiðunar.“ NBI hf. kærði framangreinda niðurstöðu til Hæstaréttar sem kvað upp dóm sinn í málinu nr. 317/2010 þann 16. júní sl., þ.e. hinn sama dag og hinir svonefndu gengisdómar féllu. Skemmst er frá því að segja að Hæstiréttur nálgaðist málið úr annarri átt en héraðsdómur gerði en komst að sömu niðurstöðu. Hæstiréttur tók því ekki afstöðu til þess álitaefnis hvort heimilt væri að reikna annars konar verðtryggingu í stað gengistryggingar. Undirritaðir lýsa sig sammála niðurstöðu héraðsdómara í ofangreindu máli.

Af öllu framangreindu leiðir að við endurútreikning lánssamninga ber að miða við upphaflegan höfuðstól lánanna. Þá er nauðsynlegt að skoða hvern og einn lánssamning sérstaklega og bæta við upphaflegan höfuðstól umsömdum vöxtum. Þegar lánin hafa verið reiknuð út miðað við framangreindar forsendur skal draga frá þær greiðslur sem viðkomandi skuldari hefur greitt að viðbættum vöxtum skv. lögum nr. 38/2001 frá réttum gjalddögum vegna þess sem ofgreitt var. Með þessari aðferðafræði er unnt að reikna út eftirstöðvar viðkomandi lánssamnings.

### Aðilar sem hafa staðið í skilum með bílalán

Miðað við þær forsendur sem gefnar voru hér að framan varðandi endurútreikning lánssamninga má ljóst vera að hugsanlegt er að skuldarar hafi ofgreitt af lánum sínum mánuðum saman miðað við upphaflegar forsendur lánasamningsins. Ef slík aðstaða er uppi er ljóst að viðkomandi skuldari á endurkröfurétt á hendur fjármögnunarfyrirtækinu. Skuldarinn hefur þá það val að krefja fyrirtækið um endurgreiðslu vegna þess sem ofgreitt var eða að lýsa yfir skuldajöfnuði gagnvart eftirstöðvum samningsins. Miðað við þau lausafjárvandræði sem mörg íslensk heimili og fyrirtæki glíma við um þessar mundir er ekki ólíklegt að mörgum þætti fýsilegt að velja fyrrnefnda kostinn. Hins vegar er ljóst, miðað við fjölda gengistryggða lánssamninga og heildarfjárhæð slíkra samninga, að ef margir kysu að fara þessa leið gæti það riðið fjármögnunarfyrirtækjunum að fullu.

Seinni hluti greinarinnar birtist á næstu dögum.


Sterkari króna
= Lægra verð



Hágæða inni- og útiflísar frá Champion.
Stærðir: 30x60, 60x60 og 45x90

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGAVÖRUM

Klettháls Rvk
Akureyri
Suðurnesjum
Húsavík
Flúðir

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is






HIGH PEAK
Simex Sport

**High Peak Ancona 4 og 5 manna**
Rúmgott fjölskyldutjald. Vatnsvörn 3.000 mm.
Yfirlímdir saumar. Dúkur í fortjaldi. 2 inngangar.
Hæð 190/200 cm.
Verð **42.990/52.990** kr.

**High Peak Como 6 manna**
Tvískipt innratjald með fortjaldi á milli.
Vatnsvörn 2.000 mm. Yfirlímdir saumar.
Hæð 200 cm.
Verð **39.990** kr.

**High Peak Nevada 3 manna**
Sigilt 3 manna kúlutjald með fortjaldi.
Vatnsvörn 2.000 mm. Yfirlímdir saumar.
Hæð 120 cm.
Verð **16.990** kr.



Uppsett tjöld til sýnis alla virka daga frá kl. 10-17.

Meiri upplýsingar um úrvalið á www.utilif.is

ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 50546 06/10

HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • WWW.UTILIF.IS
ÚTILÍF



**PLANKAR** sem raða má upp á til dæmis steyptar svalir og mynda þannig þægilegt gólfborð til að ganga á fást yfirleitt í viðarlitum í byggingarvöruverslunum. Það getur komið ljómandi vel út að mála plankana hvern í sínum litnum og útbúa þannig til glaðlegt mynstur á svalirnar.



FRÉTTABLAÐIÐ Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447









Garðar Cortes greindist með Dupuytren's veiki fyrir meira en áratug sem veldur meðal annars því að fingurnir kreppast. Hann leitaði sér hjálpar í Frakklandi og hefur náð góðum bata. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Vann bug á víkingaveiki

**Garðar Cortes óperusöngvari greindist fyrir nokkrum árum með Dupuytren's veiki. Hann fann bót sinna meina hjá þekktum lækni í Frakklandi sem hefur getið sér góðan orðstír fyrir óhefðbundnar aðferðir.**

„Ég er bara allt annar maður, finn ekki lengur fyrir þessu," segir Garðar Cortes, óperusöngvari og skólastjóri Söngskólans í Reykjavík, sem greindist fyrir meira en áratug með svokallaða Dupuytren's veiki, sem veldur því meðal annars að fingurnir kreppast. Síðan þá hefur Garðar náð góðum bata með aðstoð þekkts læknis í Frakklandi.

Að sögn Garðars þjást margir af Dupuytren's veiki, einkum á norðurhveli jarðar og er talið að um arfgengan sjúkdóm sé að ræða. „Hún er af þeim sökum oft kölluð „viking syndrome" eða víkingaveiki. Ég geri mér reyndar í hugarlund að það sé vegna þess að vísindamenn hafi séð þessi einkenni við uppgröft og rannsóknir á líkamsleifum frá tímum víkinga. Sjálfur erfði ég þetta frá móður minni, en bróðir minn og börn hafa hingað til alveg sloppið við þetta."

Garðar segir að þeir sem þjást af Dupuytren's veiki fari yfirleitt í skurðaðgerð á höndum og að svo búnu taki við margra vikna endurhæfing. Fyrir nokkrum árum las hann hins vegar í tímaritinu Time Magazine um lækni að nafni Henry Lellouche í París sem læknaði sjúklinga sína án þess að beita hefðbundnum skurðaðgerðum. Garðar var þá illa haldinn í hægri hendinni og ákvað því að hafa samband við lækninn þegar hann var staddur í París í fræðsluferð ásamt kennaraliði úr Söngskólanum.

„Hann var svo vinsamlegur að hitta mig og eftir að hafa skoðað á mér höndina, deyfði hann mig og liðkaði puttana með því að toga í þá. Þetta tók í það heila innan við sjö mínútur og að því loknu fann ég ekki fyrir þessu," segir Garðar og bætir við að einkennin hafi ekki látið á sér kræla í tíu ár. „Reyndar var vinstri höndin farin að kreppast fyrir skemmstu en þá fór ég aftur út og læknirinn lagaði hana."

Garðar segist hafa sett sig í samband við lækna hérlendis eftir fyrstu heimsókn sína til Lellouche og lýst fyrir þeim aðferðinni og árangrinum. „Einhverjir sýndu því áhuga að fá lækninn hingað til að flytja erindi, en svo varð ekkert af því eftir sem ég kemst næst. Ætli það hafi bara nokkuð náðst samstaða meðal lækna um málið þar sem þetta er nokkuð óhefðbundin aðferð, þótt hún skili tvímælalaust árangri."

*roald@frettabladid.is*







Ný tækni . Betra verð . Fagleg þjónusta

SURROUND SOUND by ReSound

Nýju ReSound heyrnartækin endurvekja tilfinningu fyrir hljóðum sem berast úr hvaða átt sem er á svipaðan hátt og þegar skipt er úr einföldum steríótækjum með tveimur hátölurum í kringóma (surround) heimabíó með hátalara til allra átta.

ReSound heyrnartækin setja mann í miðpunkt hljóðheimsins sem maður hrærist í. Þegar maður getur fylgst betur með hljóðum sem berast úr öllum áttum nýtur maður góðs hljóms mun betur. Auðveldara er að átta sig á hvaðan hljóðið berst og maður getur notið þess að tala við fólk þó hávaði sé í umhverfinu.




HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA
Hlíðasmári 11, 201 Kópavogur -www.heyrn.is

Frí ráðgjöf
Tímapantanir
534 9600

ReSound
rediscover hearing

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Viðhaldsfríar
ÞAKRENNUR

*Þegar hús eru klædd með „viðhaldsfrírri" klæðningu er nauðsynlegt að nota „viðhaldsfríar" þakrennur.*

*Rennurnar frá Grövík Verk í Noregi eru gerðar úr 0,9 mm áli og tærast ekki, ryðga, né brotna.*

*Fyrsta rennan var framleidd árið 1956 og er enn í notkun.*

*Litir til á lager: Svartar, hvítar, rauðbrúnar og ólitaðar.*

**Hágæða**
**Varmaskiptasamstæður loftræstistokkar og tengistykki**



HAGBLIKK ehf.
*Smiðjuvegi 4C*
*Box 281 202 Kópavogur*
*Sími 587 2202 Fax 587 2203*
*hagblikk@hagblikk.is www.hagblikk.is*
Augl. Þórhildar 1460.24

Rauðakrosshúsið
Dagskrá vikunnar
Allir velkomnir

**Þriðjudagur 22. júní**

- Leitin að hamingjunni - Hegðunarmynstur, hugarfar og líkamlegt ástand hafa áhrif á líðan okkar. Leitað verður svara við því hvernig við getum fyllt lífið af hamingju. kl. 13-14:30
- Lífskraftur og tilfinningar - Fimmti hluti af sex. Lokað. kl.13-15
- Gönguhópur kl. 13-14
- Vinnum saman (Býflugurnar) kl. 14-16

**Miðvikudagur 23. júní**

Miðvikudagar eru dagar unga fólksins í Rauðakrosshúsinu

- Taktur - Fréttasmiðja, atvinnuleitin, listahópar og margt fleira. kl.9-13
- Spænskuhópur - Spjöllum saman á spænsku um pólitík og lífið. kl.11-12
- Pastagerð - Lærðu að gera einfalt pasta og smakkaðu í lokin kl. 11:30-13
- Skapaðu þér góða framtíð! - Hópastarf fyrir 16-25 ára. Styrktu sjálfsmyndina og lærðu tilfinningastjórnun. Fyrsti hluti af sex. Skráning nauðsynleg kl. 13-15
- Hvað læra má af þeim færustu í samskiptum - kl. 13-14
- Ungi sjálfboðaliðinn - Kynning á Takti og sjálfboðnum störfum innan Rauða krossins kl. 14-15
- Ráðgjöf fyrir innflytjendur kl. 14-16
- Briddsklúbbur kl. 14-16
- Jóga kl. 15-16

**Fimmtudagur 24. júní**

- Sumarpasta - Lærðu að gera gómsætt, létt pasta og smakkaðu í lokin. kl.13 -14
- Heilsa og hreyfing - Fyrirlestur og hópvinna um nauðsyn hreyfingar. kl.14-15
- Tölvuaðstoð kl. 13:30-15:30
- Art of living - Öndunaræfingar kl. 15-16

**Föstudagur 25. júní**

- Sumar og sól með tilheyrandi góðgæti - Grillmatur og marineringar, meðlæti, sumardrykkir og heimalagaður ís. Njóttu kræsinganna. kl.13-14:30
- Lífskraftur og tilfinningar - Sjötti hluti af sex. kl.13-15
- Gönguhópur kl. 13-15
- Hláturjóga kl. 15-16

Borgartúni 25 | Reykjavík | Sími 570 4000 | raudakrosshusid@redcross.is
www.raudakrosshusid.is | Opið virka daga kl. 13-16




Hér má sjá hvernig tilfinning fyrir stóru heildarrými eykst til muna þegar stórir gluggar skilja að stofu bústaðarins og veröndina í stað veggja og óheft birtuflæði er á milli. NORDICPHOTOS/GETTY

# Stór veröld á litlum palli

**Sumarbústaðir eru stórkostlegir staðir fyrir útsjónarsamt fólk þar sem gaman er að prófa sig áfram með smíðar, uppröðun og skipulag utandyra. Með góðum ráðum má gera lítinn pall að stórum heimi.**

Flestir sumarbústaðir eru með lítinn gólfflöt og pallurinn utandyra nálgast oft að vera jafn stór og svæðið innandyra í fermetrum talið. Með því að tengja sólpallinn vel við húsið myndast tilfinning fyrir stærra heildarrými en slíkt má til dæmis gera með því að stækka dyrnar út á pall – hafa þar jafnvel tvíbreiða hurð úr gleri eða setja glugga í framhlið bústaðarins sem ná alveg niður í gólf. Þannig er pallurinn enn frekar látinn tilheyra bústaðnum og er jafnvel meira notaður en ella af heimilisfólki. *juliam@frettabladid.is*



Mjög sniðug lausn fyrir pínulitla kofa – tvær hurðir hafa verið settar í stað veggjar þannig að stofuna má auðveldlega „stækka" með því að opna út.



Ef fólk er með afar lítinn skika fyrir utan bústaðinn eða húsið heima getur komið ljómandi vel út að útbúa agnarlítinn garð úr litlum flötum – plönkum, blómapottum, steinum – og raða þeim upp á víxl og í litla stíga. Lítið svæði getur virkað mun stærra.



Í berangurslegu umhverfi, þar sem pallurinn er opinn, munar miklu að hafa blómapotta og -ker sem mynda þá eins konar umgjörð í kringum pallinn.



Gott er að setja blóm í hengipotta á afar litlum pöllum og spara þannig gólfplássið.



Þar sem lítið pláss er á pallinum er sniðugt að smíða áföst garðhúsgögn upp við skjólvegg eins og þennan bekk sem er gerður úr afgangstimbri. Passið bara að hafa bekkinn ekki í skugga.

# Viðhald glugga úr sögunni

**Á sumrin dytta húseigendur að gluggum sínum og sumir fá sér nýja, enda mikil vinna fólgin í viðhaldi tréverks á glugga. Þá koma viðhaldsfríir plastgluggar sterkir inn, enda sérsniðnir að íslenskri veðráttu.**



Halldór Hreinsson er framkvæmdastjóri Kjarnaglugga þar sem hægt er að fá glugga með margpunkta læsingu sem gerir illmögulegt að spenna þá upp og bætir mikilvægum hlekk í öryggiskeðju heimila. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Með viðhaldsfríum gluggum losna húseigendur við hvers kyns viðhald á gluggum sínum um ókomna tíð, utan þess að smyrja lamir og læsingar af og til, eins og gerist og gengur með alla glugga," segir Halldór Hreinsson, eigandi og framkvæmdastjóri Kjarnaglugga, sem undanfarin þrjátíu ár hafa framleitt hágæða viðhaldsfría glugga úr hvítu PVC-U plastefni frá þýska framleiðandanum Rehau, sem uppfyllir ströngustu gæðakröfur og er undir ISO 9001 gæðastaðli.

„Gluggar sem við settum í hús fyrir þrjátíu árum eru enn eins og nýir því U-stafurinn í PVC-U nafni plastsins stendur fyrir þoli gegn útfjólubláu sólarljósi og því gulnar það hvorki né upplitast," segir Halldór.

Hann segir plastglugga búa yfir mun betri loft- og hljóðeinangrun en timbur- og álgluggar.

„Viðhaldsfríir plastgluggar eru marghólfa. Því snertist aldrei kuldabrúin sem myndast þegar kalt er úti og hlýtt inni, en með því fæst mun þéttari einangrun. Fram yfir álglugga héla svo plastgluggar ekki, en allir plastgluggar eru með tvöfalda þéttikanta í opnanlegum fögum og jafn þykkt gler í óopnanlegum fögum, sem gefur sömu einangrun. Þessi marghólfa einangrun veldur svo frábærri hljóðeinangrun sem er ekki síst dugandi við háværar umferðargötur," segir Halldór og bætir við að húseigendur séu hægt og bítandi að skipta út gömlum trégluggum yfir í viðhaldsfría plastglugga, en Kjarnagluggar setja einnig glugga í nýbyggingar og sumarhús. „Margir taka út gamalt gler og gluggapósta en skilja karminn eftir, og þá er settur viðhaldsfrír plastgluggi ofan í gamla glerfalsið og timburpóstar notaðir áfram innandyra. Þetta er hentug lausn því væri gluggaverk úr timbri tekið í heilu lagi færi múr af stað með tilheyrandi viðgerðum. Með þessu getur fólk pússað og málað sinn gamla timburglugga að innanverðu en fengið nýjan glugga utan frá."

Halldór segir timburglugga óhentuga hérlendis af tveimur ástæðum.

„Á Íslandi er veðurfar óhagstætt timburgluggum því sól rís og sest snöggt, og það veldur miklum hitabreytingum á skömmum tíma. Þá þurfa suðurgluggar sérstakt viðhald vegna vætusamrar sunnanáttar og tilheyrandi hitabreytinga, en þegar búið er að mála og bæsa flosnar efnið upp og viður er þá óvarinn fyrir regni og kulda. Að öðru leyti er óhentugt núorðið að nota viðarglugga hérlendis því áður var notaður betri viður í gluggana en nú mestmegnis hraðsprottin tré sem enn eru rök og gljúp," segir Halldór sem framleiðir eingöngu hvíta plastglugga, en hægt er að fá þá í fleiri litum.

„Mín skoðun er sú að gluggar eigi að vera hvítir á Íslandi því þeir draga í sig minnstan hita og hafa minnsta hreyfingu gagnvart veðrum. Þá kjósa flestir hvítan lit til að fá mesta birtu inn um gluggana sína." Sjá www.kjarnagluggar.is.

*thordis@frettabladid.is*

Handbók byggingariðnaðarins geymir fróðleik um heimilistæki, heimilishald, heimilisstörf og greinargóðar upplýsingar um viðhald húsa, húsbyggingatækni, lagnir, vegagerð og fleira.

**www.habygg.is**



***Eru skólprörin farin að gefa sig?***

**Það þarf ekki að brjóta gólf til að gera við skólprörin.**
**Við búum til nýtt rör innan í því gamla.** Við erum leiðandi fyrirtæki í heiminum í fóðrun skólpröra. Ríkið, sveitarfélög, húsfélög og hundruðir ánægðra íslenskra íbúða- og húseiganda segja sína sögu um ágæti okkar.

**Proline ehf. - www.proline.is**
**S: 571-0300**

Kynning

# Ál í óskalengd er nýjung á markaði

**Fyrirtækið Áltak sérhæfir sig meðal annars í þakefni sem hefur langan endingartíma. Að sögn Guðmundar Hannessonar, sölustjóra hjá Áltaki, er ál einstaklega vandað og varanlegt efni og nefnir dæmi um gömul álþök sem enn eru í góðu ástandi.**

„Sumarið er góður tími til þess að skipta um þök. Þá er þurrt og gott veður," segir Guðmundur Hannesson, sölustjóri hjá Áltaki. „Það er náttúrulega svolítið rask að rífa upp heilt þak og galopna allt húsnæðið sem er jafnvel búið í. Besta tækifærið er að gera það yfir sumarið."

Áltak var stofnað sumarið 1997 og hefur alla tíð sérhæft sig í vönduðu efni fyrir þök og veggjaklæðningar. Áltak framleiðir hefðbundna báru úr áli og aluzinki sem og stallað ál í óskalengd en það er nýjung hér á landi. Afhendingartími er tveir dagar.

„Við bjóðum upp á mikið litaúrval af þakefni sem er sérsniðið fyrir hvert hús," segir Guðmundur og bætir við að einnig séu í boði hvers kyns aukahlutir. „Sem eru þá kúlukjölur, skrúfur og naglar og þakpappi. Einnig bjóðum við upp á sink og kopar fyrir læstar klæðningar."

Guðmundur segir að álið sé stöðugt að vinna á sem þakefni. „Það hefur besta endingartímann á þakefnum. Ál er varanlegasta þakefnið og dæmi eru um sextíu ára gömul álþök í fínu lagi hér á landi," upplýsir Guðmundur en aluzink-bára er einnig mikið notað þakefni hér á landi.

Að sögn Guðmundar er einnig boðið upp á þakglugga. „Í mörgum stærðum sem hafa reynst mjög vel við íslenskar aðstæður," segir Guðmundur og skýrir það þannig: „Fyrst og fremst þá leka þeir ekki."



Guðmundur segir að sumarið sé besti tíminn til þakskipta. MYND/ÁLTAK



Áltak býður upp á þakefni sem er sérsniðið fyrir hvert hús. MYND/ÁLTAK

**BRJOSTAGJOF.IS** er góð heimasíða fyrir brjóstmjólkandi mæður, aðstandendur þeirra sem og fagfólk sem vinnur með mæður með börn á brjósti. Á síðunni má finna ýmsar gagnlegar upplýsingar um brjóstagjöf, allt frá næringargildi mjólkurinnar upp í gjafaaðferðir.











# NPA-miðstöð stofnuð

**Stórt skref í réttindabaráttu fatlaðs fólks á Íslandi var stigið í síðustu viku þegar miðstöð um notendastýrða persónulega aðstoð var stofnuð. Starf miðstöðvarinnar byggir á hugmyndafræði um sjálfstætt líf.**

„Markmið miðstöðvarinnar er að gera fötluðu fólki kleift að lifa við sömu aðstæður og ófatlað fólk. Miðstöðin á fyrst og fremst að aðstoða fatlað fólk við að fá viðurkenndar beingreiðslur og aðstoða fólk í framhaldi,“ segir Freyja Haraldsdóttir, stjórnarmaður í NPA-miðstöðinni, en stofnfundur miðstöðvar um notendastýrða persónulega aðstoð var haldinn í síðustu viku. „Beingreiðslur felast í því að notandi fær fjármagn frá sveitarfélagi og ríki til sín og ráðstafar því svo sjálfur í eigin þjónustu.“

Freyja segir að miðstöðin sé í eigu fatlaðs fólks og að fatlaðir einstaklingar muni sinna ráðgjöf og aðstoð í tengslum við miðstöðina. „Miðstöðin á að veita ráðgjöf og fræðslu til fatlaðs fólks. Hún á einnig að halda utan um praktíska þætti þjónustunnar þannig að ef fólk sem fær beingreiðslur kýs að þurfa ekki sjálft að standa í að borga hluti eins og laun og lífeyrissjóðsgjöld þá getur það beðið miðstöðina að taka það að sér. Miðstöðin sér því um fjárhagslegu hliðina, auk þess sem hún leiðir notandann í að verða stjórnandi aðstoðarfólks og um leið í eigin lífi.“

Freyja segir starfsemi miðstöðvarinnar byggja á hugmyndafræði um sjálfstætt líf. „Sem er hugmyndafræði sem fatlað fólk hefur þróað. Það byrjaði í kringum 1970 í Bandaríkjunum og hefur svo breiðst út um allan heim. Við á Íslandi höfum orðið eftirbátar. Kjarni hugmyndafræðinnar er að fatlað fólk öðlist stjórn á sínu lífi og fái þá aðstoð sem þarf til að búa yfir borgaralegum réttindum og mannréttindum eins og ófatlað fólk.“

Undirbúningshópur fyrir stofnun NPA-miðstöðvarinnar var myndaður í lok árs 2008 og hefur unnið að verkefninu síðan þá. „Nú er búið að skipa stjórn og við förum núna að fara í að byggja upp þá þjónustu. Við viljum byrja sem allra fyrst að veita ráðgjöf við beingreiðslurnar,“ segir Freyja og ítrekar að henni finnist þetta mikilvægt skref í mannréttindabaráttu fatlaðs fólks á Íslandi.

Nánari upplýsingar um starfsemi miðstöðvarinnar má finna á www.npa.is. *martaf@frettabladid.is*



Freyja Haraldsdóttir segir mikilvægt skref í réttindabaráttu fatlaðs fólks stigið með stofnun miðstöðvarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN











Karlmenn geta gengið í gegnum breytingaskeið. NORDICPHOTOS/GETTY

# Tvö prósent karla á breytingaskeiði

**Karlmenn geta gengið í gegnum breytingaskeið að sögn vísindamanna, en það er sjaldgæft.**

Rannsókn sem gerð var á 3.300 karlmönnum á aldrinum 40 til 79 ára sýndi að um tvö prósent miðaldra karlmanna ganga í gegnum breytingaskeið, að því er fram kemur á vef breska ríkisútvarpsins, BBC.

Mennirnir voru spurðir út í kyn- og geðheilsu sína og líkamlegt heilbrigði. Þrjú kynferðisleg vandamál báru á góma en þau voru lítil kynlífslöngun, lélegt ris á morgnana og ónnur stinningarvandamál og var lágt testósterónmagn talin vera orsökin. Einnig var minnst á þunglyndi og þreytu. Önnur einkenni sem hafa verið tengd við breytingaskeið karlmanna eins og erfiðleikar með svefn, slæm einbeiting og kvíði voru hins vegar ekki talin tengjast lágu testósteróni.

Fred Wu, prófessor við Líflæknisfræðiháskóla Manchester, sem stýrði rannsókninni, sagði að kynferðisleg vandamál væru nokkuð algeng jafnvel hjá mönnum með venjulegt magn testósteróns. „Það er því mikilvægt að tilgreina veru allra þriggja kynferðislegu vandamálanna af þeim níu testósteróntengdu vandamálum sem við greindum, til að auka líkurnar á réttri sjúkdómsgreiningu.“ *- mmf*

# Kaffi gott fyrir hjartað

**Nokkrir bollar af kaffi eða tei á dag geta varnað því að fólk fái hjartasjúkdóma.**

Rannsókn sem stóð yfir í þrettán ár í Hollandi hefur sýnt fram á að neysla kaffis og tes getur haft góð áhrif á hjartað, eins og frá er greint á vef breska ríkisútvarpsins.

Rannsóknin var gerð á 40.000 manns og sýndi að þeir sem drukku fleiri en sex tebolla á dag minnkuðu líkurnar á hjartasjúkdómum um þriðjung. Neysla tveggja til fjögurra kaffibolla á dag leiddi líka til lægra hlutfalls hjartasjúkdóma.

„Þetta eru í raun góðar fréttir fyrir þá sem finnst kaffi eða te gott,“ sagði Yvonne van der Schouw prófessor en hún fór fyrir rannsókninni. „Þessir drykkir virðast vera góðir fyrir hjartað, án þess að auka hættuna á því að fólk deyi af völdum einhvers annars.“ *- mmf*






# Verjum ferðafrelsið

Útgefandi: Ferðaklúbburinn 4x4 á Íslandi - Ritstjóri: Guðmundur G. Kristinsson - Ábyrgðarmaður: Sveinbjörn Halldórsson



**Sendu mótmælapóstkort vegna lokana á ferðaleiðum**

**Þú gerir það á www.f4x4.is**



## Í verndaráætlun um Vatnajökulsþjóðgarð er gert ráð fyrir lokun margra fallegra ferðaleiða

Á árinu 2007 voru stofnuð svæðisráð fyrir hvert hinna fjögurra svæða Vatnajökulsþjóðgarðs. Ráðin hafa unnið grunn að drögum að verndaráætlun fyrir Vatnajökuls þjóðgarð og eru þau opin fyrir athugasemdum til 24. júní 2010. Hvert ráð er skipað til fjögurra ára í senn og þar sitja sex fulltrúar.

- 3 fulltrúar tilnefndir af sveitarstjórnum þeirra sveitarfélaga sem eru á viðkomandi rekstrarsvæði.
- 1 fulltrúi tilnefndur sameiginlega af ferðamálasamtökum á viðkomandi svæði.
- 1 fulltrúi tilnefndur af útivistarsamtökum.
- 1 fulltrúi tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum.

### Hafa stjórnvöld (Svæðisráðin) farið eftir ákvæðum Árósarsáttmálans?

Umhverfisráðuneytið hefur gefið út að þeirra vilji sé að hafa gott samráð við frjáls félagasamtök um stefnumörkun og framkvæmd umhverfisverndar í samræmi við ákvæði Árósasamningsins. Aðilar að samningnum eru sammála um það að frjáls félagasamtök gegni mikilvægu hlutverki í umræðu um umhverfismál og að þeirra framlag við að upplýsa almenning, stjórnvöld og fjölmiðla sé mikilvægur þáttur í sjálfbærri þróun íslensks samfélags. Þess vegna er það ámælisvert að lokanir á ferðaleiðum í drögum að verndaráætlun um Vatnajökulsþjóðgarð eru ekki unnar í samráði eða samvinnu við félagasamtök í landinu.

### Lítið samráð verið við Samtök útivistarfélaga (30.000 félagsmenn)

Fulltrúar félagasamtaka í gegnum Samút (Samtök útisvistarfélaga) hafa því miður ekki allir staðið sig nógu vel í vinnu að þeim drögum um verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs sem nú liggur fyrir. Svæðisráðin hafa einnig haldið öðrum fulltrúum félagasamtaka markvisst frá umræðu, upplýsingum og tillögurétti í undirbúningi á þessum drögum.

### Opið fyrir þjónustubíla ferðafyrirtækja, lokað fyrir almennt ferðafólk

Það sem vekur sérstaka athygli er að bílum á vegum ferðaþjónustufyrirtækja með vistir fyrir göngufólk, er leyft að aka á lokuðu leiðum. Íslenskum sjálfstæðum gönguhópum verður ekki heimilt að fara inn á þessar leiðir með vistir.

### Þú getur mótmælt þessu til 24. Júní með mótmælapóstkorti á www.f4x4.is

Hægt er að leggja fram athugasemdir við drögin að verndaráætluninni til 24. júní. Þeir sem eru ekki sáttir við fyrirhugaðar lokanir margra fallegra ferðaleiða eins og Vonarskarði, Heinabergsleið, Vikrafellsleið og leiðum á Jökulheimasvæðinu og Tungnaáröræfum, geta farið inn á vef Ferðaklúbbsins 4x4 (www.f4x4.is) og sent þaðan póstkort til Umhverfisráðherra til að mótmæla þeim. Um leið er hægt að skrifa undir mótmælaskjal sem sent verður til umhverfisráðherra.

# Vikrafellsleið verður lokað nema fyrir göngufólk

## Vikrafellsleið norðan Dyngjufjalla hefur verið ekin í 60 ár



Dyngjufjalladalsleið hefst fyrir norðan Dyngjufell og við vegamótin eru þrjár vörður. Leiðin liggur yfir sandorpið hraun upp að melöldum sem ganga norður frá Dyngjufjöllum. Ekið er á milli hrauns og mela og um norðurenda melanna austur undir hraunin í kringum Einstæðing. Á þessari leið er einnig ekið fram hjá Tvíburatindi og Svartagili.

Þegar kemur austur undir Einstæðing þarf að fara upp melana, en ekki niður á sléttuna undir fjallinu. Farið er þá niður bratta brekku og leiðin liggur síðan austur undir Stóru Kistu. Í grennd við Fjárhólaborgir er síðan komið út úr hrauninu og liggur leiðin þá um mela austur undir Hengslisbrekku og niður á hraunið úr Svörtudyngju. Þar á brúninni eru skemmtilegar gígamyndanir, en leiðin í heild er vörðuð alls konar athyglisverðum hraun- og rofmyndunum.

Þegar komið er niður af Hengslisbrekku tekur við spennandi hlykkjótt vegslóð um mosagróið hraun. Það er leið vestur fyrir Vikrafell og svo austur með því að sunnan. Einnig er góð leið meðfram fjallinu að norðan og austan.

Fyrir sunnan Vikrafell er hraunið þakið hvítum vikri úr Öskjugosinu 1875 og má heita að slóðin hverfi þar. Best er að finna lænur í hrauninu og fylgja þeim, en þær liggja frekar í austur-vestur, en norður-suður. Versta leiðin er að fara beint suður.

Þessi leið hefur verið fáförul en er mjög áhugaverð og einkum vegna sýnilegra jarð- og gosmyndana. Hún hefur verið við líði frá því fyrir 1960. Auk þess að vera frábær ferðamannaslóð er leiðin notuð að hluta af Mývetningum í göngum.

**Myndir eru frá Degi Bragasyni**












## Athugasemdir vegna lokunar á Vonarskarði og leiðum norðan Veiðivatna og Þórisvatns

Hér að neðan er fjallað um ferðamannaslóða á vegum Veiðifélaga, Landsvirkjunar og vatnamælingamanna, en þeir henta vel til fjölbreyttrar útivistar almennings. Það eru og verða stundaðar vatnamælingar, jarðskjálftamælingar, GPS mælingar og jarðfræðirannsóknir á vestursvæði og sjálfsagt að nota vegslóða sem hafa orðið til vegna þess.

1. **Leið sunnan Gjáfjalla.**
   Stór hluti af henni er inni í tillögum en:
   **a) Það vantar vegbút frá vaði á Köldukvísl að Gjáfjallanesi.**
   **b) Leiðin norðan Tekjulyndar og inn á Dórveg er æskilegri, en leiðin vestan við.**
   Leiðin norðan Tekjulyndar er skýrari og eðlilegri samkvæmt sögu og landslagi. Vesturleiðin á styttri sögu og norðurleiðin í Jökulheima er söguleg.
2. **Leið inn í Heljargjárkverk**
   Vantar stutta leið til að geta skoðað mikla sandskafla og fallegt bólstraberg. Illfært og hættulegt er að ganga niður í kverkina frá Dórhring út af lausu bergi.
3. **Leið frá Péturstorgi niður að Mána**
   Það er fylgt gjávegg og ekið í foksandi. Skemmtileg leið heim úr Jökulheimum.
4. **Leið við Mána, Saxa og Font**
   Foksandur um þrjá gíga, lítill hluti innan garðs
5. **Leið frá þórisósleið, norðan Gjáfjalla, um Alviðru**
   Veðurstöð og borhola við Heljargjá að norðanverðu og áfram til að skoða Gímu og Gám á Vatnsleysuöldum, endar við borholu í Hágönguhrauni. Tilvalin ferðamannaleið.
6. **Leið frá Gjáfjallahring norður að Heljargjá**
   Styttir leiðina frá Jökulheimum að Hágönguhrauni og umhverfi.




7. **Veiðimannavegur frá Þórisósleið í Botnavatn**
   Stikuð leið, mest notuð af veiðimönnum við Botnavatn og Þórisvatn. Hluti leiðar er innan garðs.
8. **Bárðargata að Kerlingu og inn á Bárðargötu aftur**
   Notuð til að koma göngufólki að Kerlingu.
9. **Borhola norður að hágöngulóni um Hágönguhraun og Hraungil**
   Austur að Bárðargötu, erfið fyrir óbreytta bíla, en sæmileg fyrir stærri jeppa. Að mestu utan garðs, tengir hringleið um Hágönguhraun, frekar en að fara um útfallið á Hágöngulóni, sem getur verið ófært.
10. **Frá Rauðhóli austan Köldukvíslar um Köldukvíslarfitjar**
    Endar við slóðann sem liggur norður Vatnsleysuöldur.
11. **Leið um sáttmálsörkina**
    Þarna er stór hraunhella sem stendur upp á rönd og er merkilegt náttúruundur. Leiðin er ógreinileg.
12. **Bláfjöll, frá Dór yfirBláfjöll að Bárðargötu**
    50 ára gömul leið með góðu útsýni.
13. **Frá Bárðargötu við fossinn Fleygi yfir á Dórleið**.
    Þessi slóð er greinileg og er í tveimur hlutum að vestan, þar sem nyrðri slóðin er með brattri malarbrekku og illfær, en ekki ófær til austurs

# Stórbrotin leið um Vonarskarð verður fyrir útvalda

## Gísli Eiríksson ók fyrst um Vonarskarð fyrir 60 árum

Svæðið milli Tungnafellsjökuls og Vatnajökuls (Bárðabungu) heitir Vonarskarð og jeppaslóð liggur um Hágöngur og Vonarskarð. Vestast er Tungnafellsjökull sem er nokkuð gömul eldstöð. Í toppi hennar er lítil askja og í miðið er Vonarskarð, sem grípur inn í austurhlíðar Tungnafellsjökuls. Austast er Bárðarbunga og er hún augljóslega yngst þessara þriggja megineldstöðva.Gönguleiðir liggja frá Nýjadal, inn Jökuldal og yfir í Vonarskarð . Þarna er að finna magnað göngusvæði sem fáir þekkja og því er lýst sem lítt snortnu og afskektu og einstöku heim að sækja.

Á árinu 1950 eða fyrir 60 árum ók Gísli Eiríksson fjallabílstjóri um Vonarskarð með hóp Akureyringa til að huga að flugvélinni Geysi sem brotlenti á Bárðarbungu á Vatnajökli 13. September 1950. Hann ók að norðan og suður Vonarskarð. Ekki er sjáanlegt hvar hann ók, því öll bílför grafast í sand og möl vegna veðurhams. Einu merki bílaumferðar sjást í melum eins og Gjóstuklifi. Eftir 1999 fór þar að móta fyrir bílfærri kambaleið.

**Myndir eru frá Gísla Ó. Péturssyni**













www.ellingsen.is

# GISTING á frábæru verði!

## SEDONA-fellihýsi

**1.990.000 kr.**

Verð áður 2.190.000 kr.

| TÆKNILÝSING | SEDONA |
|---|---|
| Lengd kassa | 8 fet |
| Stærð kassa | 248 cm |
| Heildarþyngd | 1090 kg |
| Þyngd óhlaðins vagns | 713 kg |
| Hámarksburðargeta | 377 kg |
| Heildargeymslurými | 1064 l |
| Dekkjastærð | 5.30x12 |
| Stærð opinn (LxB) | 617x246 cm |
| Stærð lokaður (LxB) | 432x226 cm |
| Hæð lokaður/opinn | 135/249 cm |
| Innihæð | 203 cm |
| Breytanl. borðkrókur/rúmstærð | 104x168 cm |
| Staðsetning vatnsgeymis | í skáp |
| Rúmtak vatnsgeymis | 20 l |



Í Destiny fást gæði á einstöku verði. Útlit Destiny-seríunnar er fremur hefðbundið en því meira lagt upp úr frábærum gæðum. Þessir eru fyrir þá sem setja gæði og verð í fyrsta sæti.

Coleman






## MONTANA-tjaldvagn

ásamt fortjaldi, yfirbreiðslu og hliðarstífum

**1.090.000 kr.**

MONTANA




Einn af mörgum góðum kostum við að eignast tjaldvagn er að þú getur ferðast nær hvert sem er með hann og notið íslenskrar náttúru til hins ítrasta. Vagnarnir eru framleiddir í Evrópu og henta fyrir þá sem vilja ferðast um óbyggðir landsins: með blaðfjöðrum og á stærri hjólbörðum. Þrautreyndir við íslenskar aðstæður.

| TÆKNILÝSING | Easy Camp Montana |
|---|---|
| Stærð | 3,25 m |
| Hjólabúnaður | 13" dekk, Alko höggdeyfar |
| Grind | galvaníseruð |
| Eigin þyngd | 325 kg |
| Heildarþyngd | 645 kg |

**REYKJAVÍK**
**Fiskislóð 1 • Sími 580 8500**
**mánud.–föstud. 10–18 • Laugard. 10–16**

Ellingsen
– fullt hús ævintýra

PIPAR\TBWA • SÍA • 101425




# Leið um hinn fallega Heinabergsdal verður lokað

## Um Heinabergsdal liggur falleg akstursleið og stórbrotið útsýni er þaðan niður í Vatnsdal

<u>Í verndaráætlun um Vatnajökulsþjóðgarð segir:</u>
"Heinabergsdalur á Mýrum liggur austan Heinabergsjökuls. Dalurinn er auðveldur yfirferðar og nokkuð gróinn. Vegur liggur inn miðjan dalinn og er hann notaður við smalamennsku og hreindýraveiðar. Innst í Heinabergsdal sést niður í Vatnsdal og er það stórbrotið útsýni. Vatnsdalur er hrjóstrugur og grófur og landmótun jökuls og vatns er áberandi. Mikil hlaup hafa orðið úr Vatnsdal, en hlaupin hafa þó minnkað til mikilla muna í seinni tíð. Volg laug er innst í Vatnsdal. Í Heinabergsfjöllum eru margir áhugaverðir staðir fyrir göngufólk, svo sem tindurinn Humarkló."

<u>Síðan kemur þetta:</u>
**"Umferð vélknúinna ökutækja um veg inn Heinabergsdal er aðeins heimil smalamönnum, hreindýraveiðimönnum og ferðaþjónustuaðilum sem þurfa að aðstoða gönguhópa í skipulögðum ferðum samkvæmt fyrir fram útgefinni ferðaáætlun".**

Hér vekur það athygli að bílum á vegum ferðaþjónustufyrirtækja með vistir fyrir göngufólk, er leyft að keyra veginn inn Heinabergsdal. Eina leiðin til að komast inn dalinn er að kaupa ferð hjá þessum fyrirtækjum. Íslenskum sjálfstæðum gönguhópum verður ekki heimilt að fara inn á þessar leiðir með vistir.



**Myndir eru frá Svanhildi Káradóttur**









Takk!
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# Miðhálendið opnaðist 1950

## Guðmundur Jónasson ók fyrstur yfir Hófsvað í Veiðivötn



Árið 1946 eignast Guðmundur Jónasson sína fyrstu fjórdrifsbifreið sem var Dodge Weapon með 10 farþega yfirbyggingu frá Agli Vilhjálmssyni. Þessi bifreið var sannarlega upphaf hálendisferða hans. Árið eftir bættist við önnur Dodge bifreið og árið 1949 lét hann byggja 19 farþega GMC bifreið og er næsta víst að engin bifreið fór oftar slóðir um hálendið í fyrsta sinn, slóðir sem margar eru fjölfarnar enn í dag.

### Leiðin yfir Hófsvað var fundin 1950

Sumarið 1950 stóð Guðmundur fyrir leiðangri til að leita að bílfæru vaði yfir Tungnaá. Meðal margra sem voru með í ferðinni var Egill Kristbjörnsson sem var ferðafélagi Guðmundar til margra ára. Þeir fóru í leitina á gúmmíbát og eftir langa leit fundu þeir vað sem var ekið yfir í fyrsta sinn 27. ágúst. Vaðið var kallað Hófsvað eftir hóflöguðum hólma í ánni. Eitt aðaltakmark ferðarinnar var að komst til Veiðivatna og inná Sprengisandsleið. Með því að komast á bifreið yfir Tungnaá, opnaðist miðhálendið fyrir umferð úr suðri og strax í september sama ár var farin fyrsta stóra ferðin með 40 farþega á þremur fjallabílum yfir Tungnaá til Veiðivatna, norður til Nýjadals, yfir Þjórsá og um Kjalveg til baka.

### Gist í tjöldum í fyrstu ferðum um miðhálendið

Áhugi Íslendinga var mikill fyrir hálendisferðum og á næstu árum fór Guðmundur óteljandi ferðir um nýjar slóðir á hálendinu. Með tímanum fóru erlendir ferðamenn að koma með í ferðirnar og varð þá þörf á fæði fyrir þá, en íslendingar notuðu skrínukostinn. Það var upphaf þess að með í ferðum voru sérstakir eldhúsbílar þar sem ráðskonur sáu um matseld og eldhúsbíllinn flutti einnig farangur og viðlegubúnað, en gistingu var aðeins að hafa í tjöldum. Þessi ferðamáti hélst allt til níunda áratugarins, en með bættu vegakerfi og stóraukinni hótelgistingu hættu tjaldferðir að mestu.




# Jökulheimar við Vatnajökul



## Eitt stórbrotnasta og mikilfenglegasta svæði landsins

Jökulheimar eru í Tungnaárbotnum við Tungnaárjökul. Ekið er eftir Veiðivatnaleið að Vatnaöldum og austan Ljósufjalla að skálum Jöklarannsóknarfélagsins. Minni skálinn þar er síðan árið 1955 og stærri frá 1966. Þeir hafa lengi verið miðstöð rannsókna á Vatnajökli og þar var veðurathugunarstöð til margra ára. Umhverfið er bæði eyðilegt og stórbrotið. Það eru lítt grónar vikursléttur og melaflákar á milli sérstakra stökkulbólstra, bergsbreiða, jökulrofinna móbergshamra og fjölbreyttra gíga. Undan Tungnaárjökli kemur Tungnaá sem er ein vatnsmesta jökulá landsins. Fært er yfir Tungnaá á fjórhjóladrifnum jeppum frá Tungnaárfjöllum (Breiðbak) að Langasjó og þaðan niður á Landmannaleið.
Vestan og norðvestan Jökulheima eru Gjáfjöll (Helgrindur) í 700-900 metra hæð yfir sjávarmáli. Þau klofna um Heljargjá og skammt þar vestan og er drangurinn Dór, steinrunninn jötunn með byrði á baki, sem stefnir að jökli. Kerlingar eru tvö fell (1207 og 1339 metra há) í vesturrönd Vatnajökuls, ekki langt norðan Tungnaárbotna. Útsýnið af hærra fellinu er stórfenglegt í góðu skyggni.



## Til ökumanna
### - ekki valda spjöllum

Á ferðalagi um landið má víða sjá hjólför eftir utanvegaakstur. Ekki elta förin, haltu þig við vegi og merkta vegslóða. Skoðaðu skemmdir sem aksturinn olli. Örin geta verið lengi að gróa og hjólförin eru ekki bara sjónmengun, heldur geta í sumum tilvikum dregið að sér vatn og valdið skemmdum með jarðvegs- og gróðurrofi. Gakktu frekar eða snúðu við ef þú kemst ekki lengra akandi. Vertu fyrirmynd, saman berum við ábyrgð á að eiga kost á að njóta óspilltrar náttúru um ókomin ár.



## Til ökumanna
### - búfé meðfram vegum

Búfénaður er oft á ferðinni meðfram og á hálendisvegum. Gera þarf ráð fyrir að lömbin séu ekki sömu megin og kindin og geti hlaupið yfir veginn. Hægja þarf vel á ferðinni þegar búfé er í umhverfinu. Á Austurlandi er töluvert um hreindýr og jafnvel meðfram vegum og sérstaklega þegar líður að vetri. Aka þarf alltaf í samræmi við aðstæður og betra að aka ekki of hratt.



## Til ökumanna
### - öryggi á jöklum

Öryggi í ferðum á jöklum byggir á góðum undirbúningi og vandvirkni við leiðarval. Við leiðarval á jöklum er ekki hægt að ganga út frá því að leiðin frá því á síðasta ári eða jafnvel í síðustu viku sé örugg. Sprungur geta opnast, snjóbrýr geta fallið og úrkoma getur breytt svæðinu á stuttum tíma. Gott er að fá upplýsingar hjá staðkunnugum aðilum um aðstæður á jökli.
Staðsetningartæki (GPS) er skyldubúnaður í jöklaferðum og setja þarf leiðina í tækið áður en lagt er af stað. Skyggni getur oft verið mjög lítið og þá er betra að hafa rétta stefnu.
Skoða þarf veðurspá og sérstaklega úrkomu- og vindaspá. Muna þarf að þokkalegt veður á láglendi tryggir ekki gott veður uppi á jökli. Hitastig lækkar um 0,6 gráður fyrir hverja 100 metra hækkun, úrkoma eykst við hækkun og vindur getur margfaldast við fjallsbrúnir ef ekki er skjól af landslagi.



## Til ökumanna
### - akstur á malarvegi

Slys eiga sér gjarnan stað þegar ekið er af malbiki yfir á möl og er meginástæða þess að ekki er dregið nóg úr hraða og bíllinn rennur til þegar komið er inn á mölina. Bíllinn getur misst gripið ef ekið er of hratt á malarvegum og farið að renna til. Við þær aðstæður getur verið mjög erfitt að ná stjórn á honum aftur. Þetta getur gerst þegar bílar mætast og því ber að sýna aðgát við þær aðstæður. Færa sig til hægri á veginum, draga úr hraða og sleppa bensíngjöfinni þegar bílarnir mætast. Annars getur möl farið yfir bílinn sem þú mætir.



## Til ökumanna
### - blindhæðir og einbreiðar brýr

Blindhæðir eru nokkuð algengar á vegum á Íslandi, en þær eru nær undantekningalaust merktar og hið sama á við um blindbeygjur. Sumar blindhæðir eru með tvískiptum akgreinum og eru mjög öruggar, því bílar sem mætast eru á sitt hvorri akgreininni. Fara þarf sérstaklega varlega þegar ekki er akgreinaskipting á blindhæð og fara eins mikið út í hægri kant og hægt er. Á nokkrum stöðum á Íslandi eru einbreiðar brýr. Reglan er sú að sá bíll sem nær er brúnni á réttinn, en þetta vita ekki allir, svo gott er að hafa í huga að sá getur lifað eða komist hjá slysi, sem vægir.



## Til ökumanna
### - aktu ekki yfir hámarkshraða

Innan borga og bæja er algengur hámarkshraði 50 km/klst, en einnig oft 30 km klst í íbúðahverfum. Á umferðarþyngri götum innan Reykjavíkur er hámarkshraði þó stundum 60 – 80 km/klst en aldrei meira en það. Meginregla í dreifbýli er að hámarkshraði sé 90 km / klst á malbikuðum vegum og 80 km/ klst á malarvegum. Oft er ástand malarvega þó þannig að aka þarf mun hægar og á hálendinu er nauðsynlegt að aka enn hægar.



## Til ökumanna
### - akstur yfir óbrúaðar ár

Á fáförnum vegi utan þéttbýlis gæti verið óbrúuð á. Ef þetta er smá spræna, geturðu ekið yfir án sérstakrar athugunar. Vertu samt vel á verði því áin gæti hafa grafið sig niður. Þú gætir einnig bleytt vélina svo hún stöðvast.
Komir þú að stærri á, **skal aldrei fara yfir hana einn á ferð.** Þegar farið er yfir stóra á, þarf að leita að góðu vaði (vaða ána í vöðlum) og velja stað þar sem áin er grunn og auðvelt að aka ofan í hana. Mikilvægt er að reikna út góðan stað til að ná upp á bakkann hinum megin. Aka hægt yfir og ekki stöðva, því áin getur verið fljót að grafa undan bílnum. Aldrei ætti að fólksbíl að reyna við slíkar ár, því botninn er yfirleitt laus í sér og ekki nægilegt að vera á eins drifs bíl.











Sendu mótmælapóstkort
vegna lokana á ferðaleiðum
Þú gerir það á www.f4x4.is




# Fyrsta jeppaferðin í Grímsvötn var farin17. júní 1984



Íslenska jeppatæknin er með merkari uppfinningum sem fram hafa komið í samgöngutækni hér á landi. Almennt ferðafrelsi og framsýni yfirvalda á þeim tíma eru grundvallarástæða fyrir því að þessi þróun hófst og varð jafn farsæl og raun ber vitni. Við vorum rétt rúmlega tvítugir þegar þróunin var að byrja. Stærstu hjólin voru 38 tommu há og menn að læra að hleypa loftinu úr og láta hjólin fljóta á snjónum. Við vorum í góðum



tengslum við öflugustu jeppamenn landsins og ferðuðumst mikið með þeim. Kolbeinn Pálsson, einn af frumkvöðlunum, taldi það hátind jeppaferðalaga að komast á jeppum í Grímsvötn á miðjum Vatnajökli. Á þessum tíma virtist það vera ógerlegt. Jeppamenn höfðu lítið kynnst jöklum og jöklaferðir ekki á færi almennings á þessum tíma. Það höfðu bara vísindamenn og björgunarsveitir á snjóbílum og einstaka ofurhugar gert og áttu ekki alltaf afturkvæmt. Áskorunin var því mikil fyrir unga jeppamenn.

Vorið 1984 þegar undirbúningur fyrir vorleiðangur Jöklarannsóknafélagsins var í fullum gangi spurðum við jöklafólk Raunsvísindastofnunar hvort við gætum verið þeim samferða og jafnvel að keyra með þeim í Grímsvötn. Hlaut þessi málaleitan góðar undirtektir þeirra sem þekktu til okkar en undirtektir annara voru dræmari. Leyfið fékkst með loforði um að við yrðum sjálfbjarga og myndum snúa einir til baka ef illa gengi. Að sjálfsögðu var alltaf lagt upp með þessi sjónarmið af okkar hálfu. Fáir úr vinahópnum áttu heimangengt þessa daga, en félagi okkar Jón Valgeir Ólafsson og kona hans Kristín Elfa Bragadóttir gátu komið og því vorum við aðeins á tveimur jeppum. Við á Willisjeppa á 38“ diagonal hjólbörðumum, Jón og Kristín voru á Toyota Hilux á 33“ radial hjólbörðum.

## Ferðin

Lagt var af stað frá Reykjavík og komið í Jökulheima síðdegis. Strax var hafist handa við að undirbúa jökulferðina. Snjóbílar voru teknir af flutningabílunum, vistir og búnaður flutt yfir á sleða og snjóbíla, sleði með nokkrum bensítunnum yfirfarinn, sprunguleitarstangir yfirfarnar og svo mætti lengi telja. Í skálanum í Jökulheimum var hópur vaskra kvenna að elda kjötsúpu til að næra mannskapinn fyrir langa og erfiða ferð. Við fylgdumst með þessu af áhuga, yfirförum bíla okkar og athuguðum hvort allt væri í standi. Við fengu líka að heyra miklar efasemdaraddir um getu okkar til að komast upp á svellaða jökulbrúnina. Þegar kallað var til kvöldverðar urðum við eftir við jökulröndina, því við vildum prófa að keyra upp án þess að leiðangursmenn Jöklarannsóknarfélagsins sæu til. Þannig gætum við farið heim strax án þess að verða okkur til skammar. Vel gekk að komast yfir Tungnaána og svo tók jökullinn við. Sporðurinn var að mestu ís en mjög óhreinn þannig að grip var gott og okkur reyndist auðvelt að keyra upp í snjó. Þar með var fyrsti björninn unninn og við vörpuðum öndinni léttar. Við snerum til baka og biðum eftir að leiðangursmenn kæmu úr kvöldmatnum. Þarna voru tilbúnir 3 snjóbílar og nokkrir vélsleðar.

Svo var lagt af stað. Gamli Bombardier snjóbíllinn, sem var með 318 kúbiktommu Chrysler Industrial mótor, siladist af stað með þungan sleða í eftirdragi en festist fljótlega. Öflugi Hooglund snjóbíllinn frá Landsvirkjun tók hann í tog og halarófan mjakaðist aftur af stað. Okkur gekk hins vegar vel. Karlarnir sögðu þá; „Jæja bíðið bara þar til við komum í krapasvæðið sem alltaf bíður okkar í ákveðinni hæð, þar getur nú versnað í því.“ Stuttu síðar komum við upp að krapasvæðinu og kílómeters breiður krapablámi blasti við okkur. Við héldum okkur til hlés og snjóbílalestin óð útí . Gamli Jökull festist aftur en Hooglundinn sullaðist yfir og tosaði síðan Borbardierinn upp. Við keyrðum meðfram og virtum þetta fyrir okkur. Jeppinn sökk svolítið í en síðan var fast undir og við keyrðum þetta nokkuð auðveldlega. Við vorum komin á þéttan sumarsnjó, frekar auðveldan yfirferðar. Það létti yfir okkur og sjálfstraustið jókst. Mönnum leist vel á hvernig okkur gekk en bentu réttilega á að við værum ekki með neinn farangur nema fyrir okkur sjálfa. Svo hughreystu þeir okkur með torfærum framundan: „Jæja, bíðið þar til við komum upp að brekkunni upp að skálanum“. Leiðangurinn mjakaðist upp jökulinn, hægt en örugglega. Veður var gott, en lágskýjað og brátt ókum við inn í þoku sem varð þéttari efir því sem ofar dró. Skyggni var ekkert þegar við komum í Háubungu og ekið var eftir LORAN-C staðsetningartækjum. Við fylgdum lestinni og gættum þess að vera ekki fyrir. Við vestari Svíahnjúk stöðvaðist leiðangurinn. Nokkrir metrar voru að bjargbrúninni en þar var 300 metra þverhnípi niður á íshellu Grímsvatna og eins gott að fara varlega. Við sáum bara örfáa metra og í sortanum mótaði fyrir sleða sem skyndilega stöðvaði og bakkaði til baka í sömu förum. Ökumaðurinn skynjaði að sleðinn hallaði óeðlilega. Hann gerði hið eina rétta, tók ekki áhættuna með því að taka U-beygju til baka. Úti í þokunni sáust menn með ógnarlangar stangir og potandi í snjóinn, leitandi að hengjum og sprungum. Þeir fóru gangandi á undan lestinni. Þarna vorum við á gríðarlega hættulegu svæði, hengiflug á vinstri hönd og sigkatlar á þá hægri. Finna þurfti réttu leiðina þarna á milli og hún var ekki nema nokkurra tuga metra breið. Í góðu skyggni er hægt að varast þessar hættur en nú þurfti að fara að öllu með gát. Að lokum sást eystri Svíahnjúkur þar sem skáli Jöklarannsóknafélagsins stendur og nú var erfiða brekkan framundan. Enn mjökuðust snjóbílarnir áfram og komust upp að skálanum. Við komum á eftir og reyndum fyrir okkur til hliðar við förin eftir snjóbílana til að kanna hvort við kæmumst upp á eigin spýtur. Það tókst og báðir jepparnir óku léttilega upp að skálanum. Við vorum komnir á áfangastað eftir um 12 tíma ferð úr Jökulheimum. Við trúðum vart eigin augum og tilfinningin var ólýsanleg.
Leiðangursmenn komu og óskuðu okkur til hamingju með þetta. Þeir gerðu sér grein fyrir að líklega væru nýir tímar framundan í jöklarannsóknum. Þarna sáu þeir að með því að nýta sér stór hjól og létta jeppa væri hægt að fara fleiri og ódýrari ferðir til mælinga og rannsókna. Efasemdarmennirnir óskuðu okkur líka til hamingju en þeir fundu jafnframt að þessi veröld var að opnast almenningi. Í huga sumra þeirra var búið að eyðileggja ævintýraljóma Vatnajökuls. Sigurjón Rist var þá formaður Jöklarannsóknafélagsins og hann fylgdist af áhuga með ferðum okkar. Hann var fljótur að átta sig á þeim möguleikum sem þessi nýta tækni gaf og kallaði úrhleyptu hjólin „loftþrúgur“.



Í Grímsvötum stöldruðum við nokkrar klukkustundir en vildum ekki íþyngja önnum köfnum leiðangursmönnum með nærveru okkar. Fjölmenni var í leiðangrinum og skálapláss af skornum skammti. Við lögðum því síðdegis af stað til baka upp á eigin spýtur. Ferðin gekk vel. Við fylgdum slóðinni til baka og lentum ekki í neinum vandræðum Við vorum vel búnir talstöðvum og Grímsvatnamenn fylgdust með okkur.

## Eftirmáli

Að frumkvæði Sigurjóns Rist héldum við svo fyrirlestur um jeppa og hina nýju notkun þeirra á aðalfundi Jöklarannsóknar-félagsins 1985. Þessi áhugi hans á nýrri tækni er minnis-stæður og hann sá á augabragði möguleikana sem stór hjól veita þeim sem stunda vinnu og rannsóknastörf á hálendinu.

**Snorri Ingimarsson og Hjalti Magnússon**




CINTAMANI AUSTURHRAUNI 3
210 GARÐABÆ, S. 533 3805

CINTAMANI KRINGLAN 2. HÆÐ
103 REYKJAVIK, S. 533 3003

CINTAMANI CENTER LAUGAVEGI 11
101 REYKJAVIK, S. 517 8088

Ó! · 12162

Fáðu Orkulykilinn sendan heim
ORKAN

Afsláttur alveg vinstri hægri!

**Fróðleikur úr verndaráætlun**
**- alræðisvald þjóðgarðsvarða**



Víða í verndaráætlun um Vatnajökulsþjóð-garð kemur fram að Þjóðgarðsvörður geti lokað einstökum svæðum eða gönguleiðum innan svæðisins ef þörf er á, til að koma í veg fyrir að jarðmyndanir spillist af völdum umferðar. Einnig getur þjóðgarðsvörður tímabundið sett skilyrði um ferðamáta til að tryggja að ekki verði spjöll á náttúru og menningarminjum þjóðgarðsins. Þessar ákvarðanir þarf þjóðgarðsvörður ekki að rökstyðja með neinu formlegum hætti með tílvísan í ástæður. Hann hefur í þessum efnum alræðisvald og þarf ekki að útskýra eða rökstyðja sínar gerðir.
Það er eðlilegt að þjóðgarðsvörður hafi þetta vald, en það ætti að byggjast á að hann þurfi að skila inn skriflegum rökstuðningi til framkvæmdastjóra eða stjórnar þjóðgarðsins. Með því væri komið eðlilegt aðhald að ákvörðunartöku.

**Fróðleikur úr verndaráætlun**
**- akandi fólki bannað að tjalda**



Gestum þjóðgarðsins ber að nota skipulögð tjaldsvæði innan hans fyrir tjöld, tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi og húsbíla.
Fjarri skipulögðum tjaldsvæðum er fólki sem ferðast fótgangandi með allan farangur sinn þó heimilt að tjalda hefðbundnum göngutjöldum til einnar nætur.

**"Fólki sem er akandi er óheimilt að tjalda eins og gangandi fólki".**

Þjóðgarðsverðir hafa vald til að reka þá sem eru akandi og stöðva sína bíla, á þjónustusvæði. Akandi er óheimilt að stoppa og leggja sig á milli þjónustusvæða. Líklega stríðir þetta gegn umferðalögum þar sem ökumenn eru hvattir til að leggja sig ef þeir eru þreyttir.

ICELAND ON YOUR OWN

ÍSLAND Á EIGIN VEGUM
SUMARIÐ 2010

KYNNTU ÞÉR MÖGULEIKANA Á www.re.is











Global Passenger Network
Vesturvör 34
200 Kópavogur
☎ 580 5400
main@re.is
www.re.is

Reykjavik Excursions
KYNNISFERÐIR

ICELANDIC BUS COMPANY
SBA-NORÐURLEIÐ

Hjalteyrargötu 10
600 Akureyri
☎ 550 0700
sba@sba.is
www.sba.is

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í 30 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

BodyNudd, Simply the best,láttu það eftir þér.VELJUM ÍSL. Tímap í síma 8486255

**NUDD - Tilboð - NUDD**
**Nudd kr. 3500,-**
Skrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900.-. Margar teg. nudds, alhliða snyrting, slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf. Ekkert sex nudd. No sex massage. Uppl. - pantanir s. 4455000 & 57 8 57 57 JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18 mán-lau.

**SPA - DREAM OASIS**
**Fáðu kort og nudd frítt.**
NUDD: Heilln., Slökunarn., Skrúbb, Pottur, Sólbekkir og fleira. Símar 567-6666 og 862-0941. http://dreamoasis.magix.net

# HEIMILIÐ

## Barnavörur

Til sölu dökkblár Emmaljunga kerruvagn. Eins og nýr! Verð 80.000kr. Gsm: 865 8401.

## Dýrahald



Gullfallegur whippet hvolpur til sölu, HRFÍ skráður, upplýsingar á www.whippet.is eða gunnur@simnet.is s: 8603150

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Byssur

Skotvís og SKOTREYN efna til kynningar- og baráttufundar fyrir skotveiðimenn vegna framkomnar tillögu að stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Vatnajökulsþjóðgarð. Fundurinn verður haldinn þriðjudaginn 22. júní kl. 20 í félagsheimili SKOTREYNAR að Álfsnesi. Allir veiðimenn eru hvattir til að mæta og láta sig málið varða.

## Hestamennska




Reiðskólinn er hafinn. 5 daga námskeið frá mán-fös allan daginn frá 9-16 með fæði. 5-12 ára. Uppl. í síma 894 3588.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**SIGLINGANÁMSKEIÐ**
Námskeið fyrir börn og fullorðna. Skráning á www.brokey.is & s: 895 1551 Siglingafélag Reykjavíkur

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

ALLT FASTEIGNIR
Fasteignasala og leigumiðlun
FASTEIGNIR ÓSKAST
Þorbjörn Pálsson
lögg. fasteignasali
S. 565 1233




2 herb. 60 fm. í miðb. Rvk. Húsgögn fylgja fyrir reglusam. einstak. eða par. 90 þ. S 895 0482, eftir kl 16.

Til leigu studio íbúð við Njálsgötu í Reykjavík 40 fm. Sérinngangur Uppl í síma 898 1177.

Glæsileg 3-4 herb lúxusíbúð í Skuggahverfinu til leigu. Uppl: skuggaibud@gmail.com, 694 3113

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Herb. til leigu í Kóp. Laust strax. V. 30þ. á mán. + 3 mán. fyrirf. S. 868 7283.

ROOM for/RENT w/FURNITURE IN 108 REYKJAVÍK AND IN 109 AND 111 BREIÐHOLT 897 3611.

## Húsnæði óskast

**Óskum eftir íbúð til leigu**
Lítil fjölskylda óskar eftir íbúð til leigu í voga/sunda hverfi. Óskum eftir langtímaleigu á 3-4 herbergja íbúð. Vinsamlegast hafið samband í síma 699-6001.

## Sumarbústaðir



Til sölu 15,5 m2 gestahús. Húsin eru smíðuð af nemendum Byggingartækniskólans og eru vönduð í alla staði. Verð frá 1.050.000. Uppl. í s. 824 6515 / ghr@tskoli.is. Sjá myndir inn á http://www.flickr.com/photos/51177310@N07/

Til leigu sumarhús í Borgarbyggð, gisting fyrir allt að 10.manns, skjólgóður garður, heitur pottur,veiði. V. kr 30þ. vikan. Uppl hjá eignaland@gmail.com

Sumarhús í Flóahreppi, 10 min frá Selfossi. Mikið privat. S. 899 5863 www.starplus.is

## Atvinnuhúsnæði

Skammtímaleiga 3 herb. íbúð í 203 til leigu með öllum húsbúnaði í júlí og ágúst. áhugas. hafa samb. í hronnl@internet.is

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

Auglýsingasími
512 54 01
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft...

» Ráðningarþjónusta

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

- **Vinnusparnaður**
Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.
- **Markviss leit**
Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.
- **Þriggja mánaða ábyrgð**
Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.
- **Ekkert staðfestingargjald**
Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.
- **Fjöldi hæfra umsækjenda**
Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.
- **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.
- **Reynsla og þekking**
Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.
- **Sanngjarnt verð**
Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!




HH
RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is



# ATVINNA

## Atvinna í boði

NAUTHÓLL Bistro

Nauthóll leitar að duglegum og áreiðanlegum einstaklingum í fulla vinnu við þjónustustörf. Aldurstakmark: 20 ára. Áhugasamir vinsamlegast sendið inn umsókn á nautholl@nautholl.is

Jói Fel

**Smurbrauðsdeild**

**Óskum eftir að ráða manneskju í smurbrauðsdeild. Vinnutími 5-14 og önnur hvor helgi. Íslensku kunnátta skilyrði. Framtíðarstarf. Upplýsingar gefur Linda í s. 863 7579 eða á unnur@joifel.is**

SECURITY ÖRYGGISFÉLAGIÐ www.115.is

**Starfsfólk óskast í Ræstingar.**

Öryggisfélagið óskar eftir starfsfólki í ræstingar í verslunum í bæði dag og næturvinnu. Skilyrði; reynsla af ræstingum, góð þjónustulund, hreint sakarvottorð og Íslensku kunnátta nauðsynleg. Lágmarksaldur 20 ár. Öryggisfélagið ehf. Askalind 2 / 201 Kópavogur. Umsóknir aðeins á staðnum. www.115.is

Íbúða hótel í miðbæ Reykjavíkur óskar eftir fólki í þrif á íbúðum og til móttöku gesta. Viðkomandi þarf að hafa ríka þjónustulund og góða ensku kunnáttu. Reynsla af hótelstörfum æskileg. Framtíðarstörf og summarstörf eru í boði. Vaktavinna. Vinsamlega sendið umsóknir til: home@this.is

Max1, Bíldshöfða 8 í Reykjavík óskar eftir að ráða bílaumsjónarmann til starfa sem fyrst í 100% starf. Max 1 sérhæfir sig í hjólbarðaþjónustu, bremsuþjónustu, smurþjónustu, demparaþjónustu, rafgeymáþjónustu og annarri smáþjónustu. Starfsmaður fær þjálfun hjá Max1 í starfið. Vinnutími er milli 8:00 og 18:00 alla virka daga og um helgar eftir þörfum. Gilt bílpróf er skilyrði. Umsóknir skal senda á www.max1.is

## Atvinna óskast

35 ára kona með margvíslega reynslu af þjónustustörfum oskar eftir vinnu. Hef mjög góð meðmæli og skoða allt. Uppl í síma 8491324

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar




## Einkamál

Spjallvinkonur Dömurnar á Rauða Torginu eru síbreytilegur hópur heitra kvenna sem elska símadaður. Hver verður vinkona þín í kvöld? Símar 908-6000 (símatorg) og 535-9999 (kreditkort).

Sönn frásögn! Ung kona segir frá nánum kynnum við bekkjarsystur sína - í smáatriðum! Upptökuna má heyra hjá Sögum Rauða Torgsins, s. 905-2002 og 535-9930, upptökunr. 8467.

Stelpustrákar ath. Karlmaður vill kynnast stelpustrákum. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8192.

**PurpleRabbit.eu**

Íslenzk náttúra! Heit stefnumót, djörf samskipti, og sífellt flottari og fjölbreyttari myndir! Hefur þú heimsótt kanínuna...í dag?

vísir.is
*"...ég sá það á vísi"*

# Vopnafjarðarskóli auglýsir

Smíðakennara vantar í hálft starf fyrir næsta skólaár. **Upplýsingar í síma 8614256**

# Grundaskóli

## Laust er starf við skólabókasafn Grundaskóla.

Um er að ræða 75% starf. Óskað er eftir umsækjanda með kennaramenntun og æskilegt að viðkomandi hafi viðbótarnám sem tengist skólabókasafni. Umsóknarfrestur er til 5. júlí n.k..

Nánari upplýsingar veitir Hrönn Ríkharðsdóttir, skólastjóri í síma 433 1400. Umsókn skal send til Grundaskóla, Espigrund 1 , 300 Akranes eða á netfangið hronn.rikhardsdottir@akranes.is

Akraneskaupstaður

FISKEY

# AÐALFUNDUR FISKEYJAR HF.

verður haldinn í fundarsal Brims hf., Fiskitanga, Akureyri, miðvikudaginn 30. júní 2010 klukkan 14:00.

**Dagskrá:**
- Venjuleg aðalfundarstörf.
- Breytingar á samþykktum félagsins er varða stjórn félagsins. Hægt er að fá nánari upplýsingar um breytingarnar á skrifstofu félagsins í síma 462 7489.
- Tillaga um heimild til kaupa á bréfum félagsins skv. 55. grein hlutafélagalaga nr. 2/1995
- Önnur mál löglega upp borin.

Stjórnin

# Tilboð óskast í sumarhús,

**merkt númer 4 til flutnings, staðsett á lóð Iðnskólans í Hafnarfirði, Flatahrauni 12, 220 og byggt var af nemendum skólans undir eftirliti kennara.**



14908. Um er að ræða timburhús sem er 51,5 m2 að grunnfleti og með verönd sem er 11,5 m2. Að utan er húsið klætt með hefluðri vatnsklæðningu og litað með hálfþekjandi pine-lit. Húsið er með tvennum ísettum oregon pine útihurðum. Vinnu við þakkant og áfellur er lokið og undirklætt með litum á endagafli og hliðum en vantar fyrir ofan verönd. Rennur og niðurföll eru ásettar. Frágangur á hornum er lokið, opnanleg fög eru ísett og glerjuð að einu undanskildu. Glerlista vantar að hluta á fög. Gluggar eru úr furu og frágangur kringum þá er lokið með gerekti og vatnsbrettum en vantar tvö efri gerekti á glugga á gafli. Verönd er að mestu lokið, vantar að skrúfa niður hluta af klæðningu. Að innan er húsið einangrað og með rakavarnalagi, aféttingargrind er komin á veggi. Panel klæðning er í meters hæð og vinnu við raflögn er lokið en vantar að draga í. Vantar stormjárn á opnalega glugga.

Húsin verða til sýnis í samráði við Hrafnkel Marinósson í síma 892-9257 eða senda fyrirspurn með rafpósti á hrafnkell.marinosson@idnskolinn.is
eða eftir nánara samkomulagi og Ríkiskaup í síma 530 1400. slóðinni http://www.rikiskaup.is/til-solu/fasteignir/.

Tilboðseyðublöð og byggingarlýsing liggja frammi á sama stað og í afgreiðslu Ríkiskaupa, Borgartúni 7, 105 Reykjavík.

**Tilboð skulu berast Ríkiskaupum fyrir kl. 10.00 þann 6. júlí 2010 þar sem þau verða opnuð í viðurvist viðstaddra bjóðenda er þess óska.**



# Skuldir þarf að greiða

**Gengistryggð lán**

Kristinn H. Gunnarsson
fyrrverandi alþingismaður



Þegar einn greiðir ekki skuld sína verður það hlutskipti annars. Ef skuldari þarf ekki að greiða neina verðtryggingu af bílaláni mun hann ekki skila því fé sem hann fékk. Það getur hlaupið á hundruðum milljarða króna sem dómur Hæstaréttar færir milli landsmanna ef ekkert kemur í stað verðtryggingarinnar, sem dæmd var ólögmæt. Skattgreiðendur hafa fengið sendan reikninginn fyrir gjaldþroti Seðlabankans. Tapið er þegar orðið 175 milljarðar króna og gæti orðið meira. Þá hefur ríkið sett 196 milljarða króna í þrjá viðskiptabanka í formi hlutafjár og víkjandi lána. Taki lánafyrirtækin skellinn af dómi Hæstaréttar tapa skattgreiðendur fé sem ríkið hefur lagt fram. Það tap verður að sækja með hækkun skatta eða lækkun útgjalda. Stærstu útgjaldaliðirnir eru framlög til heilbrigðismála, menntamála og Tryggingarstofnunar ríkisins. Það verður einhver sem greiðir skuldina að lokum.

Íslenskt þjóðfélag er í miklum vanda sem snertir alla. Alltof margir hafa safnað alltof miklum skuldum í alltof langan tíma. Eina ráðið er að semja um skuldirnar, deila þeim niður með sanngjörnum og ábyrgum hætti og greiða þær. Engin lausn fæst með því að efna til átaka milli skuldara, þjóðfélagshópa eða kynslóða. Tilraunir til þess að velta skuldum eins yfir á herðar annars verða aldrei grundvöllur sanngjarnrar og farsællar niðurstöðu. Slíkt háttalag endurspeglar aðeins sérhyggju og ábyrgðarleysi. Afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum og niðurfærslu á höfuðstól lána eins og krafist er mun skerða verulega almenn lífeyrisréttindi og þrengja heiftarlega að ellilífeyrisþegum.

Skuldarar tóku sín lán með erlendri verðtryggingu af fúsum og frjálsum vilja. Nóg var framboðið af lánsfé og menn gátu valið lánastofnun, lánsform og verðtryggingu. Erlenda verðtryggingin var eftirsótt vegna þess að vextir voru lágir og að auki þýddi sterkt gengi íslensku krónunnar að verðtryggingin var lítil sem engin í samanburði við innlenda verðtryggingu. Aðilar máls gerðu með sér samning um að skuldarinn endurgreiddi það fé sem hann tók að láni. Verðtryggingin er til þess að svo verði. Lánið hefði ekki staðið til boða ef ekki væri verðtrygging. Það var hverjum skuldara fullkunnugt um. Hæstiréttur gerir engar athugasemdir við verðtryggingu fjárins, heldur form hennar. Samningurinn stendur að öðru leyti. Skuldarinn á áfram að endurgreiða verðmæti lánsins en finna þarf lögmæta verðtryggingu. Það er eðlilegt og sanngjarnt að verðtryggja lánið við vísitölu neysluverðs. Annað helst óbreytt þar með talið vextirnir. Þar með efnir skuldarinn samninginn og greiðir lánið til baka, nýtur áfram lágu vaxtanna og þess að verðtryggingin er lægri. Lánastofnunin tapar nokkru en fær þó lánið endurgreitt að fullu í íslenskum krónum, enda er það úrskurðurinn í málinu að lánið hafi verið að öllu leyti innlent. Segja má að aðilar deili milli sín tapinu á gjaldeyrishruninu með sanngjörnum hætti. Enda voru þeir báðir aðilar að hinu ólögmæta ákvæði og hljóta báðir að bera ábyrgð á því.

Fyrir liggur niðurstaða héraðsdóms þess efnis að mikil hækkun bílaláns sem tryggt var með gengi erlendra mynta leiðir ekki til ógildingar samningsins, en greiðandi taldi að samningurinn væri ósanngjarn og vísaði til 36. laga um samningagerð, umboð og ólögmæta gerninga. Hæstiréttur breytti þessari niðurstöðu ekki, en sneri dómnum við af öðrum ástæðum. Hvernig sem á málin er litið þá er ekki sanngjarnt að skuldari losni við að greiða skuld sína í kjölfar dóms Hæstaréttar og láti öðrum það eftir. Fjárhæðirnar eru svo háar sem um er að tefla að slíkt gengur ekki.

Verðtryggð skuld sem breytist í óverðtryggða er skuldatilfærsla frá einum til annars og mismunar skuldurum. Fráleitt er að fella niður verðtryggingu höfuðstóls lána af sumum lánum en viðhalda henni á öðrum. Hægt er að endurmeta grundvöll verðtryggingarinnar ef rök standa til þess en meginreglan verður að vera sú að lántakandi endurgreiði þau verðmæti sem hann fékk að láni. Stórfelldar fjármagns- og eignatilfærslur milli þjóðfélagshópa sundra þjóðinni og magna deilurnar og á því er síst þörf um þessar mundir. Verkefni stjórnvalda er að leiða málin til lykta þannig að sanngjarnt sé og sæmilegur friður skapist um niðurstöðuna þegar frá líður. Það verður ekki auðvelt verk við núverandi aðstæður í þjóðfélaginu þar sem óbilgjarn og öfgakenndur málflutningur er áberandi. En þar mun skipta sköpum að lausnin verði sanngjörn, hófsöm og ábyrg.






**FRED ASTAIRE LÉST Á ÞESSUM DEGI ÁRIÐ 1987.**



*„Erfiðast fyrir börn nú til dags er að læra góða mannasiði og sjá þá aldrei nokkru sinni við hafða."*

***Fred Astaire var fæddur 10. maí árið 1899 í Omaha í Nebraska í Bandaríkjunum. Hann gat sér góðan orðstír fyrir leik, söng og dans í fjölmörgum og þarf af nokkrum þekktum Hollywood-kvikmyndum á löngum og farsælum ferli.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 22. JÚNÍ 1919

## Færeyska fánanum flaggað í fyrsta sinn

Færeyska fánanum var flaggað í fyrsta skipti þennan dag árið 1919. Færeyski fáninn, sem nefndur er Merki, líkist öðrum fánum Norðurlandaþjóðanna, sérstaklega Íslands og Noregs. Eins og hinir fánarnir er hann með krossi en danski fáninn Dannebrog var sá fyrsti þessara fána til þess að skarta honum.

Fáninn var hannaður árið 1919 af Jens Oliver Lisberg og fleirum sem voru saman við nám í Kaupmannahöfn. Þann 22. júní sama ár var hann í fyrsta skipti dreginn að húni við brúðkaup í Fámjin í Færeyjum. Fáninn var svo viðurkenndur af hersetustjórn Breta í seinni heimsstyrjöldinni 25. apríl árið 1940. Síðan þá hefur sá dagur verið haldinn hátíðlegur í Færeyjum og kallast Flaggdagur. Danska ríkisstjórnin



samþykkti hann svo sem þjóðfána Færeyja 23. mars árið 1948. Upphaflegi fáninn er nú til sýnis í kirkjunni í Fámjin.

### MERKISATBURÐIR

**168 f. Kr.** Rómverjar sigra Makedóníumenn í orrustunni við Pydna.

**1372** Englendingar bíða ósigur fyrir sameinuðum flota Frakka og Kastilíumanna í orrustunni við La Rochelle.

**1636** Herstjóraveldið í Japan bannar allar ferðir Japana til og frá landinu. Bannið gilti svo allt til ársins 1853.

**1939** Hitamet er sett á Teigarhorni í Berufirði: Mesti mældur hiti á Íslandi frá upphafi mælinga, 30,5°C.

**1941** Þýskaland hefur innrás í Sovétríkin í síðari heimsstyrjöldinni.

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Grétar G. Vilmundarson,**

Drafnarstíg 2a, Reykjavík,

er lést aðfaranótt mánudagsins 14. júní sl. á líknardeild LSH verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 23. júní kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð krabbameinslækningadeildar.

**Inga Erlingsdóttir**
**Margrét Grétarsdóttir** **Tómas Örn Sigurbjörnsson**
**Vilborg Grétarsdóttir** **Gunnar Valdimarsson**
**Erla Rún Grétarsdóttir** **Hafþór Rúnar Sigurðsson**
**Andri Már og Ari Fannar Tómassynir**
**Ísabella og Orri Gunnarsbörn**

---



†

*Innilegar þakkir fyrir þá vináttu og hlýhug sem okkur hefur verið sýnd við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Guðnýjar Jóhönnu Hannesdóttur.**

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki á deild 3B Hrafnistu, Hafnarfirði, fyrir einstaka alúð og umönnun.

**Jóna G. Jónsdóttir Wheeler**
**Hannes Jónsson** **Sigrún Sveinsdóttir**
**Haraldur H. Jónsson** **Guðrún Ingólfsdóttir**
**Gestur Jónsson** **Hulda Kristjánsdóttir**
**Hugrún Jónsdóttir**
**Sigríður Björg Jónsdóttir** **Guðmundur B. Guðmundsson**
**Guðmundur Jónsson** **Lilja Ólafsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Sigríður Jóhannesdóttir Blöndal,**

lést á hjúkrunarheimilinu Holtsbúð, Garðabæ, föstudaginn 18. júní.

**Jóhannes Blöndal** **Maj Britt Pálsdóttir**
**Jósep Blöndal** **Hedvig Krane**
**Gunnar Blöndal** **Margrét Magnúsdóttir**
**Guðmundur Blöndal**
**Guðrún Blöndal** **Theodór Sigurðsson**
**Lárus L. Blöndal** **Soffía Ófeigsdóttir**
**Anna Bryndís Blöndal**
**Jón Ásgeir Blöndal**
**Lárus St. Blöndal Jónasson** **Íris Dröfn Magnúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

---



**FJÖLBREYTT VERK** María Kristín Steinsson segir ljósmyndirnar á sýningunni endurspegla ólíkan bakgrunn sýnenda. Sjálf er hún menntuð í myndlist og finnst gaman að blanda þessum miðlum saman. Hér er María Kristín til hægri ásamt Helgu Linnet sem á líka verk á sýningunni

**A-KLÚBBURINN:** SETUR UPP SÍNA FYRSTU LJÓSMYNDASÝNINGU Í KRINGLUNNI

# Fjölbreytileikinn í fyrirrúmi

„Þetta er frábært í alla staði," segir María Kristín Steinsson, meðlimur í A-klúbbnum sem hefur sett upp ljósmyndasýningu í Kringlunni undir yfirskriftinni Ljósmyndasýning A-klúbbsins.

Að hennar sögn er A-klúbburinn félagsskapur áhugafólks um ljósmyndun sem var stofnaður í janúar 2009 í kjölfar hrunsins þegar margir misstu vinnuna. „Upphaflega var auglýst eftir fólki sem hefði áhuga og tíma til að fara á virkum degi í vikulegar ljósmyndaferðir um landið, en þetta var hugsað til að hvetja þá sem höfðu misst vinnuna til dáða. Miklu fleiri mættu svo á fyrsta fundinn en reiknað hafði verið með og því var ákveðið að stofna þennan klúbb."

Meðlimir er nú á bilinu fjörutíu til fimmtíu talsins og segir María Kristín þá vera jafn ólíka og þeir eru margir. „Þetta er mjög fjölbreyttur hópur sem samanstendur af bæði lærðum ljósmyndurum og áhugaljósmyndurum sem eiga ástríðuna fyrir ljósmyndun sameiginlega auk þess sem sumir eru annaðhvort atvinnulausir eða atvinnulitlir. Sem dæmi um fjölbreytnina eru í hópnum auk atvinnuljósmyndara lærðir smiðir, kerfisfræðingar og svo er ég sjálf menntuð í myndlist," segir María Kristín og bætir við að ljósmyndirnar endurspegli vel þennan fjölbreytileika.

„Þetta eru abstrakt myndir, portrett og svo mestmegnis landslagsmyndir, afraksturinn úr ferðalögum sem við höfum farið í síðasta eina og hálfa árið," segir María Kristín og getur þess að á sýningunni verði bæði myndir frá þekktum og minna þekktum náttúruperlum. „Þarna verða meðal annars fallegar myndir frá Þingvöllum og Gullfossi og svo stöðum sem eru ekki síður fagrir en færri vita af. Sjálf kom ég á ýmsa staði í þessum ferðum sem ég vissi hreinlega ekki um, að hluta til vegna þess að ég bjó lengi erlendis og hafði því mjög gaman af því að sjá þá og mynda."

Ljósmyndasýningin er sú fyrsta sem A-klúbburinn setur upp en hingað til hafa margar ljósmyndanna verið aðgengilegar á heimasíðu klúbbsins, www.aklubburinn.com. „Okkur fannst bara tími til kominn að fleiri en félagsmenn fengju að njóta myndanna, en fimmtán okkar eiga verk á sýningunni," segir María Kristín og útilokar ekki að sýningarnar verði fleiri á næstunni. „Sérstaklega í ljósi þess hversu öflug starfsemin hefur verið." Hún bætir við að áhugasamir geti aflað sér frekari upplýsinga um klúbbinn á fyrrnefndri heimasíðu, þar sem jafnframt er hægt að skrá sig í hann sér að kostnaðarlausu.

Þess má geta að ljósmyndirnar eru til sýnis á jarðhæð Kringlunnar og stendur sýningin yfir til 30. þessa mánaðar.

roald@frettabladid.is

---



†

*Ástkær bróðir, mágur og fósturfaðir,*

**Flosi Óskarsson**

vélfræðingur, Þverholti 9, Mosfellsbæ,

er látinn. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 24. júní kl. 13.00.

**Gylfi Óskarsson** **Sigríður Konráðsdóttir**
**Ósk Óskarsdóttir**
**Björt Óskarsdóttir** **Guðmundur R. Jónsson**
**Ásta Ísafold** **Þórólfur Grímsson**
**Jón Þór Þórarinsson**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Bragi Jóhannsson,**

Skúlagötu 13, Borgarnesi,

lést föstudaginn 18. júní á Sjúkrahúsi Akraness. Jarðarförin fer fram frá Borgarneskirkju fimmtudaginn 24. júní kl. 11.00.

**Kristín Jónasdóttir**
**Inga Lára Bragadóttir** **Björgvin Óskar Bjarnason**
**Oddný Þórunn Bragadóttir** **Shaban A. Tbeiaa**
**barnabörn og langafabörn.**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og vinur,*

**Halldór Hjálmarsson,**
húsgagna- og innanhússarkitekt,

lést á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum, þann 19. júní 2010. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 29. júní kl. 13.00.

**Skafti Þ. Halldórsson**
**Sigríður Hagalínsdóttir**
**Örn Þór Halldórsson**
**Anna Margrét Halldórsdóttir**
**Ragnar Birgisson**
**Erla Rúriksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir, mágkona, amma og langamma,*

**Áslaug Jónsdóttir,**
Unnarbraut 26, Seltjarnarnesi,

andaðist á krabbameinsdeild LSH sunnudaginn 20. júní. Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Jón Oddur Magnússon**
**Magnús Ingi Magnússon**
**Aðalheiður Björk Olgudóttir**
**Inga Lára Hjaltadóttir**
**Elías Árnason**
**Þórður Jónsson**
**Björg Kofoed-Hansen**
**Margrét Þórunn Jónsdóttir**
**Björgvin H. Fjeldsted**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Okkar ástkæri*

**Agnar Möller,**
Háulind 25, Kópavogi,

verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju miðvikudaginn 23. júní kl. 13.00.

**Lea Rakel Lárusdóttir Möller**
**Margrét Möller**
**Guðmundur J. Guðlaugsson**
**Alma Möller**
**Ólafur Valur Ólafsson**
**Thomas W. Möller**
**Bryndís M. Tómasdóttir**
**Ásta Möller**
**Haukur Þór Hauksson**
**Edda Möller**
**Einar Eyjólfsson**
**og afabörn.**



*Hjartans þakkir sendum við öllum þeim sem auðsýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför*

**Braga Friðrikssonar.**

Sérstakar þakkir færum við bæjarstjórn Garðabæjar en útförin fór fram á vegum hennar.

**Katrín Eyjólfsdóttir**
**Ingibjörg Bragadóttir**
**Eyjólfur Bragason**
**Hrönn Kjærnested**
**Auður Bragadóttir**
**Sæmundur Hafsteinsson**
**Oddur Bragason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Vigdís Jóhannsdóttir,**
Rofabæ 23, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi fimmtudaginn 17. júní. Minningarathöfn fer fram í Árbæjarkirkju fimmtudaginn 24. júní kl. 15.00. Útför hennar fer fram frá Fáskrúðarbakkakirkju föstudaginn 25. júní kl. 14.00.

**Jónas Aðalsteinn Helgason**
**Sandra Þorbjörnsdóttir**
**Jóhann Helgi Helgason**
**Þórunn Kristjánsdóttir**
**Páll Hinrik Helgason**
**Ingibjörg Hauksdóttir**
**Þórir Jökull Helgason**
**Hulda Júlía Sigurðardóttir**
**og ömmubörn.**



*Elsku drengurinn okkar, bróðir og barnabarn,*

**Karl Cesar Salómonsson,**

lést aðfaranótt 17. júní sl. Útför hans verður gerð frá Grafarvogskirkju föstudaginn 25. júní kl. 13.00.

**Salómon Viðar Reynisson**
**Þóra Lind Karlsdóttir**
**Svavar Örn Eysteinsson**
**Steinunn Björnsdóttir**
**Gylfi Snær Salómonsson**
**Reynir Viðar Salómonsson**
**Kristín Valgeirsdóttir**
**Birna Björg Salómonsdóttir**
**Karl Cesar Sigmundsson**
**Reynir Ásgrímsson**



*Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Björn Eyþórsson**
prentari, Álfheimum 60,

lést fimmtudaginn 17. júní sl. Útför hans fer fram frá Langholtskirkju fimmtudaginn 24. júní kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþökkuð en þeim sem vildu minnast hans er bent á Hjartavernd.

**Torfey Steinsdóttir**
**Steinn Bjarki Björnsson**
**Eyþór Hreinn Björnsson**
**Ingunn Þorsteinsdóttir**
**og barnabörn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingveldur Óskarsdóttir Thorsteinson,**

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ aðfaranótt sunnudagsins 20. júní.

**Margrét Fafin Thorsteinson**
**Páll Svavarsson**
**Steinunn Thorsteinson**
**Jóhanna Thorsteinson**
**Bergur Bergsson**
**Anna Björg Thorsteinson**
**Sigursteinn Sævar Einarsson**
**Birgitta Thorsteinson**
**Magnús G. Benediktsson**
**Steingrímur Árni Thorsteinson**
**Ásta Kristín Svavarsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**



*Bróðir minn og frændi okkar,*

**Trausti Guðmundsson**
frá Hofi, Kleifum, Ólafsfirði,

sem lést 14. júní, verður jarðsunginn frá Ólafsfjarðarkirkju föstudaginn 25. júní kl. 14.00.

**Þórarinn Guðmundsson**
**Sigrún A. Guðmundsdóttir**
**Gígja Þórarinsdóttir**
**Baldur Kristjánsson**
**Guðrún Þórarinsdóttir**
**Jóhann Baldvinsson**
**og fjölskyldur.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar og tengdafaðir,*

**Njörður Tryggvason**
byggingaverkfræðingur,

lést á Landspítalanum Fossvogi föstudaginn 18. júní. Útförin fer fram frá Akraneskirkju fimmtudaginn 24. júní kl. 14.00.

**Kristrún Jónsdóttir**
**Jón Tryggvi Njarðarson**
**Elisabeth Eigenberg**
**Hróðný Njarðardóttir**
**Snorri Gunnarsson**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Magnús Bjarnason**
leigubílstjóri, Markholti 22,

andaðist á krabbameinslækningadeild 11E á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 18. júní. Útför hans verður auglýst síðar.

**Hanna Þóra Bergsdóttir**
**Björk Magnúsdóttir**
**Gunnar Örn Steingrímsson**
**Gígja Magnúsdóttir**
**Magnús Andri Pálsson**
**Bjarklind Björk Gunnarsdóttir**



*Innilegar þakkir fyrir þá vináttu og hlýhug sem okkur hefur verið sýnd við andlát og útför elskulegs föður, stjúpföður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Sveins Stefánssonar.**

Sérstaklega viljum við færa öllu starfsfólki á hjúkrunarheimilinu Eir þakkir fyrir vinsemd og hlýhug. Starfsfólkinu á 2.S færum við okkar bestu kveðjur fyrir einstaka alúð og umönnun.

**Sigrún Sveinsdóttir**
**Hannes Jónsson**
**Eyrún Eiríksdóttir**
**Hjalti Jón Þorgrímsson**
**barnabörn og langafabörn.**



*Ástkær maðurinn minn, fósturfaðir, tengdafaðir, afi og bróðir,*

**Hannes Elísson**
matsveinn,

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju í dag, þriðjudaginn 22. júní kl. 13.00.

**Þórhildur Hjaltadóttir**
**Berglind Óskarsdóttir**
**Guðmundur Hagalín**
**Hákon Fenrir Hagalín**
**Freyja Rún Hagalín**
**Auður Elísdóttir**
**Erna Elísdóttir**
**Elísa Elísdóttir**
**Elín Jónsdóttir**
**Ágústa Katrín Jónsdóttir**
**Sólveig Kristín Jónsdóttir**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

SÝNDU ÞÍNAR BESTU HLIÐAR

Ljósmyndasamkeppni Panasonic og Vísis



1. VERÐLAUN
PANASONIC G2
Glæný og byltingarkennd myndavél með útskiptanlegum linsum og snertiskjá.



2. VERÐLAUN
PANASONIC TZ10
Hágæða myndavél með 12x aðdrætti, GPS og fjölmörgum möguleikum.



3. VERÐLAUN
PANASONIC BD65
Vandaður Blu-ray spilari með minniskortarauf til að skoða ljósmyndirnar úr myndavélinni.





Taktu þátt í ljósmyndasamkeppni. Deildu þínum bestu myndum með okkur og þú átt möguleika á glæsilegum verðlaunum. Að auki er þráðlaus Panasonic KXTG1311 sími dreginn út í hverri viku.

Skilafrestur til **21. ágúst 2010.**
Allar nánari upplýsingar á visir.is.



Panasonic

vísir.is
Fyrstur með fréttirnar

# Blessuð vertu þjóðkirkja

BAKÞANKAR
Hólmfríður Helga Sigurðardóttir



Þótt ég sé af rómantískara kyninu hef ég aldrei borið þann draum í brjósti að ganga tárvot inn kirkjugólf. Ég fæ dálitla gæsahúð og mér liggur við yfirliði, bara við tilhugsunina.

**HJÓNABÖND** finnst mér hins vegar falleg og brúðkaup þykja mér nær undantekningalaust dásamleg upplifun. Ég er einn af þessum undarlegu gestum sem gráta með ekkasogum í gegnum fávitalegt bros, þegar brúðurin kemur gangandi í öllu sínu hvíta veldi. Ég kemst í annarlegt ástand, sem veldur því að ég geri mig oftar en ekki að fífli. Ég fékk til dæmis hóstakast í miðjum eftir-já-kossi einnar af mínum kærustu vinkonum og nýlega sagði ég eftirminnilega óviðeigandi brandara, sem enginn hló að, í brúðkaupi frænku minnar.

**FYRIR** marga skiptir giftingin öllu máli. Án hennar þykir þeim lífið ekki fullkomnað. Enn öðrum finnst kirkjan leika þar lykilhlutverk. Ég er á hvorugri skoðuninni. Mér finnst mitt óblessaða samband alveg jafn alvöru og þeirra sem velja að gifta sig. Mér er sama þótt ég verði bara kærasta til dauðadags en ekki eiginkona. Ég hlakka til að verða áttræð á föstu.

**MARGIR** samkynhneigðir eru á meðal þeirra sem þrá að gifta sig í kirkju. Það er í raun dálítið merkilegt, í ljósi þess hvað þeir hafa lengi fengið þau skilaboð frá þjóðkirkjunni að trú þeirra og ást sé minna virði en þeirra sem elska hitt kynið. Af hverju þráir fólk blessun þeirra sem fyrirlíta þá og hafa ofsótt í gegnum tíðina?

**Á** meðan þessu trúaða fólki hefur verið meinað að gifta sig innan kirkjunnar hafa gagnkynhneigðir trúleysingjar traðkað í röðum inn kirkjugólf landsins, oft hálfnauðugir, til að þóknast maka sínum, fjölskyldu eða hefðinni. Er þetta ekki undarlegt? Hvorum hópnum ætti kirkjan að taka fagnandi? Báðum, finnst mér.

**ÞAÐ** finnst helmingnum af prestum þjóðkirkjunnar ekki. Þeir vilja heldur gifta trúlausa en samkynhneigða. Í síðustu viku steig Alþingi flottasta skref sitt lengi og gerði hjónaband samkynhneigðra jafnhátt annarra. Nú í vikunni taka lögin gildi og þá mega hommar og lesbíur gifta sig í kirkju.

**ÓTRÚLEGUR** fjöldi þjóðkirkjupresta segist hins vegar, með yfirvegað kærleiksbros á vör, ekki ætla að gifta samkynhneigð pör. Þeirra vegna nenni ég ekki að taka þátt í að styrkja þjóðkirkjuna lengur með skattpeningunum mínum. Ég segi mig úr henni, strax í dag. Og hálfskammast mín fyrir að vera ekki löngu búin að því.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# GÓÐAR FRÉTTIR FYRIR ALLA

## Enn betra aðgengi að Fréttablaðinu

Breytingar voru gerðar á frídreifingu og lausasölu Fréttablaðsins 1. júní. Blaðinu er áfram dreift ókeypis í lúgur og Fréttablaðskassa á kjarnadreifingarsvæði* okkar. Nýbreytnin felst í að frídreifingu í verslunum og á bensínstöðvum á kjarnadreifingarsvæði verður hætt, en blaðið í staðinn selt í lausasölu um land allt samhliða fyrrgreindri frídreifingu heim eða í hverfi. Lausasölustöðum verður fjölgað til muna auk þess sem fjöldi Fréttablaðskassa í íbúðahverfum verður nærri þrefaldaður, úr 60 í um 170. Nánari upplýsingar um dreifingu Fréttablaðsins má nálgast á **visir.is/dreifing**.

**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á visir.is eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

## Fjöldi lausasölustaða um allt land

**Höfuðborgarsvæði og Suðurnes**
Olís, Norðlingaholti (um helgar)
Olís Kjalarnesi
Litla Kaffistofan
Olís – Básinn, Keflavík (um helgar)
10-11, Keflavík
Eymundsson, Leifsstöð
10-11 í Leifsstöð

**Vesturland og Vestfirðir**
N1 verslun, Akranesi
Olís, Esjubraut, Akranesi (um helgar)
Bónus, Akranesi
Bónus, Borgarnesi
Olís, Borgarnesi (um helgar)
Verslunin Baulan, Borgarfirði
Hönnubúð, Reykholti, Borgarfirði
Bónus, Stykkishólmi
Olís, Stykkishólmi
Hrannarbúðin, Grundarfirði
N1, Ólafsvík
Olís, Ólafsvík
Hraðbúð N1, Hellissandi
Shell/Vélsmiðja Árna Jóns ehf, Hellissandi
Smáalind ehf, Patreksfirði
N1, Ísafirði
Bónus, Ísafirði
Hamraborg, Ísafirði

**Norðurland**
N1, Staðarskáli
Kaupfélagið á Hvammstanga
Verslun, Víðigerði
N1, Blönduósi
Potturinn og pannan, Blönduósi
Olís, Skagaströnd
Hlíðarkaup ehf, Sauðárkróki
N1, Sauðárkróki
Shell skáli, Sauðárkróki
Bónus, Akureyri
N1, Hörgárbraut, Akureyri
N1, Leiruvegur, Akureyri
Olís, Akureyri (um helgar)
10-11, Akureyri
N1, Dalvík
Olís, Dalvík
Olís, Ólafsfirði
Eyjabúðin/Eyjaljósið, Hrísey
N1, Húsavík
Olís, Húsavík
Shell skáli, Húsavík
Búðin Kópaskeri
Verslunin Ásbyrgi
Verslunin Urð, Raufarhöfn
N1, Þórshöfn

**Suðurland**
N1, Hvolsvelli
Söluskálinn Björk, Hvolsvelli
Olís, Hellu
Söluskálinn Landvegamótum, Hellu
Árborg, Árnesi
Bjarnabúð, Reykholti, Bláskógabyggð
Ferðaþjónustan Úthlíð
Glóðarsel, Laugarvatni
Þrastalundur, Grímsnesi
Bónus, Hveragerði
N1, Hveragerði
Bónus, SelfossiMinni Borg, Selfossi
N1 Fossnesti, Selfossi
N1 verslun, Selfossi
Olís, Selfossi
Ferðaþjónustan Úthlíð, Selfossi
N1, Vestmannaeyjum
Olís, Vestmannaeyjum
Skýlið, Vestmannaeyjum
Vöruval, Vestmannaeyjum

**Austurland**
Mónakó, Bakkafirði
N1 Vopnafirði
Bónus, Egilsstöðum
N1, Egilsstöðum
Olís, Fellabæ
Olís, Reyðarfirði
Shell, Reyðarfirði
Shell skáli, Eskifirði
Olís, Neskaupsstað
N1, Hornafirði
Olís, Hornafirði




**Allt sem þú þarft...**

*Kjarnadreifingarsvæði Fréttablaðsins er höfuðborgarsvæðið, Akureyri, Stokkseyri, Eyrarbakki, Hveragerði, Selfoss, Borgarnes, Akranes, Reykjanesbær, Þorlákshöfn, Keilir, Garður, Sandgerði, Grindavík og Vogar.







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D ísl. | 3:20(3D) - 5:40(3D) | L |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 3:20 - 5:40 | L |
| TOY STORY 3 M/ ensku Tali | kl. 8(3D) - 10:20(3D) | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 5:30-8 - 8:30 - 10:45 | 12 |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 5 - 8 - 10:45 | VIP |
| THE LOSERS | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| PRINCE OF PERSIA | kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | 10 |
| THE LAST SONG | kl. 3:20 | L |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN M/ ísl. Tali | kl. 3:20 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D ísl tal | kl. 5:40 | L |
| TOY STORY 3 - 3D ensku tal | kl. 8 | L |
| THE LOSERS | kl. 10:20 | 12 |
| PRINCE OF PERSIA : SANDS OF TIME | kl 6 | 10 |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 9 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| BIG FOUR: METALLICA, SLAYER, MEGADETH, ANTHRAX LIVE TÓNLEIKAR | kl. 5 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D ísl. Tali | kl. 3:20(3D) - 5:40(3D) | L |
| TOY STORY 3 M/ ensku Tali | kl. 11(3D) | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 7 - 8D - 9:30D- 10 | 12 |
| PRINCE OF PERSIA : SANDS OF TIME | kl. 4:30 | 10 |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 5:50 - 8 | L |
| BROOKLYN'S FINEST | kl. 10:10 | 16 |
| PRINCE OF PERSIA | kl. 5:30 Sýnd í síðasta sinn | 10 |
| THE LAST SONG | kl. 8 Sýnd í síðasta sinn | L |
| COPS OUT | kl. 10:10 Sýnd í síðasta sinn | 14 |

ÞRIÐJU DAGSBÍÓ Í DAG KR. 600*
*GILDIR EKKI Í VIP, Á ÍSLENSKAR MYNDIR OG Á MYNDIR Í 3D OG BEINAR ÚTSENDINGAR

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| THE A-TEAM | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| THE A-TEAM LÚXUS | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| LEIKFANGASAGA 3D íslenskt tal | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| TOY STORY 3 3D enskt tal | kl. 5.45 - 8 | L |
| STREETDANCE 3D | kl. 3.30 - 10.20 | L |
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 5.30 - 8 - 10.25 | 12 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ 3 | kl. 4 | L |
| ROBIN HOOD | kl. 8 | 12 |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE A-TEAM | kl. 6 - 9 | 12 |
| STREETDANCE 3D | kl. 6 - 9 | L |
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 6 - 9 | 12 |
| SNABBA CASH | kl. 6 - 9 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| THE A-TEAM | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 8 | 12 |
| YOUTH IN REVOLT | kl. 10 | 14 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ 3 | kl. 5.45 | L |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| A-TEAM | 5.40, 8 og 10.20(POWER) | 16 |
| STREET DANCE 3-D | 4, 6 og 8 | 7 |
| GET HIM TO THE GREEK | 3.50, 5.50, 8 og 10.10 | 12 |
| ROBIN HOOD | 10 | 12 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ | 4 | L |

ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR




**SÁTTAR** Herdís Þórsteinsdóttir og Jófríður Halldórsdóttir mættu með bros á vör. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# TÓNLEIKAVEISLA HJALTALÍN

**Þrennir tónleikar Hjaltalín og Sinfóníuhljómsveitar Íslands voru haldnir í Háskólabíói 16., 18. og 19. júní. Uppselt var alla tónleikana og greinilegt að samvinna þessara tveggja hljómsveita lagðist vel í landann. Almenn ánægja hefur verið með tónleikana og þeir taldir hafa heppnast vel. Mikil eftirvænting var hjá gestunum fyrir tónleikana á föstudaginn þegar Fréttablaðið átti leið hjá.**



**KYNSLÓÐABIL** Ragnhildur Kvaran og Gunnhildur Gunnarsdóttir hlökkuðu til að setjast inn í sal.



**FLOTT Í TAUINU** Oddný Heimisdóttir og Markús Már Efraim voru spennt.



**SKÁL** Helga Brá Árnadóttir og Jón Gunnar Þorsteinsson skáluðu í anddyri Háskólabíós.



**HRESSAR** Guðný Gestsdóttir og Helga Þórðardóttir.



**GÓÐIR** Guðmundur Vignir og Jóhannes Ágúst voru búnir að tryggja sér miða á þessa vinsælu tónleika.

# Kesha hirðir föt af götunni

Hin villta Kesha segist nota tónlistina til að hefna sín á fólki sem hefur gert eitthvað á hennar hlut. „Ein stelpa stal bílnum mínum þannig að ég samdi lag sem kallast Backstabber. Þegar ég sé svo þúsund manns syngja við lagið á tónleikum þá hugsa ég með mér: „Hafðu þetta Jeanie. Þú abbaðist upp á ranga konu.“ Kesha sló í gegn með lagið Tik Tok sem kom út síðla árs 2009.

Söngkonan segist einnig hafa gaman af því að klæðast notuðum fötum og vill helst ekki kaupa sér nýjar flíkur. „Ef ég finn flíkur úti á götu þá hirði ég þær. Ég er eins og gullgrafari þegar ég geng um götur Los Angeles, ég er alltaf í leit að fjársjóði. Mér finnst líka skemmtilegra að klæðast notuðum fötum af því að það er saga á bak við hverja flík,“ sagði söngkonan.



**HEFNIGJÖRN** Kesha segist nota tónlist sína til að hefna sín á fólki. NORDICPHOTOS/GETTY

# Veðurguð sem Buddy Holly

Verið er að undirbúa uppsetningu á söngleik um hinn vinsæla söngvara Buddy Holly í nýuppgerðum Austurbæ. Jón Ólafsson er tónlistarstjóri og Gunnar Helgason mun leikstýra verkinu. Búið er að ráða í aðalhlutverkið en Ingólfur Þórarinsson, poppstjarna og fótboltakappi, mun bregða sér í hlutverk Buddy Holly. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem hann leggur leiklistina fyrir sig því Ingólfur fór með hlutverk í íslensku sjónvarpsþáttaröðinni Réttur í fyrra.

Jón segir hlæjandi að þeir hafi heillast af sjarma Ingólfs í Iceland Express-auglýsingunni. „Ingó var frábær í þeim auglýsingum og sýndi geysilega góða takta. Svo hefur hann oft látið hafa það eftir sér í viðtölum að hann vilji leggja leiklistina fyrir sig,“ segir Jón en þeir hafa fulla trú að Veðurguðinum. „Við þurftum að fá einhvern sem var fyrst og fremst góður tónlistarmaður, sem Ingó er. Hlutverkinu fylgir að vera með gítarinn og vera sönglandi nánast allan tímann. Ég held við hefðum ekki fundið einhvern með báða þessa kosti í leikarageiranum.“ Jón segir að Ingólfur sé hógvær og viljugur til að læra. „Hann gengur inn í þetta með opnum huga og ég er viss um að hann tæklar þetta vel. Svo er hann líka bara svo góður drengur.“

Aðstandendur sýningarinnar eru að leita að óþekktum sem þekktum andlitunum til að leika við hlið Ingós í söngleiknum en haldnar verða opnar prufur 27. júní næstkomandi. „Það er alltaf gaman að finna ný andlit í bransann en svo er áætluð frumsýning í byrjun október þegar öll atvinnuleikhúsin eru á fullu. Þetta verður því blanda af atvinnumönnum og áhugamönnum sem bera upp sýninguna.“ Þeir eru meðal annars að leita að tveimur þeldökkum söngvurunum í sýninguna. „Ég vona að við finnum tvo góða en ef ekki þá gerum það sama og við Baltasar Kormákur gerðum í uppsetningu á Hárinu þegar við sminkuðum Ingvar Sigurðsson alveg dökkan. Það er b-planið.“ - áp



**JÓN ÓLAFSSON** Er tónlistarstjóri á uppsetningu söngleiksins Buddy Holly í nýuppgerðum Austurbæ.



**NÝ LÍFSSÝN** Rapparinn Eminem segist fylgjandi því að samkynhneigðir fái að ganga í hjónaband. NORDICPHOTOS/GETTY

## Nýr og betri maður

Rapparinn Eminem sagðist í nýlegu viðtali við New York Times að hann væri fylgjandi því að samkynhneigt fólk fengi að ganga í hjónaband. Rapparinn, sem þekktur er fyrir klúra texta og niðrandi orð í garð kvenna og samkynhneigðra segist hafa vaxið upp úr barnaskapnum.

„Mér leið ef til vill svona á þeim tíma sem ég lét þessi orð falla, en ég hef þroskast mikið síðan þá og sýn mín á lífið hefur einnig breyst mikið undanfarin ár. Ég trúi því að ef tvær manneskjur elska hvor aðra þá ættu þær að fá að giftast. Mér finnst að allir ættu að hafa sömu réttindi til óhamingju. Ef það er það sem samkynhneigðir vilja, þá segi ég verði þeim að góðu,“ sagði tónlistarmaðurinn sem vill meina að hann sé nú nýr og betri maður.



**LOKSINS** Eftir þriggja ára bið er ný plata á leiðinni frá Radiohead.

## Ný plata frá Radiohead í ár

**Hljómsveitin Radiohead er á lokasprettinum við vinnu á nýrri plötu. Hljómsveitin vonast til að geta gefið hana út í lok árs, samkvæmt viðtali við gítarleikarann Ed O'Brien.**

**Radiohead gaf síðast út plötuna In Rainbows árið 2007 og hún þótti vel heppnuð. Aðdáendur hljómsveitarinnar hafa því beðið spenntir eftir framhaldi. Útgáfa In Rainbows vakti mikla athygli þar sem Radiohead leyfði aðdáendum að borga það sem þeir vildu fyrir plötuna.**

**Óvíst er hvaða leið þeir fara við útgáfu á nýju plötunni, sem hefur ekki hlotið nafn.**



## > Dregið í Evrópukeppnunum

Íslandsmeistarar FH mæta Íslandsvinunum í BATE Borisov frá Hvíta-Rússlandi í forkeppni Meistaradeildar Evrópu. Þetta er í þriðja sinn á síðustu fjórum árum sem BATE spilar við íslenskt lið en það mætti FH árið 2007 og Val ári síðar. KR mætir Glentoran frá Norður-Írlandi og Fylkir tekur á móti Zhodino frá Hvíta-Rússlandi í 1. umferð Evrópudeildar UEFA. Blikar fara beint í 2. umferð þar sem skoska liðið Motherwell bíður. Komist KR í aðra umferð mætir það liði frá Úkraínu en serbneskt lið bíður Fylkis komist Árbæingar áfram.



**sport**
sport@frettabladid.is

PEPSI-DEILD KARLA: ÖRUGGUR SIGUR FH Á SELFOSSI Í GÆR

# *Einstefna Íslandsmeistaranna á Selfossi*

Íslandsmeistarar FH virðast komnir á beinu brautina eftir erfiða byrjun á Íslandsmótinu. Liðið vann öruggan 2-0 sigur á Selfossi í gær og hefur nú fengið tíu stig af tólf mögulegum í síðustu fjórum leikjum liðsins.

Selfyssingar eru hins vegar í 10. sæti en þeir hafa nú tapað fjórum leikjum í röð og þurfa að byrja að skila inn stigum á ný ætli þeir að halda sér í deild þeirra bestu. Mörk leiksins skoruðu Ólafur Páll Snorrason og Matthías Vilhjálmsson (á mynd) en mark Ólafs Páls var skrautlegt - það kom beint úr horni þegar hann skrúfaði boltann yfir Jóhann Ólaf Sigurðsson í marki Selfyssinga. Leikurinn var að mestu einstefna af hálfu FH. Selfyssingar náðu lítið að skapa sér og var sóknarleikurinn oft tilviljunarkenndur eða háður föstum leikatriðum á meðan FH hefði getað bætt við fleiri mörkum.

Heimir Guðjónsson þjálfari FH var að vonum sáttur að leikslokum. „Mér fannst þetta vera góður leikur af hálfu FH. Það hefur verið stígandi í liðinu og við vorum staðráðnir í því að halda þessari spilamennsku áfram. Við sköpuðum mikið af færum upp við mark þeirra og mikið af sóknarmöguleikum þar sem úrslitasendingin var oft að klikka. Við byrjuðum mótið ekki eins og við vildum, hins vegar hafa orðið framfarir og það er það sem við viljum sjá. Við megum þó ekki gleyma okkur og þurfum að halda áfram.”

Guðmundur Benediktsson, þjálfari Selfyssinga var ekki jafn kátur eftir leik. „Við vorum undir á öllum sviðum knattspyrnunnar. Við fengum kennslu og vonandi tökum við einhvern lærdóm úr þessu. Við vissum fyrir leikinn að við urðum að eiga okkar besta leik til að fá eitthvað út úr þessu og við vorum langt frá því að eiga okkar besta leik á meðan FH spiluðu mjög vel hér og fóru illa með okkur.”



**Haukar 2-3 Grindavík**

Vodafone-völlur, áhorf.: 495 Kristinn Jakobsson (7)

*1-0 Arnar (18.), 2-0 Hilmar Geir (42.) 2-1 Orri Freyr (62.), 2-2 Gilles Ondo (78.), 2-3 Ondo (79.).*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 8–14 (6–8) |
| Varin skot | Ómar 2 – Daði 2 |
| Horn | 4–5 |
| Aukaspyrnur fengnar | 17–16 |
| Rangstöður | 3–8 |

| HAUKAR 4–5–1 | | GRINDAV. 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Daði Lárusson | 8 | Rúnar Dór Daníelss. | 6 |
| Pétur Örn Gíslaso | 5 | Ray A. Jónsson | 6 |
| Guðm. Viðar Mete | 4 | Auðun Helgason | 5 |
| (77. Hilmar Rafn E. | -) | Orri Freyr Hjaltalín | 5 |
| Daníel Einarsson | 5 | Jósef Kr. Jósefsson | 7 |
| Kristján Ó. Björnss. | 4 | Scott Ramsay | 6 |
| Úlfar Hrafn Pálsson | 5 | Jóhann Helgason | 5 |
| Guðjón P. Lýðsson | 6 | Marko V. Stefánsson | 5 |
| Gunnar O. Ásgeirss. | 6 | (46. Grétar Hjartars. | 6) |
| (82. Jónm. Grétarss. | -) | Matthías Friðriksson | 6 |
| Sam Mantom | 7 | (72. Loic M. Ondo | -) |
| Hilmar Geir Eiðsson | 6 | Óli B. Bjarnason | 7 |
| (66. Ásgeir Ingólfss. | 5) | (86. Alexander M. | -) |
| Arnar Gunnlaugss. | 7 | ***Gilles M. Ondo** | **8** |

**Maður leiksins*

Ótrúlegur viðsnúningur hjá Grindavík sem vann 3-2 sigur eftir að hafa lent 2-0 undir gegn Haukum:

# Erum engu síðri en hin liðin í deildinni

**FÓTBOLTI** Botnliðin tvö í Pepsi-deild karla, Grindavík og Haukar, mættust á Vodafone-vellinum við Hlíðarenda í gærkvöldi og óhætt er að segja að leikurinn hafi verið fjörlegur. Þegar upp var staðið höfðu Grindvíkingar 3-2 sigur eftir að hafa lent 0-2 undir. Gilles Mbang Ondo var hetja Grindvíkinga en hann skoraði 2 mörk með mínútu millibili þegar skammt var eftir.

Ondo var sigurreifur eftir leik. „Við sýndum karakter og viljastyrk og það er greinilegt að við getum barist og spilað frjálsan og hættulegan sóknarleik, erum engu síðri en hin liðin í deildinni á svona kvöldi. Aðspurður um persónuleg markmið. „Ég set mér ekki nein persónuleg markmið í markaskorun. Ég vil bara að liðinu gangi vel, auk þess sem ég hef sett stefnuna á að spila á Afríkumótinu með Gabon 2012.“

Andri Marteinsson, þjálfari Hauka, var ekki eins upplitsdjarfur. „Vendipunktur leiksins var þegar Grindvíkingar skoruðu sitt fyrsta mark og komu sér inn í leikinn. Við vorum búnir að fá færi þar á undan til að setja stöðuna í 3-0 en við urðum þess í stað hræddir og settumst aftur til að verja forskotið og það veit aldrei á gott og þeir verðskulduðu í raun það að taka þessi 3 stig miðað við hvernig við spiluðum í seinni hálfleik.“

Aðspurður hvort hann væri farinn að örvænta með engan sigur í húsi. „Ég er helst orðinn hræddur um að strákarnir séu að missa trú á verkefninu, það þýðir samt ekki að leggjast í kör og hætta að hafa gaman af þessu. Nú er bara að draga lærdóm af þessum leik og laga það sem þarf að laga.

- ae



**MARKAHETJAN** Gilles Mbang Ondo skoraði tvisvar á tveimur mínútum í gær og tryggði Grindavík sigurinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR




# Hefðum átt að klára þetta

**Fram og Keflavík gerðu í gær 1-1 jafntefli í Pepsi-deild karla á Njarðtaksvellinum í Njarðvík og hafa bæði lið fimmtán stig á toppi deildarinnar eins og Valur.**

**FÓTBOLTI** Fram og Keflavík komust upp í toppsæti Pepsi-deildarinnar í gær með 1-1 jafntefli í Njarðvík. Bæði hafa 15 stig eins og Valur.

Framarar byrjuðu leikinn á stórsókn. Það var greinilegt að þeir ætluðu að taka Keflvíkinga í bólinu og þeir gerðu einmitt það. Kristján Hauksson náði að snerta aukaspyrnu frá Almari strax á þriðju mínútu, nóg til að trufla Ómar í markinu. Fram komið yfir strax í byrjun og þeir héldu áfram að sækja.

Keflvíkingar voru í alls konar vandræðum, Ómar virkaði óöruggur í markinu og Brynjar í vinstri bakverðinum var skotmark gestanna sem óðu upp kantinn. Þeir sköpuðu nokkur fín færi en náðu ekki að bæta við. Sóknarlotur Keflvíkinga voru lengst af afleitar, þeir náðu ekki upp neinu spili og ógnuðu marki Framara ekkert að ráði. Staðan 0-1 í hálfleik.

Keflvíkingar þurftu að gera eitthvað í sínum málum en ekkert breyttist fyrr en um miðbik hálfleiksins. Þá byrjuðu þeir að spila betur og uppskáru glæsilegt jöfnunarmark frá Magnúsi Sverri.

Eftir það datt Fram niður og ætlaði að verja jafnteflið. Keflvíkingar gengu á lagið og sóttu mikið en bæði lið fengu ágæt færi.

Leikurinn fjaraði út og jafntefli niðurstaðan. Framarar áttu að klára leikinn áður en þeir hleyptu Keflvíkingum inn í hann en heimamenn sýndu fína baráttu sem skilaði þeim einu stigi.

„Við hefðum átt að gera betur í markinu, þá sérstaklega ég,“ sagði Ómar markmaður Keflvíkinga. Willum Þór Þórsson þjálfari var ánægður með baráttuviljann í liðinu. „Að fá á okkur mark strax var eins og við hefðum verið kýldir kaldir. En við unnum okkur inn í leikinn og ég er ánægður með baráttuna og viljann. Ef við tökum fyrstu tuttugu mínúturnar út voru jafntefli sanngjörn úrslit en leikurinn er 90 mínútur og fyrstu 20 vorum við bara ekki mættir.“

Fyrirliðinn Kristján Hauksson segist hafa snert boltann í markinu hjá Fram. „Ég færi ekki að ljúga öðru að þér,“ sagði Kristján. „Það var ekki ákveðið að sækja svona mikið strax en það gekk vel. Við hefðum verið ánægðir með eitt stig fyrirfram, en þeir sköpuðu sér lítið og við hefðum átt að skora annað og klára þetta,“ sagði Kristján.

**hjalti@frettabladid.is**




**FYRIRLIÐINN SKORAÐI** Kristján Hauksson kom Fram yfir gegn Keflavík í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## KEFLAVÍK 1-1 FRAM

*0-1 Kristján Hauksson (3.)*
*1-1 Magnús Sverrir Þorsteinsson (74.)*

Njarðtaksvöllurinn, áhorf.: 1.162
Dómari: Þóroddur Hjaltalín (6)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 8–13 (5–7) |
| Varin skot | Ómar 4 – Hannes 4 |
| Horn | 6–7 |
| Aukaspyrnur fengnar | 22–18 |
| Rangstöður | 2–2 |

**Keflavík 4–3–3** Ómar Jóhannsson 6 – Guðjón Árni Antoníusson 5, Alen Sutej 6, Bjarni Hólm Aðalsteinsson 6, Brynjar Örn Guðmundsson 4 – Andri Steinn Birgisson 4, Hólmar Örn Rúnarsson 5, Paul McShane 5 – Jóhann B. Guðmundsson 5 (28. Magnús Þ. Matthíasson 6), Magnús Sv. Þorsteinsson 6, Guðmundur Steinarsson 4.

**Fram 4–3–3** Hannes Þór Halldórsson 6 – Jón O. Ólafsson 6, ***Kristján Hauksson 7**, Hlynur Atli Magnússon 7 – Sam Tillen 6, Halldór H. Jónsson 6, Jón G. Eysteinsson 5 – Almarr Ormarsson 5, Tómas Leifsson 6 (80. Joe Tillen-), Hjálmar Þórarinss. 6 (80. Kristinn H. -), Ívar Björnss. 6 (80. Guðm. Magn. -).

Katrín Jónsdóttir spilar sinn 100. landsleik í kvöld:

# 16 ára landsliðsferill

**FÓTBOLTI** „Ég hef ekkert verið að telja,“ segir Katrín Jónsdóttir um þá staðreynd að hún spilar sinn 100. landsleik í kvöld. Katrín mun leiða íslenska liðið út á Laugardalsvöll gegn Króatíu.

Katrín spilaði sinn fyrsta landsleik árið 1994. „Maður man alltaf eftir fyrsta landsleiknum. Ég kom inn á í fimm mínútur í æfingaleik gegn Skotlandi úti. Ég var sextán ára og Logi Ólafsson var þjálfari.“

Jákvæðar breytingar á þessum sextán árum hennar í landsliðinu hafa verið margar. „Nokkrum árum áður en ég byrjaði þá átti maður engar fyrirmyndir af því það var ekkert landslið. Núna er þetta gjörbreytt, góðir leikmenn eru miklu fleiri og maður finnur allt í einu fyrir virðingu í landinu,“ segir Katrín.

„Umfjöllun hefur líka breyst. Ég man að það voru varla talin upp úrslit í fjölmiðlum þegar ég var úti í Noregi árin 1998-2003. Núna er fylgst miklu betur með.“

Katrín er annar Íslendingurinn sem nær 100 leikjum. Hinn er Rúnar Kristinsson sem spilaði 104 landsleiki.

„Ég hef ekki verið að pæla neitt í neinum metum eða slíku. Fyrir mér er það eina sem skiptir máli að taka þrjú stig í hverjum leik. Þessi 100. landsleikur truflar mig ekkert en ég hugsa kannski um þetta eftir leikinn. Það er auðvitað frábært að fá að vera hluti af landsliðinu svona lengi og mesti heiður sem mér hefur hlotnast,“ segir Katrín.

**- hþh**

## 99 landsleikir í tölum:



**8.419** Katrín hefur spilað í 8.419 mínútur með A-landsliðinu eða í tæpa sex sólarhringa samfellt.

**94** Hún hefur verið í byrjunarliðinu í öllum landsleikjum sínum nema fimm.

**88 af 99** Hún hefur spilað frá upphafi til enda í 88 landsleikjum sínum, verið sex sinnum skipt útaf og fimm sinnum hefur hún komið inn á sem varamaður.

**56** Katrín hefur spilað út um allan völl með landsliðinu þó að hún hafi spilað flesta leiki sem miðvörður eða 56 af 99. Hún hefur 23 verið á miðjunni, 15 sinnum í bakverðinum og 5 sinnum spilað sem sóknarmaður.

**39** Katrín hefur borið fyrirliðabandið í 39 leikjum, oftast allra landsliðskvenna. Hún hefur spilað 22 landsleiki með Ásthildi Helgadóttur sem fyrirliða og 16 leiki með Vöndu Sigurgeirsdóttur sem fyrirliða.

**35** Katrín hefur verið í sigurliði í 35 af 99 leikjum, þar hafa 19 sigranna komið í leikjum þar sem hún hefur borið fyrirliðabandið.

**25** Íslenska landsliðið hefur haldið 25 sinnum hreinu með Katrínu í vörninni annaðhvort sem miðvörður (23) eða bakvörður (2).

**17** Katrín hefur skorað 17 mörk fyrir A-landsliðið, þar af þrettán þegar hún lék sem miðvörður.

**8** Katrín hefur spilað flesta landsleiki á móti Portúgal eða átta en sjö leikja hennar hafa komið á móti stórveldum kvennafótboltans, Bandaríkjunum og Þýskalandi.





Fjör á Facebook
með nýjum 3G síma

Facebook, YouTube, Google, tölvupóstur og fréttamiðlarnir fylgja þér á ferðalaginu í gegnum stærsta 3G dreifikerfi landsins.

**Fáðu þér flottan 3G^L síma í næstu verslun.**

800 7000 • siminn.is

Það er **Síminn**

Coca-Cola FAGNAÐU Á ÞINN HÁTT!

## ÚRSLIT

### G-RIÐILL

| | |
|---|---|
| **Portúgal - Norður-Kórea** | **7-0** |
| 1-0 Raul Meireles (29.), 2-0 Simao (53.), 3-0 Hugo Almeida (56.), 4-0 Tiago (60.), 5-0 Liedson (81.), 6-0 Cristiano Ronaldo (87.), 7-0 Tiago (89.) | |

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Brasilía** | **2** | **2** | **0** | **0** | **5-2** | **6** |
| Portúgal | 2 | 1 | 1 | 0 | 7-0 | 4 |
| **Fílabeinsstr.** | **2** | **0** | **1** | **1** | **1-3** | **1** |
| Norður-Kórea | 2 | 0 | 0 | 2 | 1-9 | 0 |

### LOKAUMFERÐIN

| | |
|---|---|
| **Portúgal-Brasilía** | **föstudag kl. 14.00** |
| N-Kórea - Fílabeinsstr. | föstudag kl. 14.00 |

### H-RIÐILL

| | |
|---|---|
| **Chile - Sviss** | **1-0** |
| 1-0 Mark Gonzalez (75.). Rautt: Valon Behrami, Sviss (30.). | |
| **Spánn - Hondúras** | **2-0** |
| 1-0 David Villa (17.), 2-0 David Villa (51.). | |

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Chile** | **2** | **2** | **0** | **0** | **2-0** | **6** |
| Spánn | 2 | 1 | 0 | 1 | 2-1 | 3 |
| **Sviss** | **2** | **1** | **0** | **1** | **1-1** | **3** |
| Hondúras | 2 | 0 | 0 | 2 | 0-3 | 0 |

### LOKAUMFERÐIN

| | |
|---|---|
| **Chile - Spánn** | **föstudag kl. 18.30** |
| Sviss - Hondúras | föstudag kl. 18.30 |

### LEIKIR DAGSINS

| | |
|---|---|
| **A-riðill: Mexíkó - Úrúgvæ** | **kl. 14.00** |
| A-riðill: Frakkland - Suður-Afríka | kl. 14.00 |
| **B-riðill: Nígería - Suður-Kórea** | **kl. 18.30** |
| B-riðill: Grikkland - Argentína | kl. 18.30 |

Sviss tapaði en bætti met:

# Hélt hreinu í 558 mínútur

**FÓTBOLTI Svissneska landsliðið bætti í gær 20 ára gamalt met Ítalíu með því að halda marki sínu hreinu í 558 mínútur í úrslitakeppni HM í knattspyrnu.**

**Sviss tapaði þó fyrir Chile í gær, 1-0, en þegar Chile skoraði hafði Sviss ekki fengið á sig mark nema í vítaspyrnukeppni síðan í Bandaríkjunum árið 1994.**

**Svisslendingar héldu hreinu í fjórum leikjum á HM í Þýskalandi fyrir fjórum árum en töpuðu svo í 16-liða úrslitum fyrir Úkraínu í vítaspyrnukeppni.** - esá

Dramatíkin í kringum franska landsliðið heldur áfram á HM í Suður-Afríku:

# Heimskulegt af leikmönnum að sleppa æfingu

**FÓTBOLTI** Raymond Domenech, þjálfari franska landsliðsins, gagnrýndi í gær leikmenn fyrir að neita að æfa á sunnudag. Það gerðu þeir til að mótmæla því að Nicolas Anelka var rekinn heim vegna agabrots.

Domenech sagði á blaðamannafundi í gær að það hefði verið einkar heimskulegt af leikmönnum að sleppa æfingu í miðri heimsmeistarakeppni.

„Ég reyndi að sannfæra þá um að það sem þeir voru að gera væri afar heimskulegt," sagði Domenech í gær. Anelka var rekinn heim fyrir að rífast við Domenech í hálfleik þegar Frakkland tapaði fyrir Mexíkó í síðustu viku. Frakkar mæta Suður-Afríku í dag og þurfa að vinna þann leik og treysta á hagstæð úrslit í leik Úrúgvæ og Mexíkó til að komast áfram í 16-liða úrslitin.

Domenech vildi ekki útiloka að leikmenn myndu neita að spila í dag og þá gæti verið að fyrirliðabandið verði tekið af Patrice Evra.

„Ég hef ekki enn valið byrjunarliðið, við skulum sjá til á morgun," sagði Domenech í gær. Evra var hundóánægður með ákvörðunina um að senda Anelka heim en Domenech studdi hana.



**DOMENECH** Gagnrýndi leikmenn sína á blaðamannafundi í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

„Refsingin átti rétt á sér. Það getur enginn hagað sér á þennan hátt, hvorki í búningsklefanum né annars staðar."

Domenech sagði að nú væri nóg komið og leikmenn þyrftu að svara fyrir sig inni á vellinum. „Við höfum eytt mikilli orku í þetta. Það eru engin orð sem útskýra þetta. Ég vona að það sem gerist inni á vellinum verði aðalatriðið, ekki það sem gerist utan vallar." - esá

# Evrópumeistararnir komnir á flug

**Spánn sýndi sitt rétta andlit í gær er liðið vann 2-0 sigur á Hondúras. Sigurinn hefði þó auðveldlega getað orðið mun stærri en nógu stór til að tryggja að Spánverjum dugir sigur gegn Chile til að komast áfram.**

**FÓTBOLTI** Evrópumeistarar Spánverja eru komnir á beinu brautina á HM en þeir unnu í gær 2-0 sigur á Hondúras í gær. Fyrr um daginn vann Chile 1-0 sigur á Sviss í sama riðli og er nú á toppi riðilsins með fullt hús stiga.

David Villa skoraði bæði mörk Spánverja í gær og fékk fjölmörg tækifæri til að fullkomna þrennuna. Hann fékk meira að segja víti en brenndi af því. Þess fyrir utan sköpuðu Spánverjar sér ótal færi og hefðu með réttu átt að vinna mun stærri sigur.

Fyrra mark Torres var einkar glæsilegt en lék á tvo varnarmenn og var með þann þriðja í sér þegar hann afgreiddi knöttinn glæsilega í netið úr erfiðri stöðu. Síðara markið skoraði hann með skoti utan teigs en boltinn hafði reyndar viðkomu í varnarmanni Hondúras.

Fernando Torres var í byrjunarliði Spánverja í gær en tókst þó ekki að komast á blað. Cesc Fabregas kom inn á sem varamaður í síðari hálfleik og var nálægt því að skora eftir aðeins sextán sekúndur en skoti hans var bjargað á marklínu.

Sigur Chile á Sviss hefði sömuleiðis getað orðið stærri en Valon Behrami, leikmaður Sviss, fékk að líta rauða spjaldið strax á 30. mínútu leiksins fyrir að slá til Arturo Vidal. Þó var um litla snertingu að ræða en Vidal féll í grasið með miklum tilþrifum.

Svisslendingum tókst þó að halda hreinu næstu 45 mínúturnar eða svo þar til að Mark Gonzalez skoraði sigurmark Chile á 75. mínútu. Bæði lið fengu færi til að skora eftir þetta en tókst það þó ekki.

Alls fóru tíu spjöld á loft í leiknum í gær sem er það mesta á HM í Suður-Afríku til þessa.

Spánn tapaði fyrir Sviss í fyrstu umferð riðlakeppninnar og úrslit gærdagsins þýða að spennan verður mikil í lokaumferð riðilsins á föstudaginn. Þó svo að Chile er á toppi riðilsins nú gæti liðið hafnað í þriðja sæti ef það tapar fyrir Spáni og Sviss vinnur Hondúras. Sviss verður þó helst að vinna Hondúras með tveggja marka mun eða treysta á að Chile tapi með minnst tveggja marka mun til að komast áfram með Spánverjunum.

eirikur@frettabladid.is


**TVEGGJA MARKA MAÐUR** David Villa fagnar hér með Fernando Torres í leiknum í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

Portúgal slátraði Norður-Kóreu með sjö mörkum gegn engu og setti met:

# Sex mörk í seinni hálfleik

**FÓTBOLTI** Portúgal hrökk heldur betur í gang á HM í Suður-Afríku þegar það rótburstaði Norður-Kóreu 7-0 í gær. Eftir markalaust jafntefli gegn Fílabeinsströndinni í fyrstu umferðinni var sigurinn nauðsynlegur.

Liðið er nú svo gott sem komið áfram en það þarf að tapa stórt fyrir Brasilíu og Fílabeinsströndin að vinna Norður-Kóreu stórt til að það komist ekki áfram.

Staðan í hálfleik var þó aðeins 1-0 eftir mark frá Raul Meireles en allar flóðgáttir opnuðust svo í síðari hálfleik. Simao skoraði annað markið, þá Hugo Almeida, síðan Tiago sem skoraði einnig síðasta markið, Liedson og Cristiano Ronaldo. Sá síðastnefndi hafði heppnina með sér þegar hann skoraði en hann hafði reyndar átt fremur rólegan leik.

Ronaldo hafði ekki skorað í landsleik í tvö ár en markið hans í gær var skondið. Hann fékk boltann í bakið án þess að hafa hugmynd um það, þaðan skoppaði boltinn á hausinn á honum áður en Ronaldo ýtti honum yfir línuna. Ronaldo lagði upp fyrra mark Tiago og átti flott skot í slána. Hann var gagnrýndur mikið fyrir fyrsta leikinn í riðlinum þar sem hann sást nánast ekkert.

Carlos Queiroz þjálfari var í skýjunum með sigurinn, alla leið í sjöunda himni. „Þetta var frábær frammistaða. Mörkin voru góð og viðhorf leikmanna gott," sagði þjálfarinn en Portúgalar sóttu án afláts þrátt fyrir góða forystu.


**MÓDEL** Ronaldo skoraði loksins eftir tvö ár án marks í landsleik. Hann gat ekki stillt sig um að setja sig í módelstellingar í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

„Við þurftum að eiga svona leik, hann var vel spilaður að okkar hálfu og drífur okkur áfram. Sjálfstraustið okkar er enn meira núna. Þetta eru flott úrslit en það er annar leikur eftir og við höfum ekki unnið neitt ennþá," sagði Queiroz.

Þjálfari Norður-Kóreu, Kim Jong-hun tók sökina á sig. „Við féllum algjörlega saman og stöðvuðum ekki sóknir þeirra. Sem þjálfari tek ég á mig ábyrgðina, ég spilaði ekki rétta taktík og vegna þess fengum við á okkur mörg mörk. Portúgal sýndi meiri grimmd og ákveðni eftir því sem leið á leikinn og von okkar um að jafna leikinn leiddi til þess að leikur okkar féll algjörlega saman. Sóknarleikur okkar og vörnin virkuðu alls ekki saman," sagði Jong-hun.

Portúgal hefur aldrei skorað jafn mörg mörk í leik á HM. Fyrra metið var fimm mörk, einmitt í leik gegn Norður-Kóreu árið 1966. Þá var Norður-Kórea yfir 3-0 áður en Eusebio skoraði fjögur mörk í 5-3 sigri. - hþh

Egils Gull og Kareoke Sportbar kynna:
Allir helstu HM leikirnir í beinni á karoeke sportbar Frakkastíg 8.
Skemmtilegar uppákomur á milli leikja og Stór á 450 kr.
Egils gull og Kareoke sportbar - alvöru HM stemmning !




Veljum íslenskt
– okkar hagur!
Samtök iðnaðarins - www.si.is




# 80% málarameistara* velja útimálningu frá Málningu fyrir íslenskar aðstæður




**Notaðu sumarið til að búa í haginn fyrir veturinn.**

**Málning - fyrir íslenskar aðstæður**
Þeir sem til þekkja nota Steinvara 2000, Steinakrýl eða Steintex á steinsteypu og múrverk utanhúss. Íslenskt veðurfar, íslensk vöruþróun, íslensk útimálning.

*Hlutfall málarameistara sem eru í viðskiptum við Málningu hf.




**málning**
*-það segir sig sjálft-*

**Útsölustaðir Málningar:** BYKO Kópavogi • BYKO Granda • Litaver Grensásvegi • BYKO Kauptún • BYKO Akranesi • Axel Þórarinsson málarameistari, Borgarnesi Snæþvottur Grundarfirði • Virkið Hellissandi • Núpur byggingavöruverslun, Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • BYKO Akureyri Verslunin Valberg, Ólafsfirði • BYKO Reyðarfirði • G.T. VÍK Egilsstöðum • Verslunin PAN, Neskaupstað • BYKO Selfossi • Miðstöðin Vestmannaeyjum • BYKO Keflavík.

ÍSLENSKA SIA.IS MAL 50048 05/10



> Robin Williams

„Það skiptir engu máli hvað aðrir segja þér, orð og hugmyndir geta breytt heiminum.“

Robin Williams fer með hlutverk vísindamanns sem er afar viðutan í gamanmyndinni Flubber. Myndin er á Stöð 2 bíó í kvöld kl. 18.00.

# dagskrá

VIÐ TÆKIÐ ROALD EYVINDSSON ER EKKI PAR HRIFINN AF KYNSOLTNUM MIÐALDRA KONUM

## Fjallaljón ganga laus í Hollywood

Hið framandi hefur alltaf heillað mannskepnuna eins og sannast meðal annars á því hvernig almenningur flykktist á viðundrasýningar fyrr á öldum. Þeir voru fljótir á kveikja á perunni í Hollywood enda hafa þaðan streymt kvikmyndir um alls kyns furðuskepnur í gegnum tíðina: geimverur, risaeðlur, vampírur og síðast fjallaljón sem njóta vaxandi vinsælda í sjónvarpi og kvikmyndahúsum um allan heim.

Með fjallaljóni, eða cougar eins og það kallast á frummálinu, er hér átt við eldri konur sem eltast við sér yngri menn. Nýleg dæmi um kvikmyndir þar sem söguþráðurinn beinlínis gengur út á slíka eltingarleiki eru Rebound, Chéri og Sex and the City 2, að ógleymdum sjónvarpsþáttunum Cougar Town með Courtney Cox, sem ganga einna lengst í því að gera út á hina kynsoltnu miðaldra konu.

Skrítið, en ekki man ég sérstaklega til þess að gerðar hafi verið kvikmyndir eða sjónvarpsþættir um miðaldra karla sem sitja eins og rándýr fyrir ungum konum. Það þykir víst ekki sæta tíðindum að gamalmenni eins og Harrison Ford eða Clint Eastwood breiði úr sér í rúminu berir að ofan, líkastir óstraujuðum skyrtum, með eina þrítuga eða jafnvel tvítuga í takinu. Hvað þá að ljótir og treggáfaðir menn næli sér fyrirhafnarlaust í gáfaðar og gullfallegar konur eins og heimilisfeðurnir í King of Queens og According to Jim.



Á yfirborðinu virðast sjónvarpsþættir eins og Cougar Town gagnrýna það tvöfalda siðferði sem viðgengst í Hollywood og víðar, eins og sést á því hvernig persóna Cox finnur að stóðlífi karlkyns nágranna síns með sér yngri konum. Sú gagnrýni hlýtur hins vegar að falla um sjálfa sig þegar stöðugt er dregið dár að tilraunum aðalpersónunnar til að gera sig aðlaðandi í augum yngri karla, auk þess sem sjálfur titill þáttanna upphefur þá ímynd af konum sem einmitt er verið að finna að og grefur þar með undan gagnrýninni.

## ÞRIÐJUDAGUR



▶ **18.00** Flubber STÖÐ2 BÍÓ



▶ **20.15** Ally McBeal STÖÐ2 EXTRA



▶ **21.00** Eureka SKJÁREINN



▶ **21.05** Ísland- Króatía bein úts. SJÓNVARPIÐ



▶ **21.50** Bones STÖÐ2

### SJÓNVARPIÐ

**12.45 Íslenski boltinn** (e)
**13.30 HM-stofa** Hitað upp fyrir leik á HM í fótbolta.
**14.00 HM í fótbolta** Frakkland - Suður-Afríka, bein útsending frá leik í úrslitakeppni HM í fótbolta í Suður-Afríku.
**16.05 Jimmy Tvískór** (10:13)
**16.30 Sammi** (11:52)
**16.40 Múmínálfarnir**
**17.05 Táknmálsfréttir**
**17.15 HM-stofa** Hitað upp fyrir leik á HM í fótbolta.
**18.00 Fréttir**
**18.20 HM í fótbolta** Grikkland - Argentína, bein útsending frá leik í úrslitakeppni HM í fótbolta í Suður-Afríku.
**20.30 HM-kvöld** Í þættinum er fjallað um leiki dagsins á HM í fótbolta.
▶**21.05 Landsleikur í fótbolta** Bein útsending frá seinni hálfleik leiks kvennaliða Íslands og Króatíu í undankeppni HM í fótbolta 2011.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Taggart – Traust** Skoskir sakamálaþættir þar sem rannsóknarlögreglumenn í Glasgow fást við snúið sakamál.
**23.10 Popppunktur (e)**
**00.05 HM-kvöld (e)**
**00.30 HM í fótbolta** Mexíkó - Úrúgvæ, upptaka af leik í úrslitakeppni HM í fótbolta í Suður-Afríku.
**02.20 Fréttir (e)**
**02.30 Dagskrárlok**

### 2 BÍÓ

**06.30 Leonard Cohen: I'm Your Man**
**08.10 Employee of the Month**
**10.00 Fool's Gold**
**12.00 Flubber**
**14.00 Employee of the Month**
**16.00 Fool's Gold**
▶**18.00 Flubber**
**20.00 Leonard Cohen: I'm Your Man**
**22.00 Paradise Now**
**00.00 Black Snake Moan**
**02.00 Ice Harvest**
**04.00 Paradise Now**
**06.00 The Ex**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Strumparnir, Bratz
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Einu sinni var** (17:22)
**10.55 Numbers** (19:23)
**11.45 Wipeout** (6:11)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Worst Week** (7:16)
**13.30 Sálin - hér er draumurinn**
**15.00 Sjáðu**
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (3:21)
**18.23 Veður** Markaðurinn
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.09 Veður**
**19.15 Two and a Half Men** (7:24)
**19.40 How I Met Your Mother** (5:22)
**20.00 How I Met Your Mother** (18:24)
**20.25 Modern Family** (21:24) Frábær gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna.
**20.50 Cougar Town** (2:24) Gamanþáttur í anda Sex and the City með Courtney Cox úr Friends í hlutverki kynþokkafullrar einstæðrar móður unglingsdrengs og er hún afar örugg með sig.
▶**21.15 Bones** (19:22) Fimmta serían af spennuþættinum Bones þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Brennan, réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum.
**22.00 Curb Your Enthusiasm** (8:10) Larry David snýr nú aftur í sjöundu þáttaröðinni, studdur stjörnunum úr Seinfeld, þeim Jerry, Kramer, Elaine og George.
**22.30 Daily Show. Global Edition**
**22.55 The Reaping** Spennandi hrollvekja.
**00.35 Lemming** Frönsk kvikmynd um ungan verkfræðing sem horfir upp á það að andi annarrar konu yfirtekur sál eiginkonu sinnar.
**02.45 When the Last Sword Is Drawn** Mögnuð japönsk bardagamynd.
**05.05 Fréttir og Ísland í dag** (e)

### 2 SPORT besta sætið

**07.00 Pepsí-deildin 2010** Útsending frá leik í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.
**18.00 Pepsí-deildin 2010** Útsending frá leik í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.
**19.50 Pepsí-mörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum Pepsí-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport, þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa, verða að sjálfsögðu á sínum stað. Allir leikirnir, öll mörkin og allt það helsta krufið til mergjar.
**20.50 Arnold Classic** Sýnt frá Arnold Classic-mótinu en á þessu móti mæta flestir af bestu og sterkustu líkamsræktarköppum veraldar enda Arnold Classic eitt stærsta mót sinnar tegundar í heiminum í dag.
**21.20 Main Event: Day 6** Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
**22.10 WGC - CA Championship** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni í golfi. Öll mót ársins í PGA-mótaröðinni krufin til mergjar.

### 2 SPORT 2 enski boltinn

**07.00 4 4 2**
**07.45 4 4 2**
**08.30 4 4 2**
**09.15 Portúgal - N-Kórea** HM 2010
**11.10 Spánn - Hondúras** HM 2010
**13.00 4 4 2**
**13.45 Mexíkó - Úrúgvæ** Bein útsending frá leik Mexíkó og Úrúgvæ á HM 2010
**16.00 Frakkland - S-Afríka** HM 2010
**18.15 Nígería - S-Kórea** HM 2010
**20.30 Maradona** Að þessu sinni verður fjallað um Diego Maradona sem er talinn besti knattspyrnumaður allra tíma að margra mati.
**21.00 4 4 2**
**21.45 Grikkland - Argentína** HM 2010
**23.40 Frakkland - S-Afríka** HM 2010
**01.35 Mexíkó - Úrúgvæ** HM 2010
**03.30 Nígería - S-Kórea** HM 2010
**05.25 4 4 2**

### SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**17.00 Rachael Ray**
**17.50 Dr. Phil**
**18.35 Girlfriends** (6:22) (e)
**18.55 H2O** (11:26)
**19.20 America's Funniest Home Videos** (12:46)
**19.45 King of Queens** (13:22)
**20.10 Survivor** (5:16) Bandarísk raunveruleikasería þar sem venjulegt fólk þarf að þrauka í óblíðri náttúru og keppa innbyrðis þar til aðeins einn stendur eftir sem sigurvegari.
▶**21.00 Eureka** (6:18) Bandarísk þáttaröð sem gerist í litlum bæ þar sem helstu snillingum heims hefur verið safnað saman og allt getur gerst.
**21.50 In Plain Sight** (1:15) Sakamálasería um hörkukvendi sem vinnur fyrir bandarísku vitnaverndina. Mary Shannon er tilbúin til að leggja ýmislegt á sig fyrir fólkið sem hún á að vernda. En það eru ekki allir tilbúnir að slíta tengslin við fyrra líf og setja þannig sjálfa sig og sína nánustu í bráða hættu.
**22.35 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.20 CSI** (17:23) (e)
**00.10 King of Queens** (13:22) (e)
**00.35 Pepsi MAX tónlis**

### ÍNN

**20.00 Hrafnaþing**
**20.30 Hrafnaþing**
**21.00 Græðlingur**
**21.30 Tryggvi Þór á Alþingi**
**22.00 Hrafnaþing**
**22.30 Hrafnaþing**
**23.00 Græðlingur**
**23.30 Tryggvi Þór á Alþingi**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.55**

### Cougar Town



Gamanþáttur í anda Sex and the City með Courtney Cox úr Friends í hlutverki kynþokkafullrar en afar óöruggrar einstæðrar móður unglingsdrengs. Hana langar að hitta draumaprinsinn en á erfitt með að finna réttu leiðina til þess enda að hennar mati engan veginn samkeppnishæf í stóra stefnumótaleiknum.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Modern Family
**Stöð 2 kl. 20.35**



Frábær gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna. Leiðir þessara fjölskyldna liggja saman og í hverjum þætti lenda þær í fyndnum aðstæðum sem samt eru svo nálægt því sem við sjálf þekkjum allt of vel.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Tónlist fólksins
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Í átt að regnboga
**14.03** Tónar að nóni
**15.03** Útvarpssagan: Út að stela hestum
**15.25** Þriðjudagsdjass
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Á sumarvegi
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.20** Auglýsingar
**18.22** Syrpan
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Stefnumót
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Í heyranda hljóði
**21.30** Kvöldsagan: Konan í dalnum og dæturnar sjö
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Fnykur
**23.10** Sumar raddir
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** The Doctors eru glænýir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.
**▶20.15 Ally McBeal** (12:22)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.45 Glee** (16.22) Frábær gamanþáttaröð sem gerist í menntaskóla þar sem metnaðarfullur kennari og fyrrverandi nemandi skólans ákveður að setja aftur saman sönghóp skólans sem gerði einmitt stormandi lukku í sönghópakeppnum á árum áður. Þetta eru fyndnir þættir þar sem steríótýpur menntaskólalífsins fá rækilega á baukinn og allir bresta í söng.
**22.30 So You Think You Can Dance** (2:23) Stærsta danskeppni í heimi snýr aftur sjöunda sinn og hefur þátttakan aldrei verið meiri og aldrei fyrr hafa jafn margir hæfileikaríkir dansarar skráð sig.
**23.20 Supernatural** (16:16)
**00.00 That Mitchell and Webb Look** (2:6) Skemmtilegur grínþáttur uppfullur af frábærum sketsum með þeim félögum David Mitchell og Robert Webb. Þeir slógu í gegn í Peep Show og í þessum þætti fara þeir á kostum og bregða sér í alla kvikinda líki.
**00.30 The Doctors**
**01.15 Ally McBeal** (12:22)
**02.00 Sjáðu**
**02.30 Fréttir Stöðvar 2**
**03.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.15** Blackadder Goes Forth **12.45** My Hero **13.15** My Hero **13.45** Life of Riley **14.15** Life of Riley **14.40** The Weakest Link **15.30** The Inspector Lynley Mysteries **16.15** EastEnders **16.45** The Weakest Link **17.30** Fawlty Towers **18.00** Fawlty Towers **18.30** Hustle **19.20** Dalziel and Pascoe **20.15** Fawlty Towers **20.45** Doctor Who **21.30** Fawlty Towers **22.00** Dalziel and Pascoe **22.55** Benidorm **23.15** Benidorm **23.40** Hustle

## DR 1

**12.00** Hvor er vi landet? **12.30** Mission Ledelse **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** That's So Raven **14.30** Leon **14.35** Splint & Co **15.00** F for Får **15.05** Landet for længe siden **15.30** Lille Nørd **16.00** Kær på tur **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** VM 2010 studiet **17.55** 3: Halvleg ved Krabbe & Mølby **18.00** Spise med Price **18.30** Drommehaver **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Garano &Lamont: I farezonen **21.30** Når krisen kradser - sat på gaden **22.20** Heksemissionen med Mascha Vang **22.30** Boogie Mix

## NRK 1

**12.20** Par i hjerter **13.10** Dallas **14.00** Derrick **15.00** Folk **15.30** Lisa goes to Hollywood **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Kokkekamp **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Grønn glede **18.00** Bybanen i Bergen - minutt for minutt **18.30** Program ikke fastsatt **18.50** Extra-trekning **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Humor - Nord-Koreas svakeste punkt **21.00** Kveldsnytt **21.15** Dalziel og Pascoe **22.55** Hitlåtens historie **23.25** Svisj gull

## SVT 1

**12.35** Gomorron Sverige **13.25** Rapport **13.30** Fotbolls-VM **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Engelska Antikrundan **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Kören **19.00** Harry och Charles **19.50** Unga solister i Wien **20.30** Fotbolls-VM: Höjdpunkter **21.15** Stand-up med John Oliver **22.15** Fotbolls-VM



## GOTT Á GRILLIÐ



*„Best á grillið er fiski-taco sem kemur upphaflega frá Baja í Mexíkó. Þá marinera ég þorsk-hnakka í hvítlauk, kóríander, chili og sítrónu. Svo hitar maður taco-skeljarnar í ofni og með þessu ber ég fram sérstakar sósur sem ég bý til.“*

Kristín Soffía Jónsdóttir, meistaranemi í umhverfisverkfræði.

# Suðurafríska suðið í íslenska boltann

Vuvuzela-lúðrarnir sem hafa orðið heimsfrægir á HM í Suður-Afríku eru nú komnir til landsins.

Á fótboltaleikjum helgarinnar sáust margir skarta þessum eins metra langa lúðri úr plasti en þeir voru til sölu í sölubásum í miðbænum á 17. júní. Mikil umræða hefur átt sér stað um hvort banna eigi hljóðfærið á leikjum heimsmeistaramótsins en leikmenn, þjálfarar og áhorfendur hafa kvartað yfir að heyra ekkert annað en suðið úr lúðrunum. En hvert er viðhorf íslenska knattspyrnusambandsins (KSÍ) til lúðranna og suðsins sem þeim fylgir?

„Það þarf víst svo mikinn kraft til að blása og fá hljóð úr þessum lúðrum að ég er ekki viss um að Íslendingar hafi þann kraft í sér,“ segir Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, og hlær. Hann hefur orðið var við þetta en vill ekki meina að nein umræða um bann á hljóðfærinu hafi átt sér stað innan KSÍ. „Það er öll notkun hljóðfæra á fótboltaleikjum leyfileg og þetta er svo nýbyrjað hér að við höfum ekkert rætt um það enn þá.“

Geir segir að engin afstaða verði tekin til vuvuzela-lúðrana fyrr en meiri reynsla er komin á þá. „Persónulega finnst mér þetta suð alveg hræðilega leiðinlegt og myndi frekar kjósa að hlusta á eitthvað annað.“ **- áp**



**GEIR ÞORSTEINSSON** Formaður KSÍ segist ekki ætla að banna lúðrana en honum persónulega finnst suðið ekki skemmtilegt.

**VUVUZELA-LÚÐRARNIR** Lúðrarnir frægu eru komnir til landsins og byrjaðir að hljóma á fótboltaleikjum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP PHOTO

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** gáski, **6.** fíngerð líkamshár, **8.** sjáðu, **9.** sóða, **11.** í röð, **12.** fást við, **14.** þúsundasti hluti, **16.** í röð, **17.** fiskur, **18.** til viðbótar, **20.** í röð, **21.** velta.

**LÓÐRÉTT**
**1.** áfall, **3.** í röð, **4.** smjaðra, **5.** hlemmur, **7.** villtur, **10.** kk nafn, **13.** hamfletta, **15.** skál, **16.** húðpoki, **19.** núna.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** ærsl, **6.** ló, **8.** sko, **9.** ata, **11.** jk, **12.** garfa, **14.** millí, **16.** hi, **17.** áll, **18.** enn, **20.** aá, **21.** snúa.
**LÓÐRÉTT: 1.** slag, **3.** rs, **4.** skjalla, **5.** lok, **7.** ótaminn, **10.** ari, **13.** flá, **15.** ílát, **16.** hes, **19.** nú.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Daniel Westling prins af Vestgotalandi.
2. Jón veiddi sex punda hæng.
3. Ari Kristinn Jónsson.

vísir.is
„...ég sá það á vísi“



**MIKILL FJÖLDI Á BÍLADÖGUM** Björgvin er óánægður með að það vanti alla jákvæða umfjöllun í fjölmiðlum um Bíladaga.

DANÍEL GUÐJÓNSSON: ÖKUNÍÐINGAR VANDAMÁLIÐ – EKKI HÁTÍÐIN

# Talsmaður Bíladaga er óánægður með umfjöllun

„Miðað við allan þann fjölda sem var saman kominn þykir mér þetta hafa farið vel fram. Þar af leiðandi þykir mér að það megi líka benda á jákvæðu hliðina,“ segir Björgvin Ólafsson, talsmaður Bíladaga.

Björgvin er í stjórn Bílaklúbbs Akureyrar, sem sér um hina árlegu Bíladaga á Akureyri. Hátíðin fór fram um helgina og Björgvin er óánægður með umfjöllun um hana sem hann segir hafa verið afar neikvæða. Hann gagnrýnir einnig að fótboltaleikur í 1. deild hafi fengið meiri umfjöllun en fjölsóttar bílakeppnir. „Um 7.500 manns horfðu á götuspyrnuna og um 5.000 manns á Burn out-keppnina á Akureyrarvelli,“ segir hann. „Þess má geta að rétt áður voru um 200 manns þar á leik KA - Fjölnis. Það er því augljóst að það er mikið gert upp á milli áhugamála í fjölmiðlum.“

Björgvin segir bílaklúbbinn vera að koma sér upp aðstöðu fyrir ofan bæinn. Keppnir í miðbæ Akureyrar heyri því sögunni til.

Tíðar fréttir af áfengisneyslu, ólátum og glæfraakstri bárust frá Akureyri um helgina, en Daníel Guðjónsson, yfirlögregluþjónn á Akureyri, segir að lögreglan hafi í raun ekkert nema ágætt að segja um Bíladaga. Miðað við fjöldann sem mætti hafi hátíðin farið ágætlega fram.

**20** þúsund sóttu Bíladaga á Akureyri í síðustu viku.
**HEIMILD: BÍLAKL. AKUREYRAR**

„Það er í raun ekki hátíðin sem slík sem fer fyrir brjóstið á heimamönnum heldur er það framkoma ökumanna á götum bæjarins,“ segir Daníel. „Þeir eru í kappakstri og spyrnu í almennri umferð. Auk þess sem þeir spóla og mynda hávaða á bílunum sínum langt fram eftir nóttu.“

Daníel segir að ólæti og ölvun fylgi öllum hátíðum. Hann telur það miður að hátíðin fái slæma umfjöllun vegna þeirra fáu sem eru að skemmta sér um nætur með tilheyrandi hávaða og þeirra sem haga sér ekki almennilega í umferðinni. „Það er bara þannig að ef fólk setur upp hátíðir þá er þetta gjaldið sem fylgir,“ segir hann.

„Það er sama vandamál við allar hátíðir. Það er alltaf lítill hópur sem eyðileggur allt það jákvæða sem hátíðirnar hafa í för með sér.“

**linda@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Fótboltakappinn **Bjarni Guðjónsson** úr KR útskrifaðist sem viðskiptafræðingur úr Háskólanum í Reykjavík ásamt Önnu Maríu, eiginkonu sinni, í síðustu viku. Þau héldu af því tilefni heljarinnar veislu þar sem fótboltamenn voru nokkuð áberandi. Rúnar Kristinsson og Logi Ólafsson mættu að sjálfsögðu á svæðið, landsliðsmaðurinn Brynjar Björn Gunnarsson, fyrrverandi félagi Bjarna úr Stoke, leit einnig inn eins og hinn ungi og efnilegi Björn Bergmann Sigurðsson sem leikur með Lillestrøm í Noregi …



Leynigestur kom í boðið vopnaður gítar og nögl. Hann var enginn annar en **Ingó Veðurguð**, sem eins og kunnugt er leikur fótbolta með Selfossi og skoraði mark gegn KR í Frostaskjóli fyrr í sumar. Selfoss sigraði þann leik 2-1, en þrátt fyrir það tókst Ingó að bræða KR-ingana. Þeir fögnuðu sérstaklega mikið þegar hann tók sjálft KR-lagið, en nú er spurning hvað Guðmundi Benediktssyni og félögum í liði Selfoss finnst um það.



Athygli vakti þegar **Óskar Hrafn Þorvaldsson** sagði upp störfum sem fréttastjóri Stöðvar 2 í maí. Óskar er talinn á meðal öflugri fréttamanna og samstarfsfólk hvatti hann til að endurskoða ákvörðun sína. Óskar haggaðist ekki og er byrjaður á nýju verkefni. Hann vaknar nú eldsnemma á morgnana, sest við tölvu og hamrar inn skáldsögu. Ekkert fæst upp úr honum í sambandi við söguna, en kunnugir segja að um glæpasögu sé að ræða. **- afb**



KYNNING
í dag þriðjudag kl. 13-18
20% afsláttur til 30. júní
Gallexier®
Linar hratt og auðveldlega meltingaróþægindi sem geta orsakast af þungum og fiturikum mat.
Gallexier er alkahólfrí jurtablanda sem má taka fyrir eða eftir máltíð.



Heilsuver
Opið:
mán - fös 8.30-18
laugardaga 10-14
Suðurlandsbraut 22 | www.heilsuver.is

# Fetaði í fótspor stóru systur

Sumarstúlka Vestmannaeyja var valin í Höllinni í Eyjum síðasta laugardagskvöld og var sigurvegari keppninnar hin átján ára gamla Elín Sólborg Eyjólfsdóttir. Þetta er í tuttugasta og fjórða skipti sem keppnin er haldin, en hún fer fram hvert sumar.

Elín Sólborg stundar nám á náttúrufræðibraut við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum auk þess sem hún er formaður nemendaráðs skólans. Hún segist hafa ákveðið að taka þátt í keppninni þar sem systir hennar var kosin Sumarstúlkan árið 1999. „Ég var beðin um að taka þátt og ég ákvað að slá til því systir mín vann árið 1999 og mér fannst skemmtileg tilhugsun að feta í fótspor hennar. Margar vinkonur mínar tóku einnig þátt í keppninni í ár þannig að það var aldrei neinn mórall á milli okkar sem kepptu,“ útskýrir Elín. Hún segir keppnina ekki vera hefðbundna fegurðarsamkeppni heldur sé Sumarstúlkan valin út frá persónuleika og framkomu. „Valið er meira byggt á hvernig stúlkurnar bera sig og persónuleika þeirra. Þetta er heldur ekki forval fyrir Ungfrú Ísland og ég efast stórlega um að leið mín liggi í þá keppni. Sigurinn kom þó skemmtilega á óvart því mér fannst hæpið að við systurnar myndum báðar vinna þennan titil,“ segir hún og hlær.

Aðspurð segist Elín að sjálfsögðu ætla að taka þátt í Þjóðhátíð í ár eins og sönnum Eyjamanni sæmir og bætir við að fjölskylda hennar hafi aldrei misst af Þjóðhátíð í öll þau ár sem hún hefur verið haldin. Hvað framtíðina varðar segist Elín hafa mikinn áhuga á að stunda nám í læknisfræði. „Ég hef mikinn áhuga á öllu náttúrufræði tengdu og langar að flytja til Kaupmannahafnar eftir stúdentsprófið og sjá hvað hún hefur upp á að bjóða. Það er svo aldrei að vita nema maður fari í nám þar.“ **- sm**



**SUMARSTÚLKAN** Elín Sólborg Eyjólfsdóttir var valin Sumarstúlka Vestmannaeyja árið 2010. Systir hennar vann sama titil árið 1999. MYND/ÓSKAR PÉTUR FRIÐRIKSSON

www.lyfja.is

LYFJA
- Lifið heil






# Ómissandi í gönguferðina

**Hvort sem þú ætlar í langa og stranga hálendisferð** eða í skreppitúr á Esjuna þá er upplagt að byrja leiðangurinn í Lyfju. Hjá okkur færðu göngutösku sem er sérstaklega útbúin fyrir göngugarpa af öllu tagi. Hentar vel hvort sem er til að festa í beltið eða í bakpokann. Við höfum einnig allt sem þarf til að fylla á sjúkrakassann í bílnum eða bústaðnum. Njóttu öryggis á ferðum þínum í allt sumar.

ÍSLENSKA SIA.IS LYF 50572 06/10

## AstaZan

Eykur styrk og úthald vöðva og þið verðið fallega brún í sól.

AstaZan frá Lifestream hefur slegið í gegn og það virkar fljótt. Hefur reynst vel fyrir göngu-og íþróttafólk. Kemur í veg fyrir eða dregur úr strengjum, eymslum og vöðvabólgu. Verndar húðina í sól og hún verður fljótt fallega brún. Gott fyrir fólk með viðkvæma húð og sólarexem.
– 1 hylki á dag virkar strax!




## Íbúfen




**Íbúfen 400 mg**
30 stk.

**566 kr.**

## Gehwol fótakrem




**Gehwol Footcream og Gehwol Extra**
Frábær fótakrem fyrir göngufólk, skokkara og hlaupara.
Hlífa fótum undir álagi.

## Sore No More

„Sore No More" náttúrulega kæligelið í nýjum hentugum „roll on" umbúðum. Upplagt til að bera á þreytta og auma vöðva eftir langar gönguferðir til að minnka harðsperrur og vöðvaverki.




## Solidea sokkar




**Það nýjasta frá Solidea**
Energy og Power Unisex sokkar eru sérstaklega hannaðir til að jafna blóðflæði og auka vellíðan í fótum. Frábærir í fjallgönguna, hlaupið og göngutúrinn í sumar.

## Sorbact plástur

**Græn sáralækning**
Sorbact-plástur eyðir skjótt sýklum og hindrar sýkingu.
Þolir íþróttir, leik, sturtuböð og sund.
Situr vel og örugglega, engir krumpaðir kantar.
Ofnæmisfrír límflötur.

Sorbact®



# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060







## FRÉTTIR AF FÓLKI



### Debbie Harry og HM

**Þorsteinn J.** og spekingarnir í HM-stofunni hafa staðið sig vel í umfjöllun sinni um þennan stærsta íþróttaviðburð allra tíma. Tónlistarval Þorsteins vekur jafnan mikla athygli en aðallagið að þessu er Union City Blue með Blondie. Lagið er frá 1979 og hefur aldrei toppað neina lista. Þorsteinn heyrði lagið fyrir tilviljun á Kaffismiðjunni og fannst tilkomumikil rödd Debbie Harry passa fullkomlega við þessa tignarlegu íþrótt – sem var reyndar ekkert svo tignarleg í enda leiks Brasilíu og Fílabeinsstrandarinnar.



### Ekkert grín

Annars er stemningin yfirleitt góð hjá Þorsteini og félögum, en þeir slá oft á létta strengi í beinni útsendingu. Það eru samt ekki allir til í að taka gríninu eins og Þorsteinn fékk að kynnast þegar hann bendlaði spekinginn **Hjörvar Hafliðason** ranglega við lagaval í innslagi um góða sigra suðuramerísku liðanna. Þar var spilaður tangó sem Hjörvar vildi alls ekki kannast við að hafa valið og var hann fljótur að skipta um umræðuefni.

**- afb**



## Mest lesið VISIR.IS

1. Pissuðu á Stjórnarráðið á þjóðhátíðardaginn
2. Hlaut þyngri dóm fyrir að berja Guðmund í Byrginu
3. Burberry-fyrirsæta stökk út um glugga í Míanó
4. Mesta verðstríð í sjö ár
5. Margir fyrrum hermenn í Danmörku búa í skógum


Fréttablaðið er með **180%** meiri lestur en Morgunblaðið.




Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í febrúar til apríl 2010.


















# TAKK FYRIR DAGINN!

Frábær þátttaka var í **Sjóvá Kvennahlaupi ÍSÍ** á laugardaginn. Þátttakendur voru um 15.500 á 94 stöðum um allt land og á 18 stöðum erlendis.

Við þökkum öllum sem tóku þátt.

**Sjáumst hressar á næsta ári!**

**Skoðið myndirnar á sjova.is**

SJÓVÁ

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 10-0524